FRÉTTABLAÐIÐ
200. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. ÁGÚST 2019

## Einn kann á Excel-skjalið

**REYKJAVÍK** Mismunandi skilningur er á milli skólastjórnenda og fjárveitingarvaldsins hjá Reykjavíkurborg um hversu mikið fjármagn þarf til að reka grunnskóla í borginni. Lítið svigrúm er til hagræðingar innan skólanna og því er helst lagt til að sameina skóla, er þá nefnt sérstaklega að loka Korpuskóla. Þetta kemur fram í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, IE, um rekstur grunnskóla sem lögð verður fram á fundi borgarráðs í dag.

Í skýrslunni er vikið að sérstöku Excel-vinnuskjali sem hefur verið notað í nær tuttugu ár til að úthluta fjármunum. Er talað um þetta skjal sem „plástrað“ og „úrelt“.

„Aðstæður grunnskólanna eru mismunandi að mörgu leyti og það er tæpast hægt að ákvarða fjárhagsramma í Excel-skjali án þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna,“ segir í skýrslunni. Aðeins einn starfsmaður kann að vinna með skjalið, mun það hafa valdið vandræðum þegar viðkomandi hafi forfallast við úthlutun fjármuna. **– ab** / **sjá síðu 4**

## Háskaleikur að skapa nýjan freistnivanda

**MARKAÐURINN** Viðskiptabankarnir telja mikilvægt að fyrirhuguð lagasetning um stöðutöku kerfislega mikilvægra banka nái einnig yfir Kviku banka. Kvika skeri sig úr hvað varðar umfang fjárfestingarbankastarfsemi og bankinn sé í mikilli sókn á innlánamarkaði. Þá sýni reynslan að gríðarlegt tjón geti hlotist af fjármálafyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg eins og af Sparisjóðnum í Keflavík.



**Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.**

„Það er óhætt að fullyrða að það sé háskaleikur að skapa slíkt ójafnvægi á innlendum fjármálamarkaði, skekkja samkeppnisstöðu og skapa um leið nýjan freistnivanda. Slíkt fyrirkomulag á sér enga fyrirmynd erlendis frá,“ segir í umsögn Arion banka um áformin en í þeim felast takmarkanir á stöðutöku bankanna. Kvika fellur ekki undir lögin.

Íslandsbanki tekur í sama streng:. „Áformaðar takmarkanir myndu ekki taka til þess viðskiptabanka sem í dag höfðar sérstaklega til neytenda með tilboðum um háa innlánsvexti og er jafnframt sá banki sem hefur hlutfallslega umfangsmestu fjárfestingarbankastarfsemina. Gæti falist í því dulin áhætta fyrir ríkissjóð?“ **– þfh** / **sjá síðu 8**



# Nærandi náttúra

Græn svæði eru eins og bólusetning fyrir framtíðina og hafa mikil áhrif á heilsu. Elliðaárdalurinn og Heiðmörk eru lungu fólksins sem býr á höfuðborgarsvæðinu en mikilvægt er að hafa líka græn svæði í nærumhverfinu. Vanda þarf til verka við þéttingu byggðar. ➜ 10

**55%**

minni hætta er á því að börn sem alast upp í grænu umhverfi þrói með sér ýmsar geðraskanir síðar á lífsleiðinni.



## Veður



Norðaustan 8-13 um vestanvert landið í dag, annars hægari. Skúrir og hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnanlands. SJÁ SÍÐU 26



Ráðgjafinn hefur aðsetur í forsætisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ráðgjafi um upplýsingarétt tekur til starfa

**STJÓRNSÝSLA** Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings mun taka til starfa 1. september næstkomandi. Er þessi ráðstöfun í samræmi við breytingar sem gerðar voru á upplýsingalögum í júnímánuði síðastliðnum.

Oddur Þorri Viðarsson, lögfræðingur á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu, mun sinna starfinu en hann hefur jafnframt verið ritari úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Við því starfi tekur Ásthildur Valtýsdóttir lögfræðingur sem ráðin hefur verið til ráðuneytisins.

Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings mun hafa starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu en vera í ráðgjöf sinni óháður fyrirmælum frá ráðherra og öðrum. Meðal verkefna ráðgjafans eru leiðbeiningar til almennings, félagasamtaka, fjölmiðla, lögaðila og annarra sem leita eftir aðgangi að gögnum.

Þá mun ráðgjafinn fylgjast með upplýsingagjöf opinberra aðila til almennings og gera tillögur til úrbóta þar sem við á. Fram kemur í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu að markmið aðgerðanna sé að styrkja upplýsingarétt almennings og úrskurðarnefnd um upplýsingamál. – sar

## Mörg þúsund orð



Myndir geta sagt meira en þúsund orð en þessi frá þinginu í gær er ígildi hundraðþúsundmilljónskrilljón orða og segir allt sem segja þarf um þriðja orkupakkann. Svipurinn á Höllu Signýju Kristjánsdóttur, Halldóru Mogensen og Jóni Steindóri Valdimarssyni lýsir undrun, furðu og þau virðast ekki vita hvort þau eigi að hlæja eða gráta. Willum Þór Þórsson er svo greinilega bugaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Davíð í Salnum

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, mun halda erindi í Salnum í Kópavogi föstudaginn 6. september næstkomandi.

Um er að ræða ráðstefnu á vegum Students for Liberty og American Institute for Economic Research. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er Daniel J. Hannan, Evrópuþingmaður Breta, en hann lék stórt hlutverk í kosningabaráttunni um að koma Bretum úr ESB.

Aðrir ræðumenn verða Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, og Edward Stringham hagfræðingur.



Davíð hefur lítið látið fara fyrir sér í opinberri stjórnmálaumræðu í kjölfar forsetakosninganna árið 2016, fyrir utan regluleg skrif í Morgunblaðið. – ab






# Hagkaup sagt brjóta áfengislög með tedrykk

Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum segja Hagkaup brjóta lög með sölu á tedrykk sem getur náð fjögurra prósenta áfengisstyrk vegna gerjunar. Verslunin hefur ekki vínveitingaleyfi, frekar en aðrar matvöruverslanir hér á landi.

**VERSLUN** Verslun Hagkaups hefur til sölu drykk sem inniheldur allt að fjögurra prósenta áfengismagn. Um er að ræða nokkurs konar lífrænt te sem gerjast ofan í flöskunni og getur þannig hafa náð þessu áfengismagni við sölu. Hagkaup hefur hins vegar ekki vínveitingaleyfi og þar með ekki leyfi til að selja drykki með svo miklu áfengisinnihaldi.

Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum bárust nokkrar ábendingar vegna vörunnar þar sem henni er stillt upp innan um svokallaða heilsudrykki í Hagkaupi í Garðabæ. Um er að ræða drykk sem heitir GT's Kombucha. Aftan á flöskunni er þess getið að þetta áfengismagn geti náðst í flöskunum. Framan á flöskunum stendur að einstaklingar þurfi að vera orðnir 21 árs til að kaupa drykkinn.

„Við í foreldrasamtökunum fórum í Hagkaup í Garðabæ til að sannreyna að þessi vara stæði öllum til boða. Þarna fer að okkar mati fram ólögleg sala áfengra drykkja og því höfum til tilkynnt þetta til lögreglu. Hagkaup hefur hvorki vínveitingaleyfi né leyfi til sölu áfengis,“ segir Árni Guðmundsson, formaður samtakanna.

„Það skiptir miklu máli að menn fari eftir lögum og reglum þegar áfengir drykkir eru annars vegar. Þarna getur hver sem er og börn þar á meðal nálgast áfenga drykki. Því viljum við að lögregla skoði málið alvarlega,“ bætir Árni við.

Fréttablaðið hafði samband við Hagkaup í Garðabæ þar sem staðfest var að þessi vara hefði verið til sölu í versluninni. Hins vegar hafði verslunin ekki vitneskju um að þarna færi drykkur sem gæti náð svo miklu áfengisinnihaldi.




Hér sést að varan GT's Synergy Energy Kombucha inniheldur alkóhól og að einstaklingar þurfi að vera orðnir 21 árs til að kaupa vöruna.



Árni Guðmundsson.

Drykknum sé dreift í gegnum Aðföng og því væri það fyrirtækisins að svara fyrir drykkinn.

Hvorki náðist í forsvarsmenn Aðfanga né í lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem hefur fengið málið inn á sitt borð. Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum hafa ekki fengið svar frá lögreglunni um hvort embættið ætli sér að skoða málið og taka drykkinn úr sölu.

sveinn@frettabladid.is




Auðveldlega gekk að kaupa drykkinn.



# Þingstörf hafin að nýju

Þingmenn mættu aftur til starfa eftir sumarfrí. Á þessum þingstubbi er þriðji orkupakkinn aðalumræðuefnið og stendur til að klára málið á þremur dögum.







HÚSASMIÐJAN
blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is

20% • 25% • 30% • 40% • 50% • 70% • 20%

Hefst í dag

# ÚTSALA

Allt að 70 prósent afsláttur


Allt að 30 prósent afsláttur
Broil King OUTBACK
Grill og fylgihlutir


Allt að 30 prósent afsláttur
Rafmagnsverkfæri


Allt að 50 prósent afsláttur
Pottaplöntur


25 prósent afsláttur
Parket


Allt að 30 prósent afsláttur
Málning


40 prósent afsláttur
Bensín- og rafmagnssláttuvélar


Allt að 70 prósent afsláttur
Valdar flísar, lagersala Skútuvogi

Handverkfæri 20-50% • Rafmagnsverkfæri 20-30% • Orf 30-35% • Hekkklippur og keðjusagir 30-40%
Claber slönguhjól 40% • Áltröppur og stigar 25-30% • Hillurekkar 25% • Verkfæratöskur 25-50%
Þvottasnúrur (úti) 30-50% • Garðverkfæri 25-40% • Háþrýstidælur 25% • Borðplötur og sólbekkir 25-50%
Pallaolía og viðarvörn 30% • Philips perur og útiljós 25% • Blöndunartæki Grohe (valdar vörur) 30%
Smáraftæki 20% • Garðhúsgögn 30% • Reiðhjól og fylgihlutir 25-30% • Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell og glös 30% • Bókunarvara 20% Pottar og pönnur 25% • Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 30%
Plastkörfur og box 20% • Strauborð og herðatré 20% • Vinnufatnaður 20-40%
Barnabílstólar og sessur 25% • Veðurstöðvar og hitamælar 25% • Kerti og kertastjakar 2
Blómavasar og styttur 25% • Luktir 25% • Gerviblóm 25% • Útipottar 30%
Riverdale heimilisvara 25-50% • Panill og vatnsklæðningar 20-40%
... auk hundruð annarra útsölutilboða

Líka í vefverslun husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **Erfitt að sjá hvort var spenntara** Ótrúlegt myndskeið af því þegar Sophie Turner úr Game of Thrones og Jonathan Van Ness úr Queer Eye hittust í fyrsta sinn hefur vakið heimsathygli.

**2** **Móðir tilkynnti sig til barnaverndar** Móðir ellefu ára stúlku í Hafnarfirði tilkynnti sjálfa sig til barnaverndar, í samráði við skólann sem stúlkan gengur í.

**3** **Biðja aðdáendur um að hemja sig eftir að káfað var á klofi Klemensar** Aðstandendur aðdáendasíðu Hatara hafa séð sig knúna til að biðja aðdáendur um að hemja sig á tónleikum með sveitinni eftir að káfað var á klofi Klemensar Hannigan.

**4** **Eyþór vill fótapressu en Arnmundur stendur við áskorunina** Eyþór Arnalds segist reiðubúinn til þess að keppa við Arnmund Ernst Backman í fótapressu eða hnébeygjum en ekki sjómanni.

**5** **Kona myrt í Stokkhólmi í nótt** Átján ára kona var skotin til bana í íbúð í Vällingby eftir að skotið var inn í íbúðina úr garði.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

## Rak aftur á land

**DÝRAVERND** „Þetta er sami hvalurinn og var hér í fyrradag, hann er steindauður,“ segir Sveinn Vilberg Garðarsson, vélamaður hjá Seltjarnarnesbæ.

Hvalinn, sem aflífaður var og sökkt á mánudaginn, rak aftur á land, en í þetta skipti á Seltjarnarnesi. Fulltrúi Matvælastofnunar staðfesti að um sama hval væri að ræða. Óvíst er hvort hvalurinn verður urðaður eða sökkt.

Sveinn furðar sig á því að ekkert virðist hafa verið gert til að sökkva hvalnum. „Það sést að hann hafi verið skotinn en engin önnur ummerki eru á honum.“ Hann segir Reykjavíkurborg eiga að sjá sóma sinn í því að afgreiða málið almennilega. Hræ hvalsins liggur nú við Gróttu. **– kdi**

## Telur frávísunarkröfu vanhugsað skref hjá Sambandi sveitarfélaga

**KJARAMÁL** Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hefur farið fram á frávísun í máli sem Starfsgreinasambandið (SGS) vísaði til Félagsdóms. Með málinu sem var dómtekið í byrjun vikunnar vildi SGS láta reyna á ákvæði frá 2009 um skyldu sveitarfélaga til viðræðna um jöfnun lífeyrisréttinda.

„Þessi einstrengingslega afstaða hjá sambandinu fer verulega illa í okkur. Það eru rosalega mikil vonbrigði að þeir vilji ekki bara láta málið ganga strax til efnislegrar umfjöllunar og fá úr því skorið,“ segir Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS.

Lögfræðingar SÍS fengu frest til næsta þriðjudags til að skila greinargerð um frávísunina. Flosi óttast að málið muni því tefjast mikið, jafnvel þótt frávísun yrði hafnað.


**Flosi Eiríksson.**

Veita þyrfti annan frest til að skila greinargerð um efnisatriði málsins.

„Þegar við lýstum því yfir að við ætluðum með málið fyrir félagsdóm var því býsna vel tekið af okkar samningsaðilum. Við litum svo á að það væri leið út úr þessu þrátefli.“

Flosi segir að ákvörðun SÍS liðki ekki fyrir viðræðum. „Allt er þetta hluti af heild og þetta flýtir ekki fyrir því að klára kjarasamninginn í heild sinni. Ég held að þetta hafi verið býsna vanhugsað skref hjá sambandinu,“ segir Flosi. **– sar**

# Ósammála um þarfir skóla

**Ný skýrsla Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um rekstur grunnskóla verður lögð fram á fundi borgarráðs í dag. Í skýrslunni er rætt um ýmsa galla, þar á meðal Excel-skjal sem notað er til fjárúthlutunar sem aðeins einn starfsmaður kann að vinna með.**


**Haustið 2017 voru 67 nemendur í 1. til 7. bekk í Korpuskóla, sem tilheyrir Kelduskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**REYKJAVÍK** Mismunandi skilningur er á milli skólastjórnenda og fjárveitingarvaldsins hjá Reykjavíkurborg um hversu mikið fjármagn þarf til að reka grunnskóla í borginni. Lítið svigrúm er til hagræðingar innan skólanna og því er helst lagt til að sameina skóla, er þá nefnt sérstaklega að loka Korpuskóla. Þetta kemur fram í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, IE, um rekstur grunnskóla sem lögð verður fram á fundi borgarráðs í dag.

Fjárúthlutanir til grunnskóla eru um 25 milljarðar króna á ári og eru rúmlega einn fimmti af heildarfjárúthlutunum borgarinnar. Alls rekur borgin 36 grunnskóla. Í skýrslunni voru þó aðeins teknir fyrir níu skólar, þar af 1. til 7. bekkur í tveimur og 8. til 10. bekkur í tveimur. Einnig var rætt við fjölda skólastjórnenda og starfsmenn Skóla- og frístundasviðs, SFS.

IE setur fram alls 24 ábendingar en vegna engra þeirra er krafist tafarlausra úrlausna. Helsta niðurstaðan sé að skólastjórnendur og SFS hafi annan skilning á hvað sé nauðsynlegt fjármagn til að reka grunnskóla en fjárveitingarvald borgarinnar. SFS fær fjármuni úthlutaða frá borginni sem er síðan úthlutað á skóla. SFS hefur skorið niður fjármagn og þar af leiðandi fari margir skólar ítrekað fram úr fjárheimildum. „Í raun standa skólarnir almennt frammi fyrir því að nánast allir rekstrarliðir fá of knappt fjármagn,“ segir í skýrslunni. Sumir skólar fari ítrekað fram úr fjárheimildum á meðan aðrir skili iðulega afgangi.

Í skýrslunni er vikið að sérstöku Excel-vinnuskjali sem hefur verið notað í nær tuttugu ár til að úthluta fjármunum. Er talað um þetta skjal sem „plástrað“ og „úrelt“. „Aðstæður grunnskólanna eru mismunandi að mörgu leyti og það er tæpast hægt að ákvarða fjárhagsramma í Excel-skjali án þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna,“ segir í skýrslunni. Aðeins einn starfsmaður hefur þekkingu til að vinna með skjalið, mun það hafa valdið vandræðum þegar viðkomandi hafi forfallast við úthlutun fjármuna. Í skýrslunni er þó tekið fram að búið sé að skipa vinnuhóp til að skoða málið.

Í viðtölum við skólastjórnendur kemur fram að þeir telji sig almennt hafa litla aðkomu að úthlutun fjárhagsramma. „Sumir kváðust þó reyna að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en töldu það raunar skila litlum árangri,“ segir í skýrslunni. Í dag fær skólinn 2 prósent af afgangi og halla milli ára, leggur IE til að þessu verði hætt til að hvetja skólastjórnendur til að reka skólana með sem hagkvæmustum hætti.

### Skólarnir sem teknir voru fyrir í skýrslunni

| Skóli | Bekkir | Nemendur | Starfsfólk | Rekstrark. |
|---|---|---|---|---|
| Seljaskóli | 1. - 10. | 643 | 85 | 981 |
| Langholtsskóli | 1. - 10. | 641 | 89 | 990 |
| Melaskóli | 1. - 7. | 631 | 76 | 990 |
| Norðlingaskóli | 1. - 10. | 594 | 83 | 1.039 |
| Hagaskóli | 8. - 10. | 546 | 63 | 864 |
| Réttarholtsskóli | 8. - 10. | 400 | 42 | 934 |
| Kelduskóli (Vík og Korpa) | 1. - 10. | 367 | 55 | 1.333 |
| Vogaskóli | 1. - 10. | 316 | 47 | 1.019 |
| Hamraskóli | 1. - 7. | 149 | 26 | 1.251 |

Fram kemur í skýrslunni að eftir samtöl við skólastjórnendur og skoðun tölulegra gagna séu fá tækifæri til hagræðingar. Helst liggi þeir möguleikar í sameiningum skóla, er þá sérstaklega nefnt að miðað við að kostnaður við hvern nemanda sé minni í skólum sem hafa aðeins nemendur frá 8. til 10. bekkja, þá þurfi færri kennara á hvern nemanda og möguleikar opnist á fleiri valgreinum.

Aðeins er þó mælt með að einn skóli sameinist á næstunni, Korpuskóli í Grafarvogi verði lagður niður og skólastarfið að fullu sameinað Kelduskóla. Aðeins 67 börn voru í Korpuskóla árið 2017. „Það er verulega óhagkvæmt að reka svo litla starfsstöð þar sem það kallar á aukinn mannafla og kostnað við rekstur húsnæðis,“ segir í skýrslunni um Korpuskóla. Fram kemur í athugasemd frá SFS og borgarstjórn að þetta sé þegar í skoðun. „Sparnaður af slíkri sameiningu er verulegur,“ segir í athugasemdinni.

**arib@frettabladid.is**



Pizza Hut

# ÚT Í HUT

## TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR **STÓRA** PIZZU MEÐ TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM AF MATSEÐLI

# 1.990

**Þegar öllu er á botninn hvolft þarf hann að vera frábær. Veldu:**

PÖNNU → KLASSÍSKAN → ÍTALSKAN

**Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is**
**Pizza Hut Smáralind**
**Pizza Hut Staðarbergi 2–4**
**Hafnarfirði**



## Pence ætlar að ræða innrás á norðurslóðir

**UTANRÍKISMÁL** Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, ætlar sér að ræða um „innrás“ Kínverja og Rússa á norðurslóðir þegar hann kemur hingað til lands í næstu viku. Þetta hafði Reuters eftir embættismanni úr ríkisstjórn Bandaríkjanna í gær.



**Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna.**

Samkvæmt fréttinni hafa Bandaríkjamenn áhyggjur af því að Rússar sýni nú árásargjarna hegðun á norðurslóðum þegar aðgengi að auðlindum hefur aukist vegna bráðnunar íss. Einnig þykir Bandaríkjamönnum þörf á að fylgjast náið með Kína.

Á ferðalagi sínu mun Pence einnig ferðast til bæði Bretlands og Írlands. Hyggst hann ræða við Boris Johnson, breska forsætisráðherrann, um meðal annars hvernig Bretum gengur að ganga út úr Evrópusambandinu. Á Írlandi stendur til að funda með Leo Varadkar forsætisráðherra og reyndar ferðast líka til bæjarins Shannon en þangað getur Pence rakið ættir sínar. **– þea**

## Leiðtogar funda um Amason

**BRASILÍA** Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, tilkynnti í gær að boðað hefði verið til fundar leiðtoga ríkja Suður-Ameríku. Það sé gert til þess að ná samkomulagi um sameiginlega stefnu um að koma Amasonfrumskóginum til varnar.

Mikið hefur verið fjallað um elda í frumskóginum að undanförnu. Leiðtogar G7-ríkjanna ræddu um eldana og sagði Emmanuel Macron, forseti Frakklands, að um algjört neyðarástand væri að ræða.

G7-leiðtogar buðu Brasilíumönnum 20 milljóna evra neyðaraðstoðargjöf en Bolsonaro mun ekki samþykkja hana nema Macron biðjist afsökunar fyrst á meintum móðgunaryrðum.

Brasilíuforsetinn var nýstiginn út af fundi með Sebastian Pinera, forseta Síle, þegar hann greindi frá fundinum í gær. Sagði hann að öll ríki álfunnar, utan Venesúela, myndu hittast þann 6. september í Kólumbíu. **– þea**

# Boris Johnson sagður haga sér eins og hann sé einræðisherra

**Andstæðingar breska forsætisráðherrans eru æfir vegna ákvörðunar hans um að fresta þingfundum. Þýðir að þingið hefur minni tíma, jafnvel of lítinn, til að koma í gegn löggjöf sem bannar samningslausa útgöngu. Þingforseti segir þetta aðför að stjórnarskrá. Drottningin samþykkti beiðni forsætisráðherrans.**



**Elísabet Bretlandsdrottning samþykkti beiðni ríkisstjórnar Johnsons um að fresta þingfundum.** NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Tilkynning Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, um að ríkisstjórn hans hefði óskað eftir því að Bretlandsdrottning frestaði þingfundum vakti hörð viðbrögð í gær. Leiðtogar stjórnarandstöðuflokka, Evrópusinnar í Íhaldsflokki Johnsons sem og forseti þingsins sjálfur lýstu yfir megnri óánægju með útspilið.

Þessi ákvörðun stjórnvalda þýðir að þingið fer í leyfi í kringum 10. september næstkomandi, samkvæmt Lauru Kuenssberg, stjórnmálaskýranda breska ríkisútvarpsins, en ekki þann 14. eins og áætlað var. Þótt munurinn sé ef til vill lítill hefur hann mikla þýðingu, að því er Kuenssberg skrifar. „Vegna þess að afleiðingarnar eru þær að þingmenn hafa minni tíma til að koma í gegn lögum sem myndu koma í veg fyrir að Johnson stýrði Bretlandi út úr Evrópusambandinu samningslaust ef samkomulag næst ekki við Brussel fyrir októberlok.“

Með því að fresta þingfundum munu öll ókláruð mál fara aftur á byrjunarreit. Vilji þingmenn festa í lög að samningslaus útganga standi ekki til boða þarf það því að gerast áður en þingfundum er frestað, skrifaði Jessica Elgot, stjórnmálaskýrandi The Guardian.

Mikið hafði verið rætt um möguleikann á því að Johnson gæti farið þessa leið. Þingmenn höfðu lýst yfir að þeir óttuðust að forsætisráðherrann myndi taka þessa umdeildu ákvörðun til þess að þröngva samningslausri útgöngu upp á þingið, þvert gegn yfirlýstum vilja þess.

Hópi rúmlega sjötíu þingmanna varð nýverið að ósk sinni þegar skoskur dómstóll samþykkti að taka fyrir málsókn þar sem vonast er til að fá það staðfest að það sé ólöglegt fyrir forsætisráðherra að ganga fram hjá þinginu á þennan hátt. Taka átti málið fyrir þann 6. september en samkvæmt Joanna Cheery, þingmanni Skoska þjóðarflokksins, hófst vinna í gær við að fá málinu flýtt. Ian Blackford, þingflokksformaður flokksins, sagði að Johnson hagaði sér nú líkt og einræðisherra. Hann vært umboðslaus og Skoski þjóðarflokkurinn myndi gera allt sem hann gæti til að fyrirbyggja samningslausa útgöngu.

> **Það sem forsætisráðherra er að gera er að stela lýðræðinu af okkur í von um að þvinga fram samningslausa útgöngu.**
>
> Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins



Ekki var minnst á að frestunin væri hugsuð til þess að ganga framhjá þinginu í bréfi sem Johnson sendi þingmönnum í gær. Sagði þar að tími væri til kominn að fresta þingfundum þar sem núverandi þing hefur staðið yfir í um tvö ár, mun lengur en venjulega. Á næsta þingi myndu stjórnvöld leggja fram metnaðarfull frumvörp í heilbrigðismálum, innviðamálum og svo auðvitað í útgöngumálinu. Á meðan þingið væri í fríi myndi ríkisstjórnin halda áfram undirbúningi sínum fyrir Brexit. „Með eða án samnings.“ Sagði Johnson svo við fjölmiðla að það væri fjarri sannleikanum að ríkisstjórnin væri að reyna að þvinga fram samningslausa útgöngu.

Þau orð dugðu hins vegar ekki til þess að lægja öldurnar. Hvergi nærri. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, var til að mynda ekki par sáttur. „Það sem forsætisráðherra er að gera er að stela lýðræðinu af okkur í von um að þvinga fram samningslausa útgöngu. Hvers vegna er hann svo hræddur að hann þarf að fresta þingfundum til þess að koma í veg fyrir umræðu um málið?“ spurði stjórnarandstöðuleiðtoginn. Verkamannaflokkurinn mun, að sögn Corbyns, leggja fram frumvarp hið snarasta til að koma í veg fyrir frestunina. Síðan myndi flokkurinn leggja fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina.

Dominic Grieve, Evrópusinni og samflokksmaður Johnsons, var á sama máli. Sagði hann ákvörðun Johnsons reginhneyksli. „Ríkisstjórnin mun falla,“ sagði Grieve og varaði við vantrausti.

Þingforsetinn var ómyrkur í máli. „Ég hef ekkert frétt frá ríkisstjórninni en ef þessar fregnir reynast sannar, að hún ætli að fresta þingfundum, erum við að horfa upp á grófa aðför gegn stjórnarskránni,“ sagði hann og hélt áfram:

„Hvernig sem á þetta er litið er augljóst að tilgangur frestunarinnar er að koma í veg fyrir umræðu þingsins um Brexit sem og að það geti sinnt skyldu sinni. Nú, á þessum erfiðu tímum í sögu ríkisins, er mikilvægt að landskjörið þing fái sitt um málið að segja. Við búum við þingræði.“ **thorgnyr@frettabladid.is**

# Félagið Ísland-Palestína gagnrýnir slæma stöðu hinsegin fólks í Palestínu

**SAMFÉLAG** Félagið Ísland-Palestína hefur sent stjórnvöldum í Palestínu yfirlýsingu þar sem slæm staða hinsegin fólks í landinu er hörmuð. Stjórnarmaður segir að Ísland-Palestína taki ávallt stöðu með mannréttindum.

„Allt okkar starf hefur grundvallast á að alþjóðalög séu virt og samstöðu með mannréttindum,“ segir Einar Steinn Valgarðsson, stjórnarmaður í félaginu. „Við teljum að deilur Ísraels og Palestínu verði ekki leystar á réttlátan hátt ef mannréttindi verði ekki höfð að leiðarljósi.“ Félagið hefur sent stjórnvöldum í Palestínu yfirlýsingu þar sem staða hinsegin fólks er hörmuð.

Tilefnið var fréttir af því að yfirvöld á Vesturbakkanum bönnuðu alla starfsemi samtaka hinsegin fólks. Þau voru hins vegar gerð afturreka með bannið eftir þrýsting frá mannréttindasamtökum víða um heim.



**Hinsegin fólk hefur átt undir högg að sækja í Palestínu. Einkum á Gasaströndinni.** NORDICPHOTOS/GETTY

Einar segir að þó að félag eins og Ísland-Palestína hafi takmörkuð áhrif í stóra samhenginu þá sýni sagan að alþjóðlegur þrýstingur skipti máli. Því sé mikilvægt að leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Munur er á lagalegri stöðu hinsegin fólks í Palestínu. Á Vesturbakkanum hefur samkynhneigð ekki verið bönnuð en á Gasaströndinni er hún ólögleg og viðlagðri harðri refsingu. Stjórnvöld á Vesturbakkanum hafa hins vegar verið að herðast í afstöðunni og þann tíma sem starfsemi hinsegin samtaka var bönnuð var almenningur hvattur til að tilkynna brot. „Þetta hefur kynt undir fordómum gegn hinsegin fólki og hvatt fólk til að taka lögin í sínar hendur,“ segir Einar. „Við höfum aldrei skorast undan að gagnrýna palestínsk yfirvöld þegar kemur að mannréttindabrotum. En áherslan hefur verið á Ísrael sem hefur verið stórtækara í brotum.“ **– khg**



NOCCO
NO CARBS COMPANY

# KASSATILBOÐ




**233** kr/stk*
v.á. 319 kr/stk

Tilboð gildir út 1. september

## Nocco BCAA drykkir

Það skiptir ekki máli hver er þinn uppáhalds.
Þú velur 24 Nocco drykki að eigin vali.

**5.592** kr/ks
**Verð áður 7.656 kr/ks**

*Ef verslað eru 24 stk

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga



Undirbúningur að hátíð í indversku borginni Chennai. NORDICPHOTOS/AFP



Danski fuglaþjálfarinn Peter Wenzel með ungan kondór að nafni Molina á arminum. NORDICPHOTOS/AFP

# Umheimurinn

Fjölbreytt eru viðfangsefni jarðarbúa. Á Indlandi búa menn sig undir hátíð en á Púertó Ríkó undir fellibyl. Við skyggnumst einnig inn í líf danskra fuglaþjálfara og palestínskra knattspyrnumanna.



Ya Mary Morales og Henry Sustache undirbúa heimili sitt fyrir komu fellibylsins Dorian á Púertó Ríkó. NORDICPHOTOS/AFP




Mótmælandi í gervi Boris Johnson grefur lýðræðið eftir að þingi var slitið í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY



Knattspyrnumenn frá Gaza ströndinni í Palestínu hita upp fyrir leik. Þeir keppa í innanlandsmóti fyrir einfætta leikmenn. NORDICPHOTOS/AFP

# Helgafell hagnaðist um 350 milljónir

Helgafell eignarhaldsfélag, sem er í jafnri eigu Ara Fenger, Bjargar Fenger og Kristínar Vermundsdóttur, hagnaðist um 351 milljón króna í fyrra og dróst hagnaðurinn saman um rúmlega 1.120 milljónir frá fyrra ári, samkvæmt nýbirtum samstæðureikningi fjárfestingarfélagsins.

Hagnaður Helgafells á síðasta ári kom einkum til vegna hlutdeildar félagsins í afkomu eignarhaldsfélagsins S121, stærsta hluthafa Stoða, eins stærsta fjárfestingarfélags landsins, en hún nam 377 milljónum króna. Á móti var hins vegar tæplega 200 milljóna króna tap af verðbréfaeign Helgafells en í árslok 2018 nam bókfært virði skráðra verðbréfa félagsins – innlendra og erlendra – samtals um 2,3 milljörðum króna.

**6**

**milljarðar var eigið fé Helgafells í árslok 2018.**

Helgafell fer með ríflega 28 prósenta hlut í S121 sem á um 65 prósent í Stoðum. Fjárfestingarfélagið Stoðir er á meðal stærstu hluthafa í TM, Símanum og Arion banka. Eigið fé Helgafells nam rúmlega 6 milljörðum króna í lok síðasta árs en í lok þess árs voru einu skuldir félagsins tæplega sex milljóna króna skammtímaskuldir. Sá sem stýrir fjárfestingum Helgafells er Jón Sigurðsson, fjárfestir og stjórnarformaður Stoða, en hann er eiginmaður Bjargar Fenger. – **hae**

# Breska félagið Miton selur allt í Arion banka

Beska eignastýringarfyrirtækið Miton Asset Management, sem var um miðja síðustu viku einn af stærstu hluthöfum Arion banka, hefur á síðustu dögum selt allan eignarhlut sinn í bankanum, samtals um 1,8 prósent. Sjóðir í stýringu félagsins seldu þannig í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, tæplega 13,8 milljónir hluta á genginu 75,1, eða fyrir samtals um 1.030 milljónir króna. Eftir þau viðskipti hefur Miton losað um öll bréf sín í bankanum.

**2,6**

**milljarðar var virði 1,8 prósenta hlutar Miton í Arion banka.**

Miton var annar tveggja fjárfestingarsjóða, ásamt breska vogunarsjóðnum Landsdowne Partners, sem skuldbundu sig til að kaupa samanlagt 3,7 prósenta hlut í hlutafjárútboði Arion banka í júní 2018 sem svonefndir hornsteinsfjárfestar. Eignarhlutur Miton í útboðinu var 1,22 prósent.

Samkvæmt hluthafalista Arion banka um miðjan þennan mánuð var Miton þrettándi stærsti hluthafi bankans með 1,81 prósents hlut, sem var metinn á um 2,6 milljarða króna.

Fjárfestingarsjóðir í stýringu Miton hafa látið til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarin misseri og eru í hópi stærstu hluthafa í mörgum skráðum félögum, þar á meðal í tryggingafélögunum þremur. – **hae**

# Stóru bankarnir vilja að Kvika banki lúti sömu reglum og þeir

**Íslensku viðskiptabankarnir vilja að fyrirhuguð lög um stöðutöku nái einnig yfir Kviku banka. Kvika sé umfangsmikil í fjárfestingarbankastarfsemi og hafi verið í mikilli sókn á innlánamarkaði.**



**Áformin byggja á tillögu úr hvítbókinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stóru íslensku viðskiptabankarnir telja mikilvægt að fyrirhuguð lagasetning, sem ætlað er að takmarka áhættu innistæðueigenda og ríkissjóðs af fjárfestingarbankastarfemi, nái einnig yfir Kviku banka. Kvika skeri sig úr hvað varðar umfang fjárfestingarbankastarfsemi og reynslan sýni að gríðarlegt tjón geti hlotist af fjármálafyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg.

„Það er óhætt að fullyrða að það sé háskaleikur að skapa slíkt ójafnvægi á innlendum fjármálamarkaði, skekkja samkeppnisstöðu og skapa um leið nýjan freistnivanda. Slíkt fyrirkomulag á sér enga fyrirmynd erlendis frá,“ segir í umsögn Arion banka um áformin.

Fjármálaráðuneytið hefur birt áform um ný lög sem byggja á tillögu í hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið og bera yfirskriftina „Varnarlína um hlutfall fjárfestingarbankastarfsemi“.

Áformað er að takmarka stöðutöku bankanna þannig að eiginfjárþörf vegna hennar megi ekki vera umfram 15 prósent af eiginfjárgrunni þeirra. Lagasetningunni er þannig ætlað að takmarka áhættu innistæðueigenda og ríkissjóðs af fjárfestingarbankastarfsemi viðskiptabanka. Samkvæmt áformunum yrðu lögin þó takmörkuð við kerfislega mikilvægar innlánsstofnanir en Kvika banki fellur ekki í þann flokk.

„Miðað við kynnt áform mun sá viðskiptabanki sem sker sig úr hvað varðar hátt hlutfall fjárfestingarstarfsemi vera undanskilinn reglunum en eins og kunnugt er hefur sá sami banki verið í mikilli sókn við söfnun innlána. Skoða þarf vandlega hvort ekki sé verið að skapa nýja áhættu með slíkri nálgun,“ segir í umsögn Arion banka.

Vísar bankinn til þess að á fyrri hluta árs hóf Kvika að bjóða sparnaðarreikninga fyrir einstaklinga sem þá báru betri vexti en sambærilegir reikningar hjá hinum viðskiptabönkunum. Rúmum tveimur mánuðum síðar höfðu safnast 10 milljarðar króna á innlánsreikninga Kviku banka.

Arion banki bendir á að áformin samræmist á engan hátt markmiði reglnanna um að takmarka áhættu innistæðueigenda og ríkis.

„Reynslan sýnir að gríðarlegt tjón getur hlotist af fjármálafyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og má í því sambandi nefna tjón ríkissjóðs af Sparisjóði Keflavíkur. Einnig sýnir reynslan að mikið tjón getur hlotist af keðjuverkandi áhrifum af falli fjármálafyrirtækjanna sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og má þar nefna Lehman Brothers í Bandaríkjunum,“ segir í umsögn bankans.

Íslandsbanki tekur í sama streng og gerir athugasemdir við að takmarkanirnar eigi ekki við alla viðskiptabanka landsins.

„Áformaðar takmarkanir myndu þannig ekki taka til þess viðskiptabanka sem í dag höfðar sérstaklega til neytenda með tilboðum um

**Reynslan sýnir að gríðarlegt tjón getur hlotist af fjármálafyrirtækjum sem ekki eru kerfislega mikilvæg og má nefna tjón ríkissjóðs af Sparisjóði Keflavíkur.**



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka

háa innlánsvexti og er jafnframt sá banki sem hefur hlutfallslega umfangsmestu fjárfestingarbankastarfsemina. Er tryggt að sú löggjöf sem áformum er lýst um tryggi hag þeirra innlánseigenda nægilega? Gæti falist í því dulin áhætta fyrir ríkissjóð?“

Þá kemur fram í umsögn Arion banka að lögin muni líklega hafa neikvæð áhrif á verðbréfamarkað hér á landi til framtíðar. Lögin taki til stöðu á veltubókum bankanna sem hafa síðustu árin verið stór hluti af heildarveltu á verðbréfamarkaði.

„Til að geta staðið undir hlutverki sínu þurfa eigin viðskipti banka að geta tekið stöður og haft svigrúm til að losa þær út yfir tíma. Sé þetta svigrúm skert t.d. vegna annarrar starfsemi, svo sem yfirtöku á fullnustueignum mun það hafa verulega neikvæð áhrif fyrir virkan verðbréfamarkað.“

**thorsteinn@frettabladid.is**

## Séríslenskar reglur rýra verðmæti bankanna

Á næstunni skilar Bankasýsla ríkisins ýtarlegri skýrslu um stöðu á bankamarkaði og tillögu um söluferli bankanna. Í umsögn Arion banka kemur fram að séríslensk regla um hámarkshlutfall geri bankann að lakari fjárfestingarkosti. Reglurnar takmarki mikilvæga þjónustuþætti og þróun fjármálafyrirtækja hér á landi til framtíðar.

„Hætt er við að séríslenskar reglur muni trufla erlenda fjárfesta, bæði við lánveitingar og aðkomu að eignarhaldi. Þannig geta séríslenskar reglur verið til trafala við fjármögnun bankanna í alþjóðlegu umhverfi. Bent er á að Arion banki er skráður á markað í Svíþjóð þar sem erlendir aðilar geta átt viðskipti með hlutabréf bankans. Séríslenskar reglur munu fyrirsjáanlega gera bankann að lakari fjárfestingarkosti,“ segir bankinn.

„Þær erlendu reglur sem tillagan virðist vísa til koma frá löndum sem teljast helstu fjármálamiðstöðvar heims, þar sem alþjóðlegir bankar hafa starfsstöðvar sínar. Eru slíka reglur þannig sniðnar að stærstu bönkum heims sem starfa á alþjóðamarkaði. Arion banka er ekki kunnugt um að nokkurs staðar í heiminum séu slíkar reglur í gildi um banka á stærð við íslensku viðskiptabankana sem þjóna fyrst og fremst heimamarkaði. Sem dæmi má nefna að hvergi á hinum Norðurlöndunum eru slíkar reglur í gildi og engin áform eru þar um slíka lagasetningu.“

# Íslensk fjárfesting hagnaðist um 45 milljónir króna

Hagnaður fjárfestingarfélagsins Íslenskrar fjárfestingar nam 45 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 510 milljónir árið 2017 og 1.062 milljónir árið þar á undan. Hagnaður samstæðunnar fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var 972 milljónir króna og dróst saman um 6,5 prósent milli ára.

Í ársskýrslu fjárfestingarfélagsins segir að árið 2018 hafi verið undir væntingum. „Helstu skýringar þess eru að á árinu 2018 var rekstur stærstu félaganna undir væntingum auk þess sem nokkur frumkvöðlaverkefni og þróunarverkefni eru enn að sanna sig og skila því tapi í samstæðunni,“ segir í skýrslunni.

„Þó teljum við að mikill óinnleystur hagnaður sé væntanlegur á næstu árum vegna fasteignaverkefna sem eru í söluferli eða munu



**Fasteignin að Hverfisgötu 21 er í eignasafni RR hótela.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verða seld á næstu árum auk þess sem nokkur frumkvöðlaverkefni eru komin í grænar tölur á árinu 2019.“

Á meðal eigna félagsins eru evrópska ferðaþjónustufyrirtækið Kilroy, hótelfélagið RR hótel sem rekur hótel í miðbæ Reykjavíkur og Öldungur sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún. Þá er Íslensk fjárfesting stórtækt í fasteignaþróun í Reykjavík. Félagið er meðal annars í stórum verkefnum við Austurbakka og á Kársnesi.

Íslensk fjárfesting er í jafnri eigu Arnars Þórissonar og Þóris Kjartanssonar en félagið var stofnað árið 1999 í þeim tilgangi að halda utan um ýmsar fjárfestingar eigendanna. Eignir þess nema um 19 milljörðum króna og eigið féð tæplega 3,8 milljörðum. – **þfh**

WWW.BILALAND.IS

# Kjaravextir á völdum bílum

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Nú býður Bílaland upp á fjármögnun með **3,95% Kjaravöxtum** á völdum, notuðum bílum. Kynntu þér úrvalið á bilaland.is

## KJARAVEXTIR: NÝ LEIÐ TIL BÍLAFJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin, sérstaklega þegar aðeins þarf að fjármagna hluta kaupverðsins. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bíláláni.

**Kynntu þér Kjaravexti á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar hjá Bílalandi**

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

ENNEMM / SÍA / NM95400




**RENAULT Clio Life**
Nýskr. 06/17, ekinn 84 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.290.000 kr.
**Tilboðsverð: 990.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**16.610 kr.***




**SKODA Octavia Ambition**
Nýskr. 01/14, ekinn 89 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.990.000 kr.
**Tilboðsverð: 1.590.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**26.084 kr.***




**NISSAN Pulsar Acenta**
Nýskr. 03/16, ekinn 95 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.690.000 kr.
**Tilboðsverð: 1.290.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**21.347 kr.***




**SUBARU Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 04/16, ekinn 103 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.690.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.290.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**52.927 kr.***




**SUZUKI SX4**
Nýskr. 02/17, ekinn 20 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 3.390.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.990.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**48.190 kr.***




**FORD Kuga Titanium Awd**
Nýskr. 05/16, ekinn 77 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.690.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.090.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**49.769 kr.***




**RENAULT Megane Zen**
Nýskr. 08/16, ekinn 22 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.
**Tilboðsverð: 1.990.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**32.400 kr.***




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 02/17, ekinn 84 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.290.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.590.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**41.847 kr.***




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 09/17, ekinn 65 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.590.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.890.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**46.611 kr.***




**HYUNDAI Santa Fe III Comfort**
Nýskr. 06/15, ekinn 113 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.290.000 kr.**
**KJARAVEXTIR 3,95%**
**Mánaðarleg afborgun:**
**52.927 kr.***

*Allir útreikningar á Kjaravaxta mánaðargreiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 48 mán. Kjaravextir Bílalands gilda ekki með öðrum tilboðum.

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland



# Bólusetning með grænum svæðum

**Daglegt umhverfi þarf að vera þannig að gróður og náttúra fléttist inn í það. Græn svæði eru eins og bólusetning fyrir framtíðina og hafa mikil áhrif á framtíðarlýðheilsu borgarbúa. Mikilvægt er að standa vörð um réttinn til leiks og hreyfingar fyrir börn.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Græn svæði eins og almenningsgarðar, skóglendi, móar og engi eru hluti af vistkerfi borga. Græn svæði ýta undir líkamlega virkni og andlega slökun og eru mikilvægt athvarf frá daglegu amstri og líka umferð og hávaða. Tré framleiða súrefni og bæta loftgæði. Ár, lækir, vötn, tjarnir og gosbrunnar eru líka hluti af þessu umhverfi. Græn svæði geta líka verið farvegur fyrir öruggar göngu- og hjólaleiðir, svæði þar sem fólk hittist, skemmtir sér saman og stundar líkamsrækt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að kyrrseta, sem tengist því að erfitt sé að ganga í umhverfinu og skorti á svæðum þar sem hægt er að stunda ýmsa hreyfingu, beri ábyrgð á um 3% dauðsfalla á heimsvísu.

Græn svæði eru líka mikilvæg fyrir andlega heilsu. Það að hafa aðgang að grænum svæðum getur minnkað heilsuójöfnuð, aukið vellíðan og hjálpað til við meðferð geðsjúkdóma. Samkvæmt WHO er líka líklegt að líkamsrækt í náttúrulegu umhverfi hjálpi til við að vinna bug á vægu þunglyndi og minnka streitu.

### Gróður í daglegu umhverfi

Katrín Karlsdóttir er skipulagsverkfræðingur og er enn fremur með meistarapróf í umhverfissálfræði. Hún segir aðgang að grænum svæðum mjög mikilvægan. Daglegt umhverfi þurfi að vera þannig að gróður og náttúra fléttist inn í það. Hún hefur sérstaklega skoðað börn og borgarumhverfið. Hún segir margar umfangsmiklar rannsóknir til sem og lærðar greinar og niðurstaðan sé öll á einn veg.

„Fyrir börn sem lifa við græn svæði og fá þessa náttúru inn í sitt daglega líf hefur þetta áhrif á hreyfiþroska, félagsþroska og andlegan þroska. Það eru minni líkur á að börn sem alast upp nærri grænum svæðum þrói með sér geðræn vandamál. Það mætti leggja meiri áherslu á þennan hóp. Umhverfi sem er gott fyrir börn er gott fyrir alla, eins og varðandi öryggismál, aðgengi, upplifun og annað. Það er talað um að jafnvel lyktin af gróðri geti haft áhrif. Það eru til rannsóknir sem segja að börn sem eru á grænum svæðum í frímínútum, fari í útikennslu eða eru í náttúru hafi meiri einbeitingu það sem eftir lifir dags en þau sem eru inni eða eru bara á malbiki. Þetta getur hjálpað krökkum við að taka inn aðrar upplýsingar,“ segir Katrín og bendir á að það sé því mikilvægt að ákveðinni náttúru sé fléttað inn í leiksvæði barna.

„Það er hægt að nýta útiveruna í svo mikinn lærdóm,“ segir Katrín, sem bendir á ákveðna hættu í því þegar verið er að setja færanlegar kennslustofur niður á útisvæði barna við skóla.

„Þarna er verið að mæta þörf sem maður skilur svo vel en á sama tíma er verið að minnka hreyfisvæði barnanna og taka af þeim ákveðinn rétt til hreyfingar.“

### Þjónusta er þroskaþjófur

Hún segir dæmi um að börn séu keyrð bæði í skóla og tómstundir, „oft vegna þess að það er langt í það sem þau eru að sækja eða að umhverfið er ekki nógu öruggt. Þetta er þjónusta sem foreldrarnir veita, sem er kannski ákveðinn þroskaþjófur. Ef umhverfið hjá skólanum býður ekki upp á gróður eða tengingu við náttúruna fer barnið í gegnum vikuna á þess að fá neitt nærandi frá náttúrunni,“ segir hún og ítrekar mikilvægi þess að varðveita grænu svæðin í umhverfi barna, eins og til dæmis við skóla.

„Það er þægilegt að hafa malbikaða skólalóð og ekki mikill viðhaldskostnaður. Ef þú ert með græn svæði og gróður ertu kominn í annan rekstrarpakka og því er þetta oft það fyrsta sem er skorið niður. Það hefur verið erfitt hingað til að setja krónutölu á ávinninginn af því að hafa grænu svæðin,“ segir Katrín en segir það auðveldara nú þegar stöðugt bætist við rannsóknir sem sanni mikilvægi grænna svæða.

### Lungu borgarinnar

„Það er ekki lengur spurning um hvort þetta sé mikilvægt eða ekki heldur hvernig við eigum að framkvæma þetta; hvernig við eigum að hugsa borgina og nærumhverfi barna þannig að við séum ekki að taka af þeim réttinn til leiks og hreyfingar. Við erum að tala um framtíðarlýðheilsu borgarbúa, þetta hefur áhrif á svo marga. Þetta snýst um nærumhverfið, þessar dagsdaglegu ferðavenjur, maður er ekki alltaf uppi í Heiðmörk eða Elliðaárdal,“ segir hún en ítrekar samt mikilvægi stærri svæða eins og þessara. Ef Amason-regnskógurinn er lungu heimsins þá er eru þessi svæði eins og Elliðaárdalurinn og Heiðmörk lungu fólksins sem býr á höfuðborgarsvæðinu.

Hún segir að í þéttingu byggðar sé oft notast við svokallaða randbyggð. „Það hafa verið skipulögð mörg ný svæði þar sem byggt er alveg við lóðamörk og ekkert skilið eftir nema bara götustæði. Það eru oft skemmtilegir garðar í miðjunni en þeir eru einkagarðar. Það tekur ákveðna upplifun úr hverfinu, garðarnir hafa tilgang en eru bara fyrir ákveðinn hóp fólks,“ segir hún en Reykjavík er græn borg og þá meðal annars fyrir tilstilli allra einkagarðanna sem eru úti við götu og setja svip sinn á borgina.

„Það þarf þéttingu í borg eins og Reykjavík til þess að gefa möguleika á bíllausum samgöngum en það er að mörgu að hyggja. Það er hægt að þróa og byggja á grænum reit og hann er áfram grænn og sjálfbær. Það er hægt að gera þetta mjög vel,“ segir Katrín.

> **Fólk fær mikla endurheimt úti í náttúrunni, sérstaklega í stressandi borgarumhverfi; prófaðu bara að liggja í grasi og horfa upp í tré.**
>
> Katrín Karlsdóttir skipulagsverkfræðingur



### Róandi munstur

Útivera og græn svæði hafa mikil áhrif á fólk. „Bara það að vera úti og fá súrefnið er mikilvægt. Það er líka talað um að munstrin í náttúrunni hafi áhrif eins og í trjám. Tré eru með stofn, svo koma greinar út frá stofninum, sem greinast í ennþá minni greinar. Þarna er ákveðinn skali, frá stóru niður í lítið. Þetta hefur róandi áhrif á sálina. Fólk fær mikla endurheimt úti í náttúrunni, sérstaklega í stressandi borgarumhverfi; prófaðu bara að liggja í grasi og horfa upp í tré. Maður finnur hvað þetta gerir manni gott; að koma heim eftir erfiðan dag og leggjast út í grasið. Ef börnin alast upp við þetta taka þau það með sér inn í fullorðinsárin og búa að því.“

Hún segir að öldugangur í vatni hafi að sama skapi róandi áhrif og einnig logandi eldur í arni eða varðeldur en flestir þekkja áreiðanlega notalegu tilfinninguna sem felst í því að horfa í eldinn.

„Það er erfitt að setja einhverjar krónutölur á geðheilsu borgarbúa í framtíðinni en í öllum lýðheilsupælingum og hvernig við ölum upp heilbrigða einstaklinga þá finnst mér krónur og aurar ekki skipta máli. Það á ekki að þurfa að setja verðmiða á þetta því þetta er heilsa fólks. Þetta er ákveðin trygging og leið til að fyrirbyggja sjúkdóma eins og bólusetning; það er verið að fyrirbyggja það að einhver verði veikur í framtíðinni. Ég get ekki ímyndað mér að einhver sé á móti því. Það er verið að hjálpa fólki við að láta sér líða vel og fá endurheimt,“ segir hún og rifjar upp vísu sem amma hennar kenndi henni og hljómaði svona hjá henni en hefur þekkst í nokkrum myndum:

*Þegar sál þín er hrelld,*
*þessum hlýddu orðum.*
*Gakktu með sjó og sittu við eld,*
*svo kvað völvan forðum.*

„Þetta er ekkert nýtt. Þetta er eitthvað sem fólk hefur vitað öldum saman. Náttúran gerir manni gott og er nærandi.“

KJARAVEXTIR – NÝJUNG Í BÍLALÁNUM

# Helmingi lægri vextir!

## KJARAVEXTIR 3,95%

### BL KYNNIR KJARAVEXTI
### NÝJA LEIÐ TIL FJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir BL eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bíláláni.

**Kynntu þér Kjaravexti BL á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar.**

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

ENNEMM / SÍA / NM95405

## RENAULT CAPTUR

Bensín, sjálfskiptur

VERÐ FRÁ: **3.690.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | | BÍLALÁN* | |
|---|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 47.632 kr. | Mánaðarl. afb. | 53.365 kr. |
| Heildar lántökukostn. | 274.920 kr. | Heildar lántökukostn. | 538.874 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,12% | Árl. hlutfallst. kostn. | 9,15% |

## NISSAN QASHQAI

Dísil, beinskiptur

VERÐ FRÁ: **4.050.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | | BÍLALÁN* | |
|---|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 52.267 kr. | Mánaðarl. afb. | 58.533 kr.. |
| Heildar lántökukostn. | 301.020 kr. | Heildar lántökukostn. | 590.637 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,11% | Árl. hlutfallst. kostn. | 9,14% |




*Allir útreikningar á greiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 5 ára. Útreikningur BÍLALÁNA miðast við lægstu auglýstu vexti lánastofnunar sem í boði eru fyrir 70% lánshlutfall eða 7,4% vexti, 3,0% lántökugjald og 2.500 kr. þinglýsingargjald dags. 01.08.2019. Nánari upplýsingar og útreikninga má sjá á www.bl.is. Kjaravextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum nema það sé sérstaklega tekið fram.

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Græn svæði minnka líkur á geðsjúkdómum

**Græn svæði í nærumhverfi barna þegar þau eru að alast upp minnka líkurnar á því að börnin þrói með sér geðraskanir á fullorðinsárum um 55%. Þetta leiðir umfangsmikil dönsk vísindarannsókn í ljós.**

Ný rannsókn sem vísindamenn við Árósaháskóla gerðu leiddi í ljós að börn sem alast upp í grænu umhverfi eru í 55% minni hættu á því að þróa með sér ýmsar geðraskanir síðar á lífsleiðinni. Rannsóknin er stór en æskuslóðir einnar milljónar Dana voru skoðaðar og til þess voru notaðar gervihnattamyndir frá árunum 1985-2013. Þessi gögn voru borin saman við hættuna á því að þróa með sér einhverja af 16 geðröskunum síðar á ævinni. Niðurstaðan varð þessi sláandi tala, 55% minni líkur á geðsjúkdómum. Í niðurstöðunum var tekið tillit til annarra áhættuþátta eins og til dæmis félagslegrar stöðu og ef það var fjölskyldusaga um geðraskanir.

Vitað er að hávaði, mengun, sýkingar og slæm félagsleg staða eykur hættuna á geðröskunum. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að græn svæði í nágrenni fólks ýta undir hreyfingu og félagsleg tengsl og að það geti hjálpað að þroska barna. Þetta eru allt þættir sem hafa áhrif á geðheilsu.

Þessi rannsókn sýnir að það eru sterk tengsl á milli lýðheilsu og umhverfis. Þegar börn fá ekki að alast upp í umhverfi sem hefur góð áhrif á þau er verið að ala upp heilu hópana sem líða seinna á lífsleiðinni fyrir það að hafa ekki fengið gott umhverfi í æsku.

Dönsku vísindamennirnir segja að tengingin milli góðrar andlegrar heilsu og aðgangs að grænum svæðum í nærumhverfinu sé eitthvað sem þurfi að taka enn meira tillit til en áður í borgarskipulagi til þess að tryggja grænni og heilbrigðari borgir sem bæta geðheilsu borgarbúa í framtíðinni.



55% af íbúum jarðarinnar búa í borgum en búist er við því að þessi tala verði 68% árið 2050. Flestir búa í borgum í Norður-Ameríku eða 82%. Alls búa 74% Evrópubúa í borgum. Til samanburðar búa um 50% Asíubúa á borgarsvæðum og aðeins 43% í Afríku.

## Konunglegt skógarbað

Japanir hafa vitað árum saman að ganga í skógi sé góð fyrir líkama og sál en sífellt bætist í aðdáendahóp skógarbaðsins eins og slík ganga er kölluð. Katrín hertogaynja af Cambridge er á meðal aðdáenda en innblásturinn að garðinum sem hún hannaði ásamt fleirum fyrir blómasýninguna í Chelsea í vor kom frá skógarböðum.

„Shrinrin-yoku“ var þróað á níunda áratug síðustu aldar í Japan. Japanir höfðu þó farið í slík skógarböð öldum saman en nýjar rannsóknir höfðu þá leitt í ljós að núvitundargöngur í skógi gætu lækkað blóðþrýsting, lækkað kortisól í blóði og bætt einbeitingu og minni. Efni sem tré og plöntur gefi frá sér hjálpi jafnframt ónæmiskerfinu. Með þessi vísindi að baki ákvað ríkisstjórn Japans að gera skógarböð hluta af opinberri heilsueflingu. Skógarböð á að stunda í forvarnarskyni en 80% Japana búa í borgum.

Fyrir fólk sem er mikið inni getur skógarbað hjálpað til við streitulosun og falið í sér kærkomna endurnæringu að loknum annasömum degi. Þarna gefst gott tækifæri til að tengja við náttúruna, hlusta á vindinn og fylla vitin af skógarilmi. Fyrir nokkrum áratugum hefði verið erfitt að stunda skógarböð á höfuðborgarsvæðinu en nú eru breyttir tímar og skógræktarfélög eru með skemmtileg útivistarsvæði í nágrenni borgarinnar með fjölbreyttum gönguleiðum. Best er að skilja símann eftir heima og njóta núsins í slíkum göngum.



Það eru 72 almenningsgarðar/græn svæði í Zürich, 96 í Barcelona, 121 í Hamborg, 138 í Lissabon, 240 í Vancouver, 400 í Sydney og 421 í París.

## Leikur að vatni

Katrín segir að það sé hægt að flétta ýmsum tæknilegum lausnum inn í borgarhönnun til að skapa skemmtilegra umhverfi fyrir börn og fullorðna.

„Með loftslagsbreytingum og aukinni úrkomutíðni eru komnar til tæknilegar lausnir til að taka á móti regnvatni sem er hægt að flétta inn í borgarhönnunina,“ segir hún en hönnun eins og þessi kallast blágrænar regnvatnslausnir.

„Það er hægt að flétta saman skemmtilegri hönnun, tæknilegum lausnum og í leiðinni skapa eitthvað frjótt í umhverfinu. Þessar lausnir þjóna sínum tilgangi en að sama skapi auka á fjölbreytileika í umhverfinu og flétta saman gróður, leik og nýtingu í borgarumhverfinu.“

Katrín þekkir dæmi um þetta en hún skoðaði hverfið Hammarby Sjöstad í Stokkhólmi í meistaraverkefninu sínu en þar eru mörg dæmi um að vatnið sé notað á skemmtilegan hátt.

„Ég fór með börnum í göngutúr um hverfið og bað þau um að sýna mér hvar þau leika sér. Þarna voru svæði þar sem verið var að nýta ofanvatnið í litlum rennum og líka gróðursvæði. Þarna voru regnbeð eins og það er kallað, sem eru beð sérstaklega byggð til að taka við regnvatni en það sér það enginn sem ekki veit það, fólk sér bara fallegt gróðurbeð. Á heitum sumardögum voru krakkarnir að hlaupa í gegnum í einhvers konar gosbrunna, sem var bara leikur hjá þeim en það var samt mikil verkfræðileg lausn á bak við þessa meðhöndlun á regnvatninu.“



**Í Hammarby Sjöstad er ofanvatnið nýtt í leik.**

Hún segir að þetta sé eitthvað sem við getum gert í meira mæli hér.

„Það er hægt að flétta þessa innviðauppbyggingu saman við leik og ákveðið ævintýri, eitthvað sem allir geta fengið að upplifa. Það verður að hanna hvernig við ætlum að takast á við loftslagsbreytingarnar inn í umhverfið. Með hærra hitastigi eigum við eftir að sjá meiri öfgar í veðri,“ segir hún og bætir við að það verði að hanna daglegt umhverfi til framtíðar með tilliti til þess.

# Allt er vænt sem vel er grænt

Doktor.is



Það er nokkuð óumdeilt að heilbrigði þeirra sem búa í borgum er tengt við umhverfi þeirra og möguleika til útivistar. Græn svæði eru mikilvægur þáttur í því að geta stundað hreyfingu og slökun, þá skila þau einnig umtalsvert miklu til baka í formi framleiðslu súrefnis og með því að draga úr mengun. Í mörgum borgum hafa þau áhrif á hitastig þeirra að hluta og opna möguleika borgarbúa á að nýta sér þau til heilsueflandi þátta hvort heldur sem er félagslegra, líkamlegra og ekki síst andlegra.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur áætlað að allt að 3% dauðsfalla á heimsvísu megi rekja til slælegs aðgengis að grænum svæðum til hreyfingar og útivistar, það eru ansi háar tölur og verða yfirvöld að horfa til þess að svæði sem þessi virðast snar þáttur í að viðhalda heilsu þeirra sem þar búa. Við vitum mætavel að þróun borga og þéttari byggðakjarna í heiminum fylgir oft aukin mengun og álag á umhverfið, í fátækari samfélögum þar sem vatns- og fráveitukerfi eru ekki í lagi, loftgæði ónóg og nálægð fólks veruleg geta skapast miklar hættur og sjúkdómar sem við erum blessunarlega að mestu laus við.

Þeir sjúkdómar sem helst er horft til í tengslum við umhverfi eru svokallaðir „non communicable diseases“ eða sjúkdómar sem eru ekki smitandi. Þar má nefna offitu, hjarta- og æðasjúkdóma, lungnasjúkdóma og krabbamein almennt. Umhverfi hefur áhrif á þróun allra þessara sjúkdóma og er ljóst að þrátt fyrir að við gerum okkar besta í skipulagi og nálgun er það auðvitað ekki nema hluti af menginu. Hreyfingarleysi og vestrænn lífsstíll er verulega stór áhættuþáttur sem hægt er að hafa áhrif á með því að opna svæði borga og bæja og gera hreyfingu meira aðlaðandi fyrir þá sem þar búa. Það að komast í tengsl við náttúruna er mjög hollt öllum og hefur fyrirbyggjandi áhrif.

Það má skipta þessu að einhverju leyti niður, en hvort sem það er góður göngutúr eða skokk, hjólreiðatúr eða að draga fram línu- eða hjólaskautana skilar það meiri árangri almennt en að gera slíkt hið sama innandyra. Sérstaklega þegar talin eru saman öll áhrifin, þau líkamlegu, andlegu sem og félagslegu. Við sem búum á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Íslandi höfum einstök tækifæri til útivistar. Útisundlaugar eru víða, það má synda í sjónum og hita sig svo upp í kjölfarið í heitum potti, við getum gengið á fjöll í námunda við byggð, farið í göngutúr í Laugardalnum eða nánast í óbyggð í Heiðmörkinni eða annars staðar. Margvíslegar íþróttir krefjast útiveru líkt og hjólreiðar, golf eða skíðamennska hvers konar svo dæmi séu tekin og þær má stunda víða um land. Hreyfing, af hvaða toga sem er, bætir, hressir og kætir og okkur er því ekki til setunnar boðið.

**Teitur Guðmundsson**
læknir

# GUERLAIN

FYRSTA SKREFIÐ Í DAGLEGRI
NÚLLSTILLINGU HÚÐARINNAR

## ABEILLE ROYALE

YOUTH WATERY OIL

NÝTT
DAGKREM




### ENDURVEKUR, MÝKIR, LÝSIR UPP

Kraftur hunangsins, höfgi olíunnar og ferskleiki vatnsins. Lausnin er blönduð hunangskrafti og er notuð undir dagkrem til að núllstilla húðina og mýkja hana upp. Fullkomnaðu umhirðuna með **NÝJA DAGKREMINU** til að draga úr einkennum öldrunar. Húðin verður stinnari, mýkri og geislandi.

ABEILLE ROYALE, AFKVÆMI VÍSINDA OG BÝFLUGUNNAR

## GUERLAIN DAGAR

**29. ÁGÚST TIL 1. SEPTEMBER Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI**

Guerlain-sérfræðingur verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

**20% afsláttur af Guerlain** vörum meðan á kynningu stendur

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni



**Tilfinningin að standa við kraftmikla Eyvindarfjarðarárfossa er engu lík.** MYND/TG

# Feigir fossar í Eyvindarfirði

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Eyvindarfjörður er fallegur fjörður á Ströndum, beint norður af Ófeigsfirði og skammt frá Drangaskörðum. Innst í firðinum var aldrei búið, enda undirlendi lítið, en utar undir Drangavíkurfjalli er gamalt eyðibýli. Í Landnámabók segir að fjörðurinn sé kenndur við landnámsmanninn Eyvind Herröðarson, en bræður hans námu land aðeins sunnar í Ófeigsfirði og Ingólfsfirði, sem eru ekki síður fallegir firðir.

Helsta djásn Eyvindarfjarðar er Eyvindarfjarðará sem á upptök sín í blátærum vötnum sunnan Drangajökuls. Í henni eru tugir fossa sem eru hver öðrum glæsilegri, en þeir neðstu, Eyvindarfjarðarárfossar, þykja tilkomumestir. Yfir þessa einstöku fossaröð eru tvær göngubrýr sem auðvelda göngu að Drangaskörðum. Þeir sjást einnig vel af sjó en þegar vatnið steypist niður hörð berglögin minnir fossakeðjan helst á hvítan blævæng sem glatt hefur sjómenn svo öldum skiptir.

Það er ógleymanlegt að skoða Eyvindarfjarðarárfossa í návígi og finna hvernig undirlagið hristist undan vatnsflaumnum. Fuglalíf og rekaviðardrumbar við ósinn auka síðan enn frekar á upplifunina.

Eyvindarfjörður á sér flókna sögu en árið 1787 fórst verslunarskipið Fortuna í firðinum með manni og mús. Skolaði ýmsum varningi á land sem spilltur sýslumaður að nafni Halldór Jakobsson bauð upp undir áhrifum, enda töluvert af strandgóssinu brennivín. Seldi hann sjálfum sér ýmsan varning úr strandinu á kostakjörum og var vikið úr embætti í kjölfarið.

Næsta áfall í sögu Eyvindarfjarðar var þegar hann var seldur ítölskum barón fyrir slikk árið 2006, en sá sagðist ætla að byggja sér þar sumarbústað. Í staðinn seldi hann stuttu síðar VesturVerki og síðar HS Orku vatnsréttindin í Eyvindarfjarðará, sem gerði fyrirtækjunum kleift að stækka fyrirhugaða Hvalárvirkjun úr 35 MW í 55MW. Um leið voru tugir stórkostlegra fossa leiddir í gálgann því verði af virkjun munu þeir allir þurrkast upp.

Í Eyvindarfjörð verður aðeins komist gangandi eða á báti. Frá bílastæðinu við Hvalárfossa er um dagsferð að ræða fram og til baka en við mælum með að taka með tjald, gista við ósinn og ganga þaðan upp og niður með fossunum. Þetta eru ósnortin víðerni eins og þau gerast best – víðerni sem vonandi fá að vera í friði um ókomnar aldir.



Fókus á hjarta landsins



**Úr fjarlægð líkjast Eyvindarfjarðarárfossar hvítri blæju.** MYND/ÓMB



**Kyrrð og ótrúleg náttúrufegurð einkennir botn Eyvindarfjarðar – enda fjörðurinn afskekktur.** MYND/TG


NÓA
NÓA
MEGA
KROPP
KARAMELLU
MEGA stuð!
MEGA gaman!
MEGA stemning!
NÓADAGURINN
Besti dagur vikunnar!

# Ekkert að frétta



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Hlé var gert á þingstörfum í byrjun júní og þar með ákveðið að draga einhverja þá langdregnustu þingsályktunartillögu sem sögur fara af enn á langinn. Fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins sagði við tilefnið of auðvelt að taka þingið í gíslingu en þingmenn Miðflokksins höfðu, líkt og frægt er orðið, haldið uppi miklu málþófi dagana áður.

Formaður Miðflokksins fagnaði því við þinglok að loks gæfist ráðrúm til að skoða orkupakkamálin betur þrátt fyrir að formaður utanríkismálanefndar hefði sýnt efasemdarmönnum mikla, og reyndar sjálfsagða, kurteisi með því að kalla fyrir nefndina fjöldann allan af gestum, sem reifuðu allar staðreyndir málsins fram og aftur.

Nú þegar sumarfríi þingmanna er lokið og tími Miðflokksins kominn kemur því nokkuð á óvart að nákvæmlega ekkert nýtt komi fram í málflutningi Miðflokksmanna á þinginu um orkupakkann.

Vert er að draga fram aðalatriði málsins sem andstæðingar pakkans, hvar sem þeir kunna að standa í stjórnmálum, halda fram:

1. Með innleiðingu orkupakka þrjú er ekkert vald framselt til erlendra stofnana.
2. Ekkert í orkupakka þrjú skuldbindur Íslendinga til að leggja eða samþykkja sæstreng.
3. Íslenska ríkinu er í sjálfsvald sett hvort áfram verði virkjað hér landi, hvað sem orkupakkanum líður.
4. Erfitt er að sjá hvernig verið sé að fara gegn stjórnarskránni með innleiðingunni.
5. Innleiðing pakkans mun ekki leiða til hærra orkuverðs, nema síður sé.
6. Með orkupakka þrjú er ekki verið að skylda hið opinbera til þess að einkavæða raforkustofnanir.

Með þessi atriði fyrir augum er erfitt að sjá frá hverju nákvæmlega andstæðingar orkupakkans vilja undanþágu, nema að um sé að ræða einfaldlega undanþágu frá alþjóðasamstarfi. Engu er líkara en að menn slái vísvitandi ryki í augu fólks.

Í alvöru könnunum þar sem spurt hefur verið um málið hefur komið í ljós að margir landsmenn vilja ekki að Alþingi samþykki orkupakkann. Þar kemur einnig fram að meirihluti landsmanna hefur ekki kynnt sér málið eða kynnt sér það illa. Sérstaka athygli vekur að stuðningur við pakkann eykst eftir því sem fólk hefur kynnt sér málið betur.

Það er mikilvægt að kjörnir fulltrúar fari rétt með staðreyndir mála. Skemmst er að minnast framgöngu formanns Flokks fólksins í Silfrinu í vor þar sem hún hélt því fram að með innleiðingu orkupakkans gætu landsmenn sjálfir vaðið í að virkja ár og lagt sæstreng án nokkurra opinberra afskipta. Það, eins og svo margt í umræðunni um þetta mál, er þvæla.

Sennilega voru það stór mistök af hálfu ríkisstjórnarinnar að framlengja bullið og afgreiða ekki málið strax í vor. Hættan er að fólk fari að trúa rangfærslunum eftir því sem þær eru oftar þuldar upp. Ekki þarf að líta langt yfir hafið til að sjá stjórnmálamenn í æðstu embættum sem skeyta engu um sannleikann.

**Sennilega voru það stór mistök af hálfu ríkisstjórnarinnar að framlengja bullið og afgreiða ekki málið strax í vor.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Glóbalistasamsærið**

**Pétur Gunnlaugsson reisti í vikunni Útvarpi Sögu veglega vörðu á krákustígum stöðvarinnar um íslenskt fjölmiðlalandslag með tímamótaviðtali við sagnfróðan Hall Hallsson. Þeir félagar flettu ofan af alheimssamsæri djúpríkra sósíalistaglóbalista sem hafa víst tekið yfir RÚV, Sjálfstæðisflokkinn og Evrópusambandið til þess að drepa lítil börn og gera Ísland að hjálendu. Lygilegra en nokkur skáldskapur, hlýtur þetta að vera sannleikurinn þannig að nú ríður á að losa RÚV úr hálstaki Sorosar og ryðja Gísla Marteini og vinum hans úr Vesturbænum út svo Hallur og Pétur fái sinn verðskuldaða sess í sjónvarpinu á föstudagskvöldum.**

**Grænmetispressan**

**Tími Leðurblökumannsins er liðinn þar sem fram er komin ofurhetjan Kálmann, sem Arnmundur Ernst Backman leikur. Kempan hefur skorað á sjálfan Kjötmann í sjómann, en sá er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í hjáverkum. Tilgangurinn er að fá úr því skorið hvora hetjuna börnin elska meira. Kjötmann telur sjómann ekki besta mælikvarðann á styrk og stingur upp á fótapressu. Þessa pattstöðu má þó auðveldlega leysa með því að benda þeim á að nýbúið er að opna bardagapytt við Tryggvagötu.**

arib@frettabladid.is

# Forræðishyggja í borginni



Eyþór Laxdal Arnalds
oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn

Þeir sem hafa verið lengi við völd verða oft værukærir. Hlusta helst á viðhlæjendur. Telja sig ekki þurfa að hlusta á kjósendur og upplýsa þá sem minnst. Vilja frekar hafa vit fyrir fólki. Borgarstjóri hefur verið 17 ár í borgarstjórn. Það er langur tími. Það er kannski engin tilviljun að lítið samráð er haft þegar farið er í framkvæmdir. Hverfisgatan er því miður ekki einsdæmi um vinnubrögðin. Lítið er hlustað þegar skattar og gjöld íþyngja fólki og rekstraraðilum svo margir þurfa að hætta starfsemi. Í stað þess að bæta strætó er lögð áhersla á þrengingar til að þvinga fólk til að breyta um ferðamáta. Ég trúi frekar á að gefa fólki valkost. Bæta þjónustuna. Og svo er þrengt að náttúrunni. Búið er að skipuleggja atvinnustarfsemi í Elliðaárdalnum, þrátt fyrir mótmæli íbúanna. Fyrirhugað er í skipulagi að byggja blokkir efst í Laugardalnum. Og lítið bólar á orkuskiptum fyrir farþegaskipin sem menga hressilega.

**Skerða skólamatinn**

Nýjasta útspilið er svo að „minnka framboð dýraafurða verulega“ fyrir skólabörn, eins og oddviti VG orðaði það. Skerða þannig skólamatinn. Skyr, fiskur, ostur, kjöt og egg eru dýraafurðir. Af hverju í ósköpunum vill meirihlutinn í borgarstjórn þetta? Jú, það er til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Þá þarf að flytja inn grænmeti og ávexti í staðinn með flugi og skipum. Væri ekki nær að líta sér nær? Bjóða börnunum hollan og fjölbreyttan mat í skólunum? Og ef við viljum í alvöru vera umhverfisvæn. Þá eigum við að auðvelda rafbílavæðingu. Minnka losun farþegaskipa. Hlífa grænu svæðunum í borginni. Og hætta að vera með borgarstjórabíl sem gengur fyrir jarðefnaeldsneyti. Svo eitthvað sé nefnt. Matur barna skiptir máli. Ég hefði frekar viljað sjá tillögur um að bæta skólamat frekar en að skerða hann. Hafa val. En svona getur langseta í borgarstjórn leitt hið ágætasta fólk út á forað forræðishyggjunnar.

**Væri ekki nær að líta sér nær? Bjóða börnunum hollan og fjölbreyttan mat í skólunum?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þegar fólkið rís upp

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Stokkhólmi – Í þessum mánuði eru liðin 30 ár síðan Eistar, Lettar og Litháar tóku höndum saman og mynduðu 600 km langa keðju sem teygði sig yfir öll löndin þrjú frá norðri til suðurs. Keðjuna mynduðu tvær milljónir manna, fjórða hvert mannsbarn í löndunum þrem, til að undirstrika óskir sínar um frelsi undan oki Rússa og endurheimt sjálfstæðis sér til handa. Hálf öld var þá liðin frá griðasamningi Hitlers og Stalíns frá 1939 sem svipt hafði Eystrasaltslöndin þrjú frelsi og sjálfstæði. Annað mikilvægt vopn Eystrasaltsþjóðanna í sjálfstæðisbaráttunni var söngurinn. Þau sungu saman á fundum. Þau þóttust vita að jafnvel Rauði herinn ræðst ekki gegn syngjandi fólki.

### Örlagaárið 1989

Fleira gerðist þetta örlagaríka ár, 1989. Þegar stúdentar söfnuðust saman á Torgi hins himneska friðar í Beijing til að biðja um aukið lýðræði, þetta var í júní, þá sendi ríkisstjórnin 300.000 hermenn á vettvang til að tvístra stúdentunum með vopnavaldi. Ríkisstjórnin segir að 300 manns hafi látið lífið, en aðrar heimildir segja 3.000 eða þar um bil. Þessir atburðir eru ennþá feimnismál í Kína. Ekkert er um þá sagt í kennslubókum handa börnum og unglingum. Harðlínumenn í Kreml heimtuðu að stjórnin beitti vopnavaldi gagnvart Eystrasaltsríkjunum 1989 eins og hún hafði gert í Berlín 1953, Búdapest 1956 og Prag 1968, en svo fór þó ekki að þessu sinni því nú blésu nýir vindar í Moskvu þar sem Míkhaíl Gorbatsjov var orðinn aðalritari Kommúnistaflokksins.

Um svipað leyti tókst 600-700 Austur-Þjóðverjum að flýja landið í gegnum örmjóa glufu á landamærum Austurríkis og Ungverjalands. Þegar Rússar létu sem þeir tækju ekki eftir þessu brast á flótti þúsunda sem varð til þess að ungverska ríkisstjórnin opnaði landamæri sín upp á gátt. Stíflan var brostin. Verklýðsfélaginu Samstöðu hafði þá um vorið tekizt að brjóta einræði pólska kommúnistaflokksins á bak aftur og vann í júní í fyrstu frjálsu kosningum í landinu frá 1928 öll þingsæti, að einu undanskildu, önnur en þau sem flokkurinn hafði tryggt sér í forgjöf. Síðar á árinu var Nicolae Sjáseskú steypt af stóli í Rúmeníu og þau hjónin bæði, hann og Elena, skotin eins og hundar. Árið eftir leiddu frjálsar kosningar í Austur-Þýzkalandi til sameiningar landsins við Vestur-Þýzkaland. Önnur kommúnistalönd í Mið- og Austur-Evrópu tóku sér sjálfstæði eitt af öðru án þess að Kreml fengi rönd við reist. Að loknu misheppnuðu valdaráni nokkurra drukkinna Kremlverja lagði æðstaráð kommúnistaflokksins Sovétríkin formlega niður fyrir árslok 1991. Taflinu var lokið.

### Lýðræði, lög og réttur

Atburðarásin hefði getað orðið önnur: blóðbað og áframhaldandi kúgun og ofbeldi í stað frelsis, friðar og lýðræðisvakningar. En svo fór ekki. Eins og hendi væri veifað fjölgaði lýðræðisríkjum heimsins um rösklega 20, Sovétlýðveldin 15 auk kommúnistalandanna í Mið- og Austur-Evrópu sem gengu öll lýðræði og markaðsbúskap á hönd. Búlgarar, Króatar, Pólverjar, Rúmenar, Tékkar, Slóvakar, Slóvenar og Ungverjar gengu frelsinu fegnir í ESB og Albanar, Norður-Makedónar, Svartfellingar og Serbar búast nú til inngöngu. Til að styrkja umsókn sína um aðild réðust Albanar á eigin spýtur og með erlendri hjálp í rannsókn á dómskerfi landsins með þeim árangri að nær helmingur þeirra dómara og saksóknara sem lentu undir smásjánni hefur látið af störfum m.a. vegna þess að þeir gátu ekki gert grein fyrir eignum sínum. Það er efni í aðra grein.

Af Sovétlýðveldunum 15 afréðu aðeins Eystrasaltslöndin þrjú að ganga í ESB. Vonin um innreið lýðræðis, laga og réttar í hin 12 Sovétríkin sálugu rættist ekki þegar á reyndi. Lýðræðiseinkunnin sem Freedom House gefur Eystrasaltslöndunum nú er 8,7 í Lettlandi, 9,1 í Litháen og 9,4 í Eistlandi borið saman við 2,0 í Rússlandi og 3,0 að meðaltali í gömlu Sovétlýðveldunum 12 að Eystrasaltsríkjunum frátöldum. Af þessum 12 ríkjum hafa Georgía, Moldavía og Úkraína þá sérstöðu að Evrópuþingið metur þau reiðubúin til umsóknar um aðild enda eru lýðræðiseinkunnir þeirra á bilinu 5,8 til 6,3, langt fyrir ofan Rússland. Stofnun Bandaríska lögfræðingafélagsins, World Justice Project, gefur æ fleiri löndum einkunnir fyrir dómskerfi og réttarfar með því að leggja mat á m.a. valdmörk og mótvægi við ríkisvald, gegnsæi í andstöðumerkingu við spillingu, virðingu fyrir mannréttindum, framfylgd laga o.fl. Stofnunin gefur Rússlandi og sjö öðrum fv. Sovétlýðveldum að meðaltali einkunnina 5,1 fyrir lög og rétt á móti 8,1 í Eistlandi. Lýðræði, lög og réttur haldast í hendur.

Lýðræði á víða undir högg að sækja. Fólkið í Hong Kong (lýðræðiseinkunn 5,9; lög og réttur 7,7) berst nú fyrir lýðræði og réttlæti í borgríkinu sem var brezk nýlenda og naut óskoraðs lýðræðis og mannréttinda til 1996 og býr nú við ógn og yfirgang kommúnistastjórnarinnar í Beijing (lýðræðiseinkunn 1,1; lög og réttur 4,9). Tvær milljónir manna sækja suma útifundina til varnar lýðræðinu. Íbúafjöldi Hong Kong er 7,4 milljónir.


Áminning um framtalsskil lögaðila

Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila um skil á skattframtali 2019

Álagning opinberra gjalda á lögaðila árið 2019 vegna rekstrarársins 2018 fer fram í september nk.



Forráðamenn lögaðila, sem enn hafa ekki staðið skil á skattframtali 2019 ásamt ársreikningi, eru hvattir til að annast skil hið allra fyrsta.

Skráður lögaðili skal ætíð skila skattframtali vegna undangengins reikningsárs þrátt fyrir að engin eiginleg starfsemi eða rekstur hafi átt sér stað á reikningsárinu.

Félög eiga jafnframt að skila ársreikningi til ársreikningaskrár.

Skattframtali og ársreikningi ber að skila rafrænt á skattur.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

# Er Sigmundur Davíð orðinn Shakespeare?



**Michel Sallé**
doktor frá Sorbonne-háskóla í stjórnmálafræðum



Ermarsundsgöngin sem tengja saman Frakkland og Bretland eru 25 ára. Hvað heyrði maður ekki á Bretlandseyjum þegar vinna við göngin hófst? Að óð dýr myndu ryðjast inn í landið, sem og hryðjuverkamenn, vínviðarmygla myndi yfirtaka hinar dásamlegu vínekrur Kents, og eins væri von á heilum her franskra köngulóa. Óttinn náði nær upp á hæstu svið konungsríkisins þegar Margaret Thatcher neitaði nokkurri hjálp hins opinbera. Shakespeare var kallaður til hjálpar (Ríkharður II):

*The other Eden, demi-paradise, / This fortress built by Nature for herself / Against infection and the hand of war, / This happy breed of men, this little world, / This precious stone set in the silver sea, / Which serves it in the office of a wall, / Or as a moat defensive to a house, / Against the envy of less happier lands, / This blessed plot, this earth, this realm, this (... Iceland?)*

Svo ég haldi áfram tilvitnunum í öðrum, ekki eins skáldlegum anda, en mjög líklegum, ef ekki sönnum, þá á breski verkamaðurinn sem ruddi burt síðasta steininum sem aðskildi Frakkland og Bretland að hafa hrópað upp: „Hér er hvítlaukslykt.“ Síðan þá hafa 430 milljónir farþega farið um göngin, og 86 milljónir farartækja; að sjálfsögðu hafa engar þessar heimsendaspár ræst, ekki einu sinni hvítlaukslyktin. Boris Johnson hefur ekki enn beðið um að göngunum verði lokað.

Er þá Sigmundur Davíð orðinn að Ríkharði II?

Ég læt Íslendingum eftir að ákveða sjálfir hvort eyja þeirra er „gimsteinn skorðaður í silfursjó“, og hvort þeir líti allir á sig sem „þetta heppna kyn“, beina afkomendur þeirra víkinga sem náttúran valdi til að komast til eyjunnar, koma sér þar fyrir og lifa af. En aðalspurningin er um víggirðingar og varnarskurði, og því miður er hún spurð með afskræmdum hætti: „Eigum við að gefa frá okkur þessar víggirðingar og varnarskurði til að þóknast evrópskum skrifstofublókum sem vinna í Ljubljana, aðsetri ACER?“ Eins og andrúmsloft er í dag þarf mikið hugrekki til að svara játandi. Þó varð ég hissa þegar ég var nú nýlega á Íslandi hve erfitt var fyrir þá neikvæðu að finna sterk rök fyrir afstöðu sinni. Þau voru oftast svipuð þeim sem heyrðust í Bretlandi fyrir 25 árum.

Það er alger synd að mál þetta skuli vera svona afskræmt af skammarræðum Sigmundar Davíðs og vina hans. Það er augljóst að hans eini tilgangur er að hefna sín á brottrekstri úr Framsóknarflokknum eftir birtingu Panamaskjalanna. Því þessi spurning er mikilvæg og svar við henni þarf að vera laust við ástæðulausa tortryggni eða falsanir. Hér má til dæmis geta þess að franska rafmagninu er stjórnað í París en ekki í Ljubljana, franska ríkisstjórnin er með í ráðum hvað varðar verð, og rafmagnsfyrirtækin, hvort sem þau eru ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki, ákveða sjálf það magn sem flutt er út eða inn á hverjum tíma, af því að það er erfitt að geyma rafmagn.

Eyjan telur nú 360 þúsund íbúa, flesta þeirra borgarbúa, með réttmætu stolti af því sem náðst hefur, fjárhagslega og félagslega. Hún á fátt sameiginlegt með því sem var fyrir einni öld. Hún er nú á straumamótum: Á hún að dragast saman, ein úti á hafi, eða berast með þeim straumum, ekki bara efnahagslegum heldur líka félagslegum, sem hún hefur þegar haft mikinn hagnað af? Allt val felur í sér að einhverju verður að afsala. Er nær að afsala þér Evrópska efnahagssvæðinu frekar en víggirðingum og varnarskurðum? Hrunið mikla 2008 sýndi hve þessi vörn var mikil sjónblekking. Tekur því að bíða eftir næsta hruni til að fá staðfestingu á því?

# Hvert á að stefna í bankamálum?



**Guðmundur J. Guðmundsson**
kennari

Þeir flokkar sem standa að núverandi ríkisstjórn hafa lýst þeim einlæga ásetningi sínum að selja þá tvo banka sem nú eru í eigu ríkisins til einkaaðila. Seint verður sagt að stjórnin gangi í takt við þjóðina í þessu máli því yfirgnæfandi meirihluti hennar hefur lýst eindreginni andstöðu við slíkan gerning í skoðanakönnunum. Sporin hræða á þeim bæ þótt þau geri það ekki í stjórnarráðinu eða á þingi. Ein aðalröksemd einkavæðingarflokkanna fyrir sölunni er að það muni verða svo miklar breytingar á bankastarfsemi á næstu árum að eins gott sé að losna við bankana sem fyrst meðan þeir séu einhvers virði. Þegar hins vegar er spurt hverjar þessar breytingar séu vefst mönnum tunga um háls og verður fátt um svör. Það næsta sem ég hef komist við að fá svör við þessari spurningu er að bráðum verði hægt að framkvæma allar bankaaðgerðir gegnum einhver snjalltæki með öppum eða einhverju slíku.

Undirritaður man þá tíð að eitt algengasta greiðsluform fólks í almennum viðskiptum voru ávísanir. Allir gengu með ávísanahefti í veskinu og skrifuðu ávísanir þegar þeir keyptu í matinn. Síðustu helgi í mánuði „gúmmuðu“ menn svo grimmt innistæðulausum ávísunum á börum bæjarins í þeirri von að þær færu ekki inn í bankann fyrr en eftir mánaðamót. Ávísanirnar eru nú því sem næst horfnar úr almennum viðskiptum. Þar á undan þurftu menn að fara í bankann og taka út þá peninga hjá gjaldkera sem þeir töldu að þeir þyrftu að nota á næstunni. Núna borga menn með appi í símanum sínum.

Grunnstarfsemi bankanna gagnvart almenningi hefur hins vegar ekkert breyst síðan þeir komu fram í núverandi mynd á 14. og 15. öld, það er að segja að taka við innlánum frá fólki og lána þeim sem þurfa á lánum að halda. Vandséð er að einhver öpp muni breyta þeirri starfsemi frekar en ávísanaheftin hér áður fyrr en kannski geta stjórnmálamennirnir upplýst okkur um það.

Það má vissulega færa rök fyrir því að óþarfi sé að ríkið eigi tvo banka en það væri full ástæða til að ríkið ætti og ræki einn banka sem gegndi nákvæmlega því hlutverki sem lýst var hér að framan, tæki við innlánum launafólks og lánaði fé ef viðskiptavinirnir þyrftu að endurnýja eldhúsinnréttinguna, bílinn eða stækka við sig íbúðina. Bankinn gæti líka sinnt litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þessi banki hefði einnig þann stóra kost að innlán væru ríkistryggð upp að vissu marki þannig að lítil hætta væri á að þau Jón og Gunna sem eiga aura í bankanum töpuðu þeim í einhverjum hamförum á fjármálamörkuðum. Aðrar fjármálastofnanir mættu svo gjarnan vera í einkaeign og þar gætu banksterar, hrunkvöðlar, útrásarvíkingar og annar óþjóðalýður látið öllum illum látum án þess að það kæmi við okkur hin. Ríkisbankinn yrði hins vegar íhaldsöm og varkár fjármálastofnun sem hefði meiri áhuga á Jónu Jóns en Dow Jones.

**Er ekki kominn tími til að endurreisa Sparisjóð alþýðu?**

Ég þykist þess fullviss að þessar hugmyndir muni falla í grýttan jarðveg hjá einkavæðingarflokkunum í stjórn og stjórnarandstöðu og því er rétt að spyrja forystumenn ASÍ, Eflingar, VR og BSRB: „Er ekki kominn tími til að endurreisa Sparisjóð alþýðu?“

# Lambakjötsútflutningur og kolefnisfótspor



**Andrés Magnússon**
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

Á undanförnum mánuðum hefur verulegt magn lambakjöts verið flutt út, m.a. til fjarlægra landa á borð við Japan og Víetnam. Þessi útflutningur varð það mikill að skortur myndaðist á innanlandsmarkaði, sérstaklega á lambahryggjum. Afurðastöðvar í landbúnaði sköpuðu skortinn vísvitandi í þeim tilgangi að geta hækkað verð á lambakjöti til íslenskra neytenda. Plottið gekk upp, verð frá afurðastöðvum hækkaði um tugi prósenta og íslenskir neytendur voru, eins og fyrri daginn, þeir sem borguðu brúsann. Forsvarsmenn afurðastöðvanna gerðu ekki minnstu tilraun til að fela þessa stöðu og greindu frá yfirvofandi skorti á fundi með sauðfjárbændum síðastliðið vor, þegar fjórir mánuðir voru þar til sláturtíð hæfist.

Þegar innlend framleiðsla getur ekki annað eftirspurn, ber lögum samkvæmt að heimila innflutning á viðkomandi vöru. Samtök verslunar og þjónustu sendu því erindi til ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara í júní sl., þar sem farið var fram á að heimild yrði veitt til tollfrjáls innflutnings á lambahryggjum. Eftir að hafa sinnt lögboðinni rannsóknarskyldu sinni, ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að innflutningur, með lækkuðum tollum, yrði heimilaður í einn mánuð. Ekkert benti til annars en að heimildin yrði veitt, enda lögboðnar forsendur til staðar. Þá gripu pólitískir hagsmunaaðilar í taumana, landbúnaðarráðherra lét undan og heimildin var ekki veitt. Íslenskir neytendur sátu eftir með sárt ennið, lambahryggir voru fluttir inn á fullum tollum og neytendur nutu þ.a.l. ekki þess ábata sem að var stefnt. SVÞ hafa þegar sent viðeigandi stofnunum erindi vegna þeirra viðskiptahátta sem afurðastöðvarnar sýndu af sér í þessu máli.

Á Íslandi er nú framleitt um 30% meira af lambakjöti en þörf er fyrir á innanlandsmarkaði, eða um 3 þúsund tonn. Það magn er allt flutt út, á verði sem er langt undir því sem innlendri verslun stendur til boða. Kolefnisfótspor af þeim útflutningi hefur hins vegar ekki verið kannað. SVÞ munu því á næstunni senda erindi til umhverfisráðherra þar sem óskað verður eftir að kolefnisfótspor útflutnings á lambakjöti verði kannað sérstaklega.

Það er nefnilega full ástæða til að allur herkostnaður þess útflutnings sé uppi á borðinu. Skattgreiðendur eiga heimtingu á því.

# Lækkum lyfjakostnað og veljum samheitalyf



**Jónas Þ. Birgisson**
lyfjafræðingur



**Aðalsteinn Jens Loftsson**
lyfjafræðingur

Lyf á Íslandi hafa lækkað að raunvirði um helming frá árinu 2003 og í dag er lyfjaverð á Íslandi sambærilegt við það sem gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum þegar tekið er tillit til þess að lyf eru í hæsta virðisaukaskattsþrepi hér á landi. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu Hagfræðistofnunar um lyfsölu á Íslandi. Í sömu skýrslu kemur einnig fram að kostnaður sjúklinganna sjálfra vegna lyfjakaupa er hins vegar hærri hér á landi og kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi greiðir ríkið minna hlutfall í lyfjakostnaði en annars staðar og því greiðir almenningur meira, sem þýðir í raun að lækkunin sem orðið hefur á lyfjaverði hefur skilað sér að mestu til ríkisins en ekki til fólksins í landinu. Í öðru lagi er notkun samheitalyfja minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

**Hvað eru samheitalyf?**

Þetta er spurning sem við starfsfólk apótekanna fáum oft. Í stuttu máli má segja að lyf samanstandi í grunninn af tveimur þáttum; annars vegar er um að ræða virka efnið sem á að gera það sem leitað er eftir, og hins vegar ýmiskonar hjálparefni. Samheitalyf inniheldur því þetta sama virka efni en hjálparefnin eru hins vegar önnur. Fyrir flesta skipta þessi hjálparefni ekki máli en í sumum tilfellum geta þau vissulega skipt sköpum. Við hjá Lyfju mælum með því að prófa samheitalyf sé það í boði og spara þannig verðmismuninn. Ef í ljós kemur að einstaklingur getur af einhverjum orsökum ekki notað ódýrari samheitalyf, getur læknir viðkomandi sótt um aukna greiðslu til Sjúkratrygginga þannig að ekki falli aukinn kostnaður á viðkomandi.

**„En læknirinn skrifaði upp á þetta lyf“**

Við sem störfum í apótekum heyrum oft að læknir hafi skrifað upp á visst lyf og þá er spurt hvers vegna hann hafi þá ekki skrifað upp á ódýrara samheitalyfið sem verið er að bjóða í staðinn. Læknar geta átt erfitt með að fylgjast með öllum þeim nýjum lyfjum sem koma á markaðinn en lyfjafræðingar apótekanna hafa hins vegar betri yfirsýn. Það er því hlutverk okkar lyfjafræðinganna í apótekunum að benda fólki á samheitalyfin. Hægt er að spara tugi þúsunda króna á ársgrundvelli með notkun og kaupum á ódýrara samheitalyfi. Algengt er að sparnaðurinn telji um 1.000 til 2.000 krónur á hverjum þriggja mánaða skammti sé ódýrara lyfið valið. Taki einstaklingur því fjögur mismunandi lyf að staðaldri, er hægt að spara um 16 til 32 þúsund krónur í lyfjakostnað á ári hverju.

Lyfja skorar á stjórnvöld að láta einstaklinga njóta verðlækkunar lyfja á síðustu árum með því að hækka greitt hlutfall ríkisins í heildarkostnaði lyfjanna. Við hjá Lyfju ætlum hins vegar að setja okkur það markmið að auka hlutfall ódýrari samheitalyfja með betri fræðslu til þeirra sem þurfa á lyfjum að halda.

*Höfundar eru lyfjafræðingar og starfa sem lyfsalar í Lyfju á Granda og Lyfju á Ísafirði.*

# Hefði Nóbelsverðlaunaskáldið kallað þá skemenn?



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Það hefur verið með ólíkindum, hvernig bullið og ruglið um ESB-orkupakkana hefur flætt yfir bakkana, án efnisraka, góðra útskýringa eða skiljanlegs málflutnings.

Það hefur verið talinn góður siður að hugsa og kynna sér málin fyrst og tjá sig svo á eftir. Hér, hins vegar, láta menn í stórum stíl – líka virðingarverðir menn og að margra mati góðir og klárir, líka merkir ritstjórar og fyrrverandi ráðherrar, svo að ekki sé nú talað um þá, sem hvort tveggja eru – móðan mása og spara ekki stóru orðin annaðhvort af þekkingarskorti eða í stórfelldum blekkingaleik.

Þessi mannskapur heldur því fram, að Íslendingar búi yfir gífurlegri raforku, langt umfram aðra menn og þjóðir, og að vondir útlendingar og ESB-grýlur ásælist þennan mikla orkuauð okkar.

Hver er sannleikurinn í málinu? Hér að neðan verður reynt, að koma kjarna hans að – þó að þetta verði kannske bara eins og dropi í ólgandi ósanninda- og blekkingahafið.

„Orkan okkar“ – þar sem nokkrir þeirra eru samankomnir, sem Laxness hefði kannske kallað skemenn – segir m.a. þetta í heilsíðuauglýsingu í Mogga nýlega.

„VIÐ ERUM MESTA RAFORKUÞJÓÐ HEIMS.“

Þetta myndi auðvitað gera íslenzka raforku merkilega, og væri jafnvel hægt að tala um sérstök auðæfi, ef þetta væri nú bara satt og rétt.

Og hver er sannleikurinn? ESB framleiðir (2017) 2.895.917.693 gígavattstundir af raforku. Og hvað framleiddi Ísland? 18.061.163 gígavattstundir. Íslenzk raforkuframleiðsla er sem sé aðeins 0,6% af raforkuframleiðslu ESB.

Íslenzk raforka er þannig rétt upp í nös á ketti í evrópsku heildarsamhengi; það ásælist hana enginn og það hefur enginn minnsta áhuga á henni. Liggur ekki líka fyrir, að okkur kynni sjálf að skorta orku, til eigin nota, innan þriggja ára? Næstu meiriháttar rafstrengir verða lagðir yfir Miðjarðarhaf, frá Afríku til Evrópu, byggt á óendanlegri sólarorku þeirrar álfu, verði Evrópa þá ekki orðin sjálfri sér næg með sólar-, vind- og sjávarfallaorku.

Og hvað meinti svo rithöfundurinn mikli með „skemaður“? Blekkingameistari, loddari, hræsnari, en reyndar líka seiðkarl. Simmi seiðkarl? Hljómar ekki illa.

## Mikilvægt skref fyrir leikjaiðnað



**Vignir Örn Guðmundsson**
formaður Samtaka leikjaframleiðenda

Samtök leikjaframleiðenda fagna því að nú sé hafið nám í tölvuleikjagerð í nýjum menntaskóla Keilis á Ásbrú. Nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi hefur verið áherslumál hjá samtökunum í nokkur ár og munu samtökin veita faglega ráðgjöf við framkvæmd námsins. Námið gerir nemendum kleift að komast í tæri við fjölbreytt viðfangsefni tölvuleikjagerðar og öðlast grundvallarfærni í faginu fyrr á lífsleiðinni.

Mikil aðsókn var í námið og komust færri að en vildu, alls 45 nemendur. Það er ekki að ástæðulausu að nemendur sýni tölvuleikjagerð og leikjaiðnaði áhuga. Á alþjóðavísu veltir leikjaiðnaður í dag meira en kvikmyndaiðnaður og tónlistariðnaður til samans, um 43,8 milljörðum Bandaríkjadollara eða rúmlega 5.000 milljörðum króna. Tölvuleikir leika því stærsta hlutverkið í afþreyingariðnaði, sérstaklega hjá upprennandi kynslóðum.

Mikil gróska hefur verið í íslenskum leikjaiðnaði síðastliðinn áratug. Fjöldi virkra leikjafyrirtækja á Íslandi hefur farið úr 5 í 19 á síðustu 10 árum. Í leikjaiðnaði starfa yfir 300 manns. Leikjaiðnaður er einstaklega hagrænn og skapandi iðnaður sem gengur ekki á auðlindir, byggir alfarið á hugviti, þarfnast fjölbreytts vinnuafls, býður há laun fyrir hæft starfsfólk og tekur nánast alla sína veltu erlendis frá, eða um 98% að meðaltali síðustu 10 ár. Nám í tölvuleikjagerð á framhaldsskólastigi er því sannarlega liður í að styrkja stoðir og grasrót leikjaiðnaðar hér á landi.

Samtök leikjaframleiðenda vilja koma á framfæri þakklæti til forsvarsmanna menntaskóla Keilis á Ásbrú fyrir eljusemi og þrek í að koma brautinni á laggirnar. Kerfið sagði nei í nokkur ár, en með nýrri forystu í menntamálum á Íslandi opnuðust dyr fyrir framsækið nám sem mætir eftirspurn hjá bæði nemendum og atvinnulífi. Samtökin vilja því færa Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, sérstakar þakkir fyrir að taka af skarið og láta námið verða að veruleika. Það er til marks um opinn hug og sýn ráðherra á hugvitsdrifnar náms- og atvinnugreinar.




# Er lánsábyrgðin lögmæt?



**Guðbrandur Jóhannesson**
landsréttarlögmaður hjá Lögmönnum Sundagörðum

Hér er greint frá dómi sem skýrir hvernig ábyrgð á lánum af hálfu ábyrgðarmanna getur orðið ógild ef lánveitendur uppfylla ekki skyldur sínar gagnvart ábyrgðarmönnum með hliðsjón af lögum um ábyrgðarmenn frá 2009.

Lög sem tóku gildi 2009 um ábyrgðarmenn kváðu á um þrjár meginskyldur lánveitenda. Í fyrsta lagi að lánveitendur skuli vinna greiðslumat á skuldara og kynna fyrir ábyrgðarmanni áður en ábyrgðarmaðurinn staðfestir ábyrgð sína með undirskrift. Í öðru lagi að lánveitendur skuli með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar. Í þriðja lagi er kveðið á um vissa upplýsingaskyldu lántaka gagnvart ábyrgðarmanni.

Vanræki lánveitandi að sinna einhverri af ofangreindum reglum/skyldum, þá leiðir það til þess að ábyrgðin eða lánsveðið er að öllum líkindum ólögmæt og ábyrgðin því ógildanleg skv. samningalögum.

Ógilding ábyrgðar á þeim forsendum var einmitt niðurstaðan í dómi sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 10. júlí sl. í máli nr. E-1719/2018. Málið snerist um að LÍN hafði stefnt skuldara námsláns og ábyrgðarmanni til greiðslu skuldar. Ábyrgðarmaðurinn tók þar til varna og sá undirritaður um að gæta hagsmuna hans fyrir dómi.

Krafa ábyrgðarmannsins var sú að sjálfskuldarábyrgð lánsins myndi víkja á grundvelli 36 gr. samningalaga, meðal annars vegna þess að LÍN sem lánveitandi, hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að LÍN hafi ekki uppfyllt skyldu sína um að ráða ábyrgðarmanninum frá því skriflega að gangast undir ábyrgðina. Með vísan til þess taldi héraðsdómur óvíst hvort ábyrgðarmaðurinn hefði verið tilbúinn að gangast undir sjálfskuldarábyrgðina ef LÍN hefði svo sem opinberum lánastofnunum er skylt, ráðið honum skriflega frá því.

Héraðsdómur taldi þar af leiðandi að uppfyllt væru skilyrði samningalaga til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgðinni enda ósanngjarnt að mati dómsins af hálfu LÍN að bera fyrir sig „óupplýst“ loforð ábyrgðarmannsins. Var ábyrgðarmaðurinn því sýknaður af fjárkröfu LÍN.

Að mati undirritaðs eru fjölmörg sambærileg dæmi til staðar í samfélaginu, þar sem að lánastofnanir hafa ekki fylgt ofangreindum reglum og eru að innheimta kröfur hjá ábyrgðarmönnum sem í reynd eru ólögmætar. Þeir sem hafa gengist í ábyrgð fyrir skuld geta og eiga að kanna stöðu sína að þessu leyti. Það er á valdi ábyrgðarmanna að sækja þennan rétt sinn því lánveitendur skoða ekki réttmæti ábyrgða hvað þessi atriði varðar að eigin frumkvæði.

Fordæmi þess dóms sem féll í umræddu máli sýnir að það getur margborgað sig fyrir ábyrgðarmenn að fá óháða sérfræðinga til að kanna réttarstöðu sína í þessum efnum.

# Áfall



**Sigríður Snæbjörnsdóttir**
varaformaður Félags eldri borgara

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er eitt fjölmennasta félag landsins. Ríflega 12.000 greiðandi félagsmenn tilheyra því. Eitt af fjölmörgum hlutverkum Félags eldri borgara (FEB) er að vinna að úrbótum í húsnæðismálum fyrir eldri borgara. Til langs tíma hefur FEB byggt fjölbýlishús fyrir félagsmenn með góðum árangri og hefur það alltaf verið gert á kostnaðarverði og aldrei annað staðið til með þennan hluta starfseminnar.

Það hefur ekki farið fram hjá mörgum að FEB hefur verið að byggja 68 íbúðir í tveimur blokkum við Árskóga 1-3. Þegar komið var að afhendingu íbúðanna um mánaðamótin júlí/ágúst, kom í ljós að tæplega 400 milljóna króna halli var á framkvæmdunum.

### Hvað fór úrskeiðis?

Eftir mikla vinnu bæði stjórnar FEB og aðkeyptra sérfræðinga, kom í ljós að hallinn orsakaðist fyrst og fremst af vantöldum fjármagnskostnaði og lágu þau mistök hjá byggingarnefnd félagsins. Þessi vanreiknaði fjármagnskostnaður fór því miður fram hjá öllum þeim eftirlitsaðilum sem að málinu komu.

Þetta er augljóslega mikið áfall fyrir kaupendur íbúðanna og einnig fyrir okkur í stjórn félagsins. Félagið, sem hefur lagt metnað sinn í að skila verkefnum vel af sér, mátti nú horfast í augu við að eitthvað alvarlegt hafði farið úrskeiðis. Þessar vikur sem liðnar eru frá því að hallinn kom í ljós hafa einkennst af látlausri vinnu til að kanna hvernig þetta gat gerst og er henni hvergi lokið. Það er ekki síður mikilvægt að finna leiðir til að lágmarka skaðann fyrir kaupendur íbúðanna.

### FEB starfar án hagnaðarsjónarmiða

Félag eldri borgara starfar án þess að hagnaðarsjónarmið séu í fyrirrúmi og á því í enga sjóði að sækja. Ef ekki tekst að selja íbúðirnar á kostnaðarverði blasir við að félagið fer í greiðslustöðvun og/eða gjaldþrot. Þá munu 12 þúsund félagsmenn líða fyrir þessi mistök fyrir utan þau ómældu óþægindi sem kaupendur hafa nú þegar orðið fyrir.

Ákveðið var að freista þess að fá kaupendur til þess að taka þennan halla hlutfallslega á sig þannig að heildarverð allra íbúða næði upp í kostnaðarverð sem kom að sjálfsögðu illa við fólk eftir að hafa gert ráð fyrir lægra verði og er auðvelt að skilja vonbrigðin.

Eftir samningaviðræður við framkvæmda- og fjármögnunaraðila tókst að ná samkomulagi um að lækka hallann úr 400 milljónum króna niður í 250 milljónir króna og var verð íbúða þá aftur lækkað sem því nam, eða um tæp 40% frá fyrri hækkun.

Nú er því verð íbúðanna komið 5% niður fyrir kostnaðarverð og um 17-20% niður fyrir markaðsvirði sambærilegra íbúða á frjálsum markaði.

> **Hvernig gat þetta gerst og af hverju tók enginn eftir neinu fyrr en að verkinu var að mestu lokið?**

### Verkefni stjórnar

Stjórn félagsins tekur þetta mál mjög alvarlega og mun leita allra leiða til að komast að því hvernig þetta gat gerst um leið og félagið vinnur að frekari lausnum til að auðvelda kaupendum að takast á við þessi óvæntu útgjöld. Því miður eru þetta ekki fyrstu mistökin sem eiga sér stað í byggingaframkvæmdum hérlendis og væntanlega ekki þau síðustu heldur. Það er þó bót í máli fyrir kaupendur að íbúðirnar eru seldar undir kostnaðarverði.

Niðurstaðan er að félaginu urðu á alvarleg mistök, það er óumdeilanlegt. Margar spurningar hafa vaknað. Hvernig gat þetta gerst og af hverju tók enginn eftir neinu fyrr en að verkinu var að mestu lokið? Útreikningarnir höfðu farið í gegnum hendur margra lærðra aðila á viðurkenndum og virtum stofnunum og félögum. Vonandi mun óháð endurskoðun á málinu leiða í ljós svörin við þessum og fleiri spurningum.

Nú hafa flestir kaupendur samþykkt nýtt verð íbúðanna og margir eru þegar fluttir inn. Það er von okkar í stjórn FEB að íbúar Árskóga 1 og 3 muni, þrátt fyrir þessa leiðu uppákomu, njóta þessara góðu íbúða um ókomin ár.



# Fólk

FIMMTUDAGUR 29. ÁGÚST 2019

Tíska



**Einfaldur hvítur kjóll með svörtum doppum hefur vakið undraverða athygli í Bretlandi og slegið svo rækilega í gegn að hann er nú með sína eigin Instagram-síðu.** →6

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.






ZikZak tískuhús býður upp á mikið úrval af vönduðum fatnaði sem hægt er að skoða nánar í versluninni í Kringlunni eða í vefversluninni á zikzak.is.

# Haustdagar í ZikZak

Nú líður að hausti, dagarnir styttast og búðirnar fyllast af nýjum og spennandi vörum. ZikZak kvenfataverslun er þar engin undantekning. Fram undan eru haustdagar með fjölda freistandi tilboða þar sem sjón er sögu ríkari. →2



Þessi kjóll var áður á 5.990 kr. og er nú á 2.990 á tilboði.




Berglind Ásgeirsdóttir, annar eigandi ZikZak, og Sigrún Waage verslunarstjóri eru spenntar fyrir haustinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Framhald af forsíðu ➪**

Við skvísurnar í ZikZak tökum svo sannarlega vel á móti haustinu,“ segir Sigrún Waage, verslunarstjóri ZikZak í Kringlunni. Hún segir úrvalið í haust einstaklega veglegt. „Við fengum alveg ótrúlega mikið af fallegum haustfatnaði nú á dögunum,“ segir Sigrún, full eftirvæntingar. „Verslunina prýða nú einstaklega fallegar haustvörur í fallegum haustlitum og mynstrum,“ segir hún. Hún segir vörurnar henta konum af öllum gerðum, á öllum aldri og fyrir ólík tilefni. „Verslunin býður upp á fjölbreyttan hversdags- og sparifatnað fyrir konur á öllum aldri í öllum stærðum eða stærðunum 36-56,“ segir Sigrún.

## Vandaðar og fallegar vörur á viðráðanlegu verði

Eitt af því sem ZikZak hefur alla tíð lagt áherslu á er að bjóða upp á vandaðan fatnað á viðráðanlegu verði. „Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að bjóða fallegan fatnað á góðu verði,“ segir Sigrún. Þá sé líka mikið lagt upp úr afburðaþjónustu og hefur verslunin hlotið viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Hún segir að vöruframboðið verði stöðugt fram að jólum og að viðskiptavinir geti þannig treyst því að hafa úr nógu að velja, óháð því hvenær þeir komist.

„Það er engin þörf á því að örvænta fyrir konur sem hafa ekki tök á að koma til okkar strax, við verðum með nýjar vörur vikulega fram að jólum, þannig að það ætti alltaf að vera eitthvað nýtt og ferskt hjá okkur hverju sinni,“ segir Sigrún. Þá geti viðskiptavinir alltaf nýtt sér vefverslunina. „Einnig bendum við á heimasíðuna okkar þar sem viðskiptavinurinn getur keypt hvar og hvenær sem er allar okkar vörur,“ segir hún.

## Huggulegheit og haustfagnaður fram undan

Með haustinu breytist gjarnan eftirspurnin en á þessum tíma árs leita viðskiptavinir gjarnan í huggulegheit og þægindi. „Það



Sillubuxurnar eru sívinsælar og eru fáanlegar í svörtu og bláu.

vinsælasta hjá okkur um þessar mundir eru spari-kósíbuxurnar sem við erum með og heita Silla pants, en þær eru nú fáanlegar í tveimur litum, dökkbláu og svörtu,“ segir Sigrún. Gaman er að geta þess að buxurnar eru nefndar í höfuðið á Sigrúnu, sem er kölluð Silla, þar sem þetta eru uppáhaldsbuxurnar hennar.

Þá er mikið úrval af fjölbreyttum vörum sem endurspegla þennan árstíma. „Haustvörurnar hjá okkur einkennast mikið af skokkum, kjólum og túnikum í fallegum mynstrum, einnig er frábært úrval af buxum, kósíbuxum og pleðurbuxum, Elsu buxur eru með teygju í strenginn og síðast en ekki síst eru vinsælu shape-buxurnar okkar sem móta mitti, rass, læri og eru með góðum stuðningi,“ segir Sigrún.

Næst á dagskrá er því bara að taka fagnandi á móti skammdeginu og bjóða viðskiptavinum upp á spennandi tilboð.

„Næstu daga ætlum við að fagna haustinu og vera með fullt af frábærum hausttilboðum í verslunum okkar,“ segir Sigrún. „Haustdagarnir byrja í dag og standa fram á sunnudag, það verður brjáluð stemming hjá okkur og við hvetjum konur til að kíkja til okkar og skoða flottan fatnað og




ZikZak tískuhús er í Kringlunni og er verslunin full af nýjum vörum fyrir haustið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Mikið úrval er af fallegum kjólum.

**„Næstu daga ætlum við að fagna haustinu og vera með fullt af frábærum hausttilboðum í verslunum okkar.**

fagna haustinu með okkur,“ segir hún.

## Vefverslun og póstlisti

Vefverslun ZikZak er bæði notendavæn og skilvirk. „Við afgreiðum pantanir samdægurs eða strax næsta dag,“ segir Sigrún. Hún segir að það sé lygilegt hversu mikið viðskipti á netinu hafi aukist á skömmum tíma. Það er ótrúlegt hvað verslun á netinu hefur verið ört vaxandi, og nú á síðustu mánuðum hefur orðið algjör sprenging,“ segir hún. Sigrún telur að viðskiptavinir séu orðnir öruggari að versla á þennan máta. „Svo virðist sem viðskiptavinurinn sé farinn að þekkja og treysta pöntunarferlinu,“ segir hún.

Þá býður verslunin viðskiptavinum núna upp á að skrá sig á póstlista. „Póstlistinn er einnig nýr af nálinni hjá okkur og getur fólk skráð sig á póstlistann hjá okkur á heimasíðunni og á Facebook-síðunni okkar undir „Tískuhús ZikZak“, en þar munum við tilkynna tilboð, afslætti, viðburði sem verða hjá okkur og þegar það kemur ný sending,“ segir Sigrún.

Sjá nánar á zikzakverslun.is

# Nýjar haustvörur!



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Litrík haustlína frá Versace

## Versace er eitt virtasta vörumerkið í tískuheiminum. Það á sér sögu allt frá árinu 1978 en þá var fyrsta verslunin undir Versace-merkinu opnuð í Mílanó. Versace býður litríka og þokkafulla tísku.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Það var ítalski tískuhönnuðurinn Gianni Versace sem kom merkinu á markað og varð það strax mjög vinsælt. Gianni stjórnaði tískuhúsinu af mikilli röggsemi eða allt þar til hann var myrtur í Miami árið 1997. Þá tók systir hans, Donatella Versace, við rekstrinum. Fyrirtækið á marga þekkta viðskiptavini og má til dæmis nefna Elton John. Versace var einnig í miklu uppáhaldi hjá Michael Jackson. Gianni átti sömuleiðis marga fræga vini en meðal þeirra voru Díana prinsessa, Eric Clapton og Madonna.

Þegar Donatella Versace sýndi haust- og vetrarlínu fyrir 2019-2020 sagðist hún hafa hugsað mikið út í það líf sem við lifum í dag. Fólk er stöðugt á skjánum á Instagram og öðrum samfélagsmiðlum. Hún vildi sýna smá ófullkomnun sem hún segir að sé hin nýja fullkomnun. Hún sagðist hafa horft til tónlistarbransans í sköpun sinni allt aftur í tíunda áratuginn. Þetta er litríkur fatnaður og kannski svolítið villtur.

Árið 2000 vakti grænt Versace-dress sem Jennifer Lopez klæddist á Grammy-hátíðinni mikla athygli. Kjóllinn hefur verið sýndur sérstaklega á Grammy-safni í New York og hefur verið valinn einn frægasti kjóll allra tíma. Seint á síðasta ári var tilkynnt að fyrirtæki Michaels Kors hafi keypt öll hlutabréf í Versace. Í janúar á þessu ári gekk Versace til liðs við Capri Holdings Limited og stofnaði nýja tískukeðju með Michael Kors og Jimmy Choo. Þetta nýja félag á að höfða til yngri hóps og laða til sín nýja viðskiptavini. Donatella á enn í félaginu ásamt dóttur sinni og bróður. Ekki voru allir aðdáendur Versace hrifnir af sölunni og létu Donatellu heyra það á samfélagsmiðlum.

Nýju eigendurnir komu ekki nálægt haust- og vetrarlínunni 2019-2020 en búast má við að einhverjar breytingar verði þegar sumarlínan 2020 lítur dagsins ljós.



Skrautleg kápa fyrir veturinn frá Versace.



Kvenlegt en litríkt og villt.



Donatella Versace segist hafa horft til tónlistar tíunda áratugarins þegar hún hannaði haust- og vetrartískuna.



Söngkonan Jennifer Lopez í einum af frægustu kjólum sögunnar. Kjóllinn er frá Versace.



Glæsilegur fatnaður frá Versace sem mun vekja athygli.



Haust- og vetrartíska Versace fyrir 2019-2020. Skemmtilegar litasamsetningar. NORDICPHOTOS/GETTY


NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Túnikur
Kr. 8.990.-
Str. S-XXL
2 litir

Pleður-leggings
Kr. 6.900.-
Str. S-XXL
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

# HÓPFERÐIR

Skemmtilegar **hópferðir** með íslenskri fararstjórn




## Man United - Liverpool

18. - 21. október

Aðeins 10 sæti laus













## Nánari upplýsingar um ferðirnar og sala er á **visitor.is**

Innifalið í okkar hópferðum: Flug með Icelandair og skattar. Gisting með morgunverði.
Handfarangur og ein innrituð 23kg taska. Rúta til og frá flugvelli. Miði á viðburð. Íslensk fararstjórn.



**VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í HÓPFERÐUM**

Sendu fyrirspurn: **hopar@visitor.is**

**Visitor**
FERÐASKRIFSTOFA

Í ÞJÓNUSTU 11 ára SÍÐAN 2008

Visitor ferðaskrifstofa | Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur | Sími 578 9888 · visitor.is










# Kjóllinn sem er með eigin Instagram-síðu

**Einfaldur hvítur kjóll með svörtum doppum hefur vakið undraverða athygli í Bretlandi og slegið svo rækilega í gegn að hann er nú með sína eigin Instagram-síðu með yfir 24 þúsund fylgjendur.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er til kjóll sem er svo vinsæll að hann er kominn með sína eigin Instagram-síðu. Síðan var sett upp til að hampa kjólnum en líka til að gera góðlátlegt grín að honum og þeim sem klæðast kjólnum.

Um er að ræða hvítan síðerma pólýesterkjól með svörtum doppum sem fæst í Zöru. Aðdáendur hans hrósa honum fyrir að vera praktískur, henta ólíkri líkamsbyggingu og vera á góðu verði. En þetta er ekki bara eins og hver önnur vinsæl flík, heldur hefur þessi tiltekni kjóll vakið undraverða athygli.

The New York Times sagði að kjóllinn hefði sigrað Bretland og sumir segja að það sé varla hægt að fara út í hádegismat í London án þess að sjá kjólinn. Samkvæmt BBC er kjóllinn orðinn svo vinsæll að sumir eru farnir að reyna að fela að þeir séu í „Kjólnum“ með því að lita hann, klippa til að breyta sniðinu eða klæðast honum öfugum.

Það þarf því kannski ekki að koma sérlega á óvart að Instagram-síðan hot4thespot, sem er tileinkuð kjólnum, hafi sprottið upp. Þegar þetta er skrifað er síðan komin með rétt yfir 24 þúsund fylgjendur og rúmlega 250 innlegg.

Breski stílistinn Faye Oakenfull er stofnandi Instagram-síðunnar hot4thespot, sem hún segir að sé „öruggt svæði fyrir Kjólinn“. Á síðunni sést fólk sem klæðist kjólnum í alls kyns samsetningum og ýmiss konar grín er gert að mynstri kjólsins og ótrúlegum vinsældum hans. Meðal annars má sjá myndir þar sem tvær konur sjást á sama stað eða eru að hittast og eru í Kjólnum á sama tíma og að minnsta kosti ein kona sagði frá því að hún hefði gift sig í Kjólnum.

## Hvað er það sem útskýrir þessar vinsældir?

Eins og áður sagði nefna aðdáendur Kjólsins ýmsa kosti, en á vefsíðu Refinery29 var reynt að svara því hvers vegna ein flík nær svona gríðarlegum vinsældum með því að ræða við sálfræðinga. Sálfræðingurinn dr. Joan Harvey, sem kennir við Newcastle-háskóla, segir að margir vilji vera hluti af hópnum og klæðast eða eiga það sem aðrir klæðast eða eiga. Hún segir að þetta fólk vilji alls ekki láta sér líða eins og það sé öðruvísi eða líta öðruvísi út.

Annar sálfræðingur, prófessor Carolyn Mair, tekur undir þetta og segir að þannig líði fólki ekki eins og það sé að missa af einhverju. „Ef okkar samfélagshópur, eða hópurinn sem við viljum vera hluti af, á eitthvað, þá viljum við eiga það líka þannig að okkur líði eins og við séum í takt við hina,“ segir hún. „Því oftar sem við sjáum eitthvað, þeim mun venjulegra verður það og við erum alltaf að bera okkur saman við aðra.“

Það er líka ekkert leyndarmál að áhrifavaldar á Instagram og víðar hafa áhrif og móta tískuna. Mair segir að þeir sýni veruleikaflótta en að af því að þar virðist „venjulegt fólk“ sem lifi óvenjulegu lífi líði öðrum eins og þeir geti það líka. Því ná vörur sem þeir kynna oft vel til fólks.

Sálfræðingurinn dr. Lisa Orban bendir líka á að með því að eignast og klæðast því sem er í tísku í augnablikinu sýni fólk hvað það fylgist vel með tískustraumum og margir vilji senda þau skilaboð að þeir séu með á nótunum.

Hverjar sem ástæðurnar eru hefur þessi kjóll náð ótrúlegum vinsældum og það verður forvitnilegt að sjá hvort aðrar flíkur nái sömu hæðum.



**Stundum kemur það fyrir að fleiri en ein kona mætir í Kjólnum í vinnuna á sama tíma.**



**Þessar vinkonur hittust á kaffihúsi. Hot4thespot fékk sendar myndir af þeim frá tveimur aðilum.**



**Hér fær Kjóllinn að hitta Sam Smith.**



**Heimili sumra eru í stíl við Kjólinn.**




**Það var gott að nota Kjólinn í hitabylgjum sumarsins og ekki verra að skella honum í frystinn fyrst.**



**Það er hægt að klæðast Kjólnum á ýmsan hátt.** MYNDIR/INSTAGRAM/HOT4THESPOT

# Ráðstefnur og veisluþjónusta

**Kynningar:**
Hótel Kea
Hótel Holt
Grand Hótel Reykjavík
Bláa Lónið
Hótel Örk
Hjá Jóa Fel
g-events

FIMMTUDAGUR 29. ÁGÚST 2019




Hótel Kea er eitt af elstu og þekktustu hótelum landsins og stendur á frábærum stað í miðbæ Akureyrar. Veturinn verður líflegur á hótelinu enda margt að gerast í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Hótel Kea – Sérsniðnar heildarlausnir fyrir alla

Hótel Kea er kjörinn vettvangur fyrir ráðstefnur og fundi af öllum toga en þar hefur verið tekið á móti gestum frá árinu 1944. Það er því komin nokkuð víðtæk reynsla af hótelrekstri og veitingahaldi hjá Hótel Kea sem endurspeglast í vandaðri og faglegri þjónustu. ➔2



Hótel Kea hefur tekið á móti gestum frá árinu 1944.



Veislusalirnir á Hótel Kea eru einstaklega glæsilegir og henta við hvaða tilefni sem er.



Jón Friðrik Þorgrímsson, veitingastjóri Hótels Kea, og Hrafnhildur E. Karlsdóttir hótelstýra segja haustið líta afskaplega vel út.

Framhald af forsíðu ➪

> Það eru vart til beiðnir sem við getum ekki leyst til að viðburður gangi vel upp. Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og erum útsjónarsöm og lausnamiðuð. Við sjáum það að fyrirtæki koma hingað ár eftir ár sem hlýtur að gefa til kynna að þau séu ánægð með okkar þjónustu.

Við erum búin að vera í þessu í fjöldamörg ár og höfum því góðan grunn og mikla þekkingu á öllu sem við kemur ráðstefnu- og fundarhaldi," segir Jón Friðrik Þorgrímsson, veitingastjóri Hótels Kea. Hann segir haustið líta afskaplega vel út og að aukinn þungi færist í bókanir vegna ráðstefnu- og fundarhalda með hverjum deginum. Á Hótel Kea eru þrír ráðstefnu- og fundarsalir, Vaðlaberg, Stuðlaberg og Hlíðaberg, sem hægt er að sameina í einn stóran sal. Salirnir eru tæknilega vel útbúnir til fundar- og veisluhalda, með aðgengi að skjávörpum, tjaldi, tölvum, ræðupúltum og hljóðnemum. Þá hefur allur tæknibúnaður verið endurnýjaður til að standast nútímakröfur.

Í stærstu útfærslu taka salirnir 170 manns í sitjandi borðhald og vel yfir þrjú hundruð standandi gesti ef um er að ræða til dæmis móttöku. Jón Friðrik leggur mikla áherslu á það að starfsfólk veitingasviðs leiti allra leiða til að verða við óskum viðskiptavina sinna. „Það eru vart til beiðnir sem við getum ekki leyst til að viðburður gangi vel upp. Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og erum útsjónarsöm og lausnamiðuð. Við sjáum það að fyrirtæki koma hingað ár eftir ár sem hlýtur að gefa til kynna að þau séu ánægð með okkar þjónustu." Jón Friðrik segir að á Hótel Kea sé boðið upp á veglegan veislumatseðil fyrir hópa og stærri mannfagnaði en einnig sé tekið á móti séróskum og þá sett saman hlaðborð eða kvöldverður, allt eftir óskum viðskiptavinarins. „Við bjóðum upp á sérsniðna matseðla fyrir hvert tækifæri, hvort sem það er fundur, ráðstefna, árshátíð eða brúðkaup. Þá hafa jólahlaðborðin okkar einnig verið mjög vinsæl meðal stórra og smárra fyrirtækja sem koma árlega til okkar á aðventunni."

## Pakkar og tilboð fyrir hópa

Á hótelinu eru 104 herbergi og því pláss fyrir rúmlega 200 gesti. Enn fleiri komast fyrir í veitingasal hótelsins. „Við getum því tekið á móti stórum sem smáum hópum og höfum mikla reynslu í því að skipuleggja komur hópa í kringum fundi, ráðstefnur og árshátíðir," segir Hrafnhildur E. Karlsdóttir, hótelstýra á Hótel Kea.

Hótel Kea þjónustar fjölbreyttan kúnnahóp með fundi og ráðstefnur, meðal annars félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir og segir Jón Friðrik að gríðarlega margir fundir séu haldnir hjá þeim árið um kring. „Við erum meðal annars með fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sem koma árlega og önnur sem koma alltaf annað hvert ár og funda hjá okkur. Þá eru nokkur fyrirtæki sem eru með starfsemi víða um land sem velja að sameinast hér á Akureyri og hittast. Það þykir gott að koma hingað norður til að fá fundarfrið sem kannski gefst ekki eins vel á höfuðborgarsvæðinu." Jón Friðrik nefnir einnig að ein helsta ástæða þess að Hótel Kea verði fyrir valinu hjá fyrirtækjum sé sá möguleiki að bóka heildarpakka. „Við erum með góða sali til að funda, við bjóðum upp á gistingu með morgunverði, fjölbreyttar veitingar ásamt Múlabergi sem er einn glæsilegasti bar á Norðurlandi og þótt víðar væri leitað. Við finnum að fyrirtæki eru í vaxandi mæli að sækja í þessa þjónustu, til dæmis með tveimur fundardögum og einni til tveimur gistinóttum. Þá er oft unnið fyrir hádegi, hópefli eftir hádegi og svo kvöldverður og skemmtiatriði um kvöldið."

Hluti af þjónustu Hótels Kea felur í sér aðstoð við skipulagningu viðburða í heild og Jón Friðrik bendir á að starfsfólk veitingasviðs þekki vel til ferðaþjónustuaðila á svæðinu og geti því veitt ráðleggingar þegar kemur að styttri og lengri ferðum frá hótelinu. „Það er heilmikið sem hægt er að skoða í kringum Akureyri, til dæmis fara á Kaldbak eða til Siglufjarðar, í Bjórböðin eða jafnvel í Kjarnaskóg til útivistar. Hótel Kea er auk þess vel staðsett í hjarta Akureyrar í göngufæri frá Listasafni Akureyrar, Hofi menningarhúsi, Græna hattinum og Sundlaug Akureyrar svo eitthvað sé nefnt. Hótelið og staðsetning þess er tilvalin fyrir allar tegundir viðburða og fyrirtæki bæði stór og smá."

## Jólahlaðborðin sívinsæl

Þá eru jólahlaðborðin á Hótel Kea mjög vinsæl enda löngu búin að skapa sér sess meðal landsmanna og þykja afar glæsileg. „Við höldum í hefðir en bjóðum alltaf upp á einhverjar spennandi nýjungar. Pantanir streyma inn og fólk þarf að huga að því að panta í tíma því ákveðnar dagsetningar fara alltaf fljótt" segir Hrafnhildur.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is





Það er notalegt og fyllir mann innblæstri að setjast niður í Kjarvalsstofu sem er nákvæm eftirlíking af vinnustofu listmálarans Jóhannesar Kjarval.



Þingholt er einn allra glæsilegasti salur landsins. Þar geta 40 manns setið til borðs og 100 sótt standandi móttöku.

# Heimilislegt á Holtinu

## Hótel Holt geymir sögulegar minningar um konungsveislur og glaðar stundir. Þar má upplifa íslenska listasögu, borða dýrindis mat í friðuðu umhverfi og funda í sögufrægum sal.

Ímyndaðu þér að þú sért kominn í fínustu fötin á leið í þína eigin stórveislu á Hótel Holti. Spenningurinn fyrir kvöldinu kitlar og andinn í Þingholtunum er góður þegar þú keyrir inn Bergstaðastrætið. Þú finnur auðveldlega bílastæði beint fyrir utan innganginn að veislusalnum Þingholti og gengur inn í veisluna þína. Þar bíður þín kurteis og brosandi þjónn sem býðst til þess að taka yfirhöfnina þína og um leið tekur þú eftir þessu kunnuglega umhverfi sem hefur verið hluti af stórum stundum í lífi þínu og þinna nánustu í gegnum árin. Þú sérð uppáhalds málverkið þitt eftir Kjarval í fjarlægð og hlakkar til að heilsa upp á gamla félaga í öðrum verkum. Brátt koma fleiri gestir og eru þau öll glæsileg og kát. Stemningin er góð en yfirveguð og innan skamms muntu setjast niður og njóta glæsilegra veitinga og sérvalinna vína. Þú færð vatn í munninn en hlakkar mest til að sötra koníaksglas í næði í bókaherberginu eða Kjarvalsstofunni.

„Svona sé ég fyrir mér að fastakúnnarnir okkar upplifi sínar ljúfu stundir á Holtinu,“ segir Ari Thorlacius sem er nýtekinn við sem hótelstjóri á Hótel Holti. Hann er jafnframt staðráðinn í að viðhalda þeim gæðum sem Íslendingar hafa vanist í gegnum árin á Holtinu. Ari er réttur maður á réttum stað. Hann lærði upphaflega til þjóns en bætti við sig háskólamenntun í hótel- og ferðamálafræði í Barcelona.

„Ég hef alltaf unnið á hótelum og haft brennandi löngun til þess. Starfið er svo lifandi og það er gaman að hitta nýtt fólk á hverjum degi, af ólíkum þjóðernum og menningarheimum. Ég hef yndi af því að kynna land okkar og menningu fyrir gestum, hvort sem það er náttúran, maturinn eða listir,“ segir hótel- og veitingastjórinn Ari sem nýtur þess að blanda saman hefðbundinni skrifstofuvinnu við ýmis hótelstörf innanhúss.

**Hótel Holt er sér á parti þegar kemur að íslenskum hótelum og við erum stolt af sögu okkar og listaverkasafni. Hótelið er Íslendingum svo sannarlega hjartfólgið enda eiga margir góðar minningar héðan.**

„Ég tek til dæmis reglulega slaginn í morgunverðinum ásamt þjónum hússins því ég vil gjarnan hitta gestina sem gista hjá okkur og ná persónulegu sambandi við þá. Hótel Holt hefur þannig ávallt verið þekkt fyrir afbragðs þjónustu og við fáum daglega hrós fyrir hlýlegar móttökur. Það er enda virkilega heimilislegt að vera hjá okkur, hótelið er mjög svo hlýlegur staður og hægt að setjast niður um allt hótel til að fá sér drykk og láta sér líða vel,“ segir Ari.

### Fundað í sögufrægum sal

Hótel Holt býður upp á ýmsa þjónustu fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn.

„Hér er vinsælt að halda fundi og ráðstefnur, sem og veislur, í Þingholti sem er einn fegursti salur landsins. Þar geta fjörutíu manns setið til borðs og allt að hundrað manns í standandi móttökum. Salurinn hefur yfir sér virðulegt yfirbragð, býður upp á gott næði og í salnum er píanó og gott pláss fyrir ýmis tónlistaratriði,“ segir Ari um Þingholt sem hentar vel undir fundi, veisluhöld, brúðkaup, árshátíðir, bíósýningar, hádegisverði, kvöldverði, kynningar, ráðstefnur og móttökur.

Inn af Þingholti er Kjarvalsstofa sem er nákvæm eftirlíking af vinnustofu hins ástsæla listamanns Jóhannesar Kjarval.



Maturinn á Hótel Holti er viðfrægur fyrir gæði og metnað. Listaverk gömlu meistaranna skreyta veggi hótelsins.



Ari Thorlacius er nýtekinn við sem hótel- og veitingastjóri á Hótel Holti.



Í Þingholti er hægt að láta fara vel um sig í friðuðum innréttingum.

„Í Kjarvalsstofu er mikill innblástur. Við erum einkar stolt af sögunni okkar og listaverkasafni hótelsins sem samanstendur af stórfenglegum verkum gömlu meistaranna þar sem Kjarval er í stærstu hlutverki. Við viljum gjarnan deila listaverkunum með gestum hússins og bjóðum upp á listagöngur fyrir gesti veitingastaðarins, en hópar sem bóka veislur, fundi eða ráðstefnur geta einnig óskað eftir listagöngu fyrir kvöldverðinn eða fundinn,“ upplýsir Ari.

### Staður sælla minninga

Hótel Holt er sér á parti þegar kemur að íslenskum hótelum.

„Holtið er rótgróinn og virðulegur staður sem er samofinn sögu Íslendinga og þeim sannarlega hjartfólginn, enda eiga margir héðan góðar minningar. Það er þekkt fyrir sælkeramatseld, framúrskarandi þjónustu og íðilfagurt umhverfi en hér hafa kóngafólk og fyrirmenni gist í gengum tíðina og verið haldnir konunglegir kvöldverðir og móttökur í áranna rás,“ segir Ari innan um glæsilegar innréttingar hótelsins.

„Fyrsta hæð Holtsins er friðuð og þar verður ekki hróflað við neinu. Það er mikill sjarmi yfir því og fólk kann að meta það að koma í umhverfi sem hefur haldist eins í áranna rás og staðist tímans tönn þegar kemur að fallegri hönnun,“ segir Ari og hvetur landsmenn til að kíkja í kaffi og notalegheit á Holtinu.

„Margir eru feimnir við að detta inn í kaffi af götunni en það er algengur misskilningur að eingöngu hótelgestir megi njóta lífsins á hótelinu. Þessa dagana erum við að setja upp skemmtilega viðburði á barnum þar sem Högni Egilsson hefur spilað djass í mikilli stemningu og Egill Sæbjörnsson heldur brátt eins dags listahátíð. Því eru allir hjartanlega velkomnir og við hlökkum til að taka á móti fastagestum okkar í haust og vetur og erum spennt að fá enn fleiri í fastakúnnahópinn í framtíðinni,“ segir Ari.

Frekari upplýsingar og til að bóka Þingholt salinn er á holt@holt.is eða í síma 552-5700

# Finnur fljótt hvort stemmingin sé góð

Sólmundur Hólm, eða Sóli eins og hann er betur þekktur, hefur lengi tekið að sér að skemmta fólki í veislum, bæði sem veislustjóri og skemmtikraftur. Núna hefur hann dregið úr veislustjórn en skemmtunin heldur áfram.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sóli var spurður hvað góður veislustjóri þurfi að hafa til að bera og var ekkert hik á svari: „Fyrir minn smekk þá þarf veislustjóri að vera skemmtilegur en líka skipulagður. Ég er samt tilbúinn að fyrirgefa óskipulag ef viðkomandi er mjög fyndinn.“

Hann segir að í fyrstu hafi verið erfitt að koma fram en nú sé þetta auðvelt enda spili reynslan þar inn í. „Ég hef alltaf átt auðvelt með þetta en var auðvitað stressaðri yfir að veislustjórnin myndi klikka fyrir 10 árum. Svo spilar auðvitað margt inn í eins og andi í fyrirtækinu almennt og auðvitað ölvunarstig,“ upplýsir hann.

Sóli segist geta mælt út stemminguna í salnum mjög fljótt. „Maður finnur allavega ef hún er sérstaklega góð. Ef hún er hægari þá þarf að taka upp einhver leynivopn. Maður þarf að lesa salinn og alls ekki reyna að sjokkera fólk með því að vera grófur. Það er reyndar ódýrasta leiðin. Veislustjórinn þarf að varast taktleysi. Misjafnt er hversu miklar kröfur fólk gerir til veislustjóra en fólk vill samt alveg fá eitthvað fyrir peninginn,“ segir hann. „Ég hef þó ekki upplifað ósanngjarnar kröfur,“ bætir hann við.

**» Fyrir framan skellihlæjandi hóp af fólki man ég af hverju ég vinn við þetta.**

Sóli segir að veislustjórinn eigi miklu frekar að vera fyndinn og skemmtilegur en einhver svakalegur brandarakarl. „En það er auðvitað smekksatriði,“ segir hann. Sóli hefur ekki lent í veislu þar sem salurinn er ekki móttækilegur fyrir veislustjóranum. „Þótt stemmingin sé auðvitað ekki alltaf frábær nær maður að trekkja fólk í gang með réttu brögðunum. Ég er svo lánsamur að hafa gítarinn og sönginn að grípa í ef fólk er til dæmis orðið of drukkið fyrir talað mál.“

Þegar hann er spurður hvort hann hafi upplifað vandræðalegt augnablik, svarar hann: „Sennilega var það þegar ég var að byrja að veislustýra og var skammaður af manni fyrir að láta ekki röðina ganga nógu hratt í ístertuna sem var búið að kaupa. Hann var sérstaklega ánægður með tertuna því hún var með sérpantaða áletrun. Þessi sérstaka áletrun var Árshátíð 2010!“

Sóla finnst langskemmtilegast að veislustýra troðfullum félagsheimilum úti á landi en segist alltaf hafa gaman af þessu starfi. „Já, ég geri það. Ég viðurkenni að stundum nenni ég ekki af stað en þegar ég stend á sviði seinna um kvöldið fyrir framan skellihlæjandi hóp af fólki þá man ég af hverju ég vinn við þetta.“



**Sóli Hólm hefur tekið að sér veislustjórn til margra ára. Núna er hann meira farinn að troða upp sem skemmtikraftur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON





Forrýmið í salnum Háteig er smekklega innréttað.



Íris segir hótelið bjóða upp á sali fyrir alls kyns viðburði. Allt frá tveggja manna fundum upp í 500 manna ráðstefnur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Úr salnum Háteig er gott útsýni yfir Reykjavík.



Úlfar Finnbjörnsson, kokkur á Grand Hótel, er snillingur í að galdra fram glæsilegar veislur þar sem öllu er tjaldað til. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Grand Brasserie er nýuppgert og býður upp á úrval ljúffengra rétta.

# Glæsileg aðstaða og úrvals þjónusta

Grand Hótel Reykjavík er með frábæra aðstöðu fyrir alla viðburði, bæði ráðstefnur, fundi, brúðkaup, árshátíðir og stórafmæli. Þar er fyrsta flokks veitingastaður, veisluþjónusta og handverksbakarí. Villibráðar- og jólahlaðborð hótelsins eru orðin árleg hefð hjá fjölda fólks.

Íris Tara Sturludóttir, ráðstefnustjóri hjá Grand Hótel Reykjavík, segir að það skipti í raun ekki máli hvernig viðburð verið er að halda. Hótelið bjóði upp á fjölbreytta aðstöðu. „Við erum með 14 fundarsali og opin rými í húsinu og hér er hægt að halda allt frá tveggja manna fundum upp í 500 manna ráðstefnu,“ segir hún.

Það er vinsælt að halda árshátíðir og brúðkaup á hótelinu og Íris segir að þau bjóði upp á sali fyrir litlar veislur jafnt sem stórar. „Við erum með sali á 13. hæð hótelsins sem henta vel fyrir minni veislur eins og litlar brúðkaupsveislur eða kvöldverði. Þar er flott útsýni og gott aðgengi út á svalir,“ segir Íris.

## Persónuleg þjónusta

Hjá Grand Hótel Reykjavík er boðið upp á fagmannlega ráðgjöf varðandi veisluhöld. „Við bjóðum fólki að koma og skoða aðstöðuna og finnum rétt rými fyrir hvern viðburð fyrir sig,“ segir Íris.

Alltaf er lögð áhersla á að koma til móts við óskir viðskiptavinarins. „Brúðhjón hafa oftast fyrir fram ákveðnar hugmyndir um hvernig dagurinn á að vera og við lögum okkur að því. Þegar fólk hefur ákveðið að halda veisluna á Grand Hótel þá bjóðum við upp á bæði matarsmakk og tertusmökkun. Við veitum persónulega þjónustu og fylgjum brúðhjónunum alveg að sjálfum deginum í öllum undirbúningi. Það sama gildir fyrir árshátíðir.“

Íris segir vinsælt hjá brúðkaupsgestum og árshátíðargestum, sem vilja gera vel við sig, að gista líka á hótelinu. „Mörg fyrirtæki bóka herbergi fyrir árshátíðargesti, en fólk sem fer á jólahlaðborð eða villibráðarhlaðborð tekur líka oft gistingu með.“

## Svansvottað hótel

Grand Hótel Reykjavík leggur mikla áherslu á að vera umhverfisvænt hótel. Hótelið er með svansvottun, sem er vottun norræna umhverfismerkisins samkvæmt viðmiðunarreglum fyrir hótel.

„Allur úrgangur frá okkur er flokkaður í 26 mismunandi flokka. Við erum með mjög skýra umhverfisstefnu og hugsum mikið út í matarsóun. Við notum ekkert einnota hér á hótelinu eins og plastflöskur eða annað slíkt,“ segir Íris.

Aðgengi að húsinu er einnig

> **Við bjóðum upp á sali fyrir litlar veislur jafnt sem stórar. Við erum með sali á 13. hæð hússins sem henta vel fyrir minni veislur. Þar er flott útsýni og gott aðgengi út á svalir.**

mjög gott. Það eru næg ókeypis bílastæði við hótelið og gott aðgengi fyrir hjólastóla í nánast öllum sölum hússins.

## Villibráðarhlaðborð

Úlfar Finnbjörnsson, yfirmatreiðslumeistari á Grand Hótel Reykjavík, hefur séð um villibráðarhlaðborð á hótelinu undanfarin 10 ár en hlaðborðið nýtur mikilla vinsælda og allt er lagt í að hafa það sem glæsilegast. Úlfar er margverðlaunaður og hefur gefið út fjölda bóka. Hann gengur undir ýmsum nöfnum svo sem „stjörnukokkurinn“ og „villti kokkurinn“.

„Villibráðarhlaðborðið á Grand Hótel Reykjavík fer fram 26. október og 1. og 2. nóvember að þessu sinni. Einnig verðum við með villibráðarhlaðborð í svipuðum dúr á Fosshótel Húsavík og Fosshótel Vatnajökli sem er staðsett rétt fyrir utan Höfn í Hornafirði. Þannig að Norðlendingar og Austfirðingar geta líka fengið að njóta þess í ár,“ segir hann.

Úlfar segir að hann sé yfirleitt með um 60 rétti í heildina á villibráðarhlaðborðinu, en hann hefur meðal annars hlotið Gourmand-verðlaunin fyrir bestu villibráðarbók í heimi.

„Við erum alltaf með klassíska rétti eins og paté, terrine og mús,“ segir Úlfar. „Ég kem svo alltaf með slatta af nýjum réttum á hverju ári til að hafa þetta fjölbreytt.“

Á villibráðarhlaðborðinu er boðið upp á alla villibráð sem má veiða á Íslandi en Úlfar segir að í ár ætli hann líka að bjóða upp á norræna villibráð, elg til dæmis.

## Öllu tjaldað til

„Annars notum við sem mest úr nærumhverfinu, við notum íslensk ber og jurtir og reynum að vera eins íslensk og við getum fyrir utan þessa örfáu útlendinga sem fá að vera með í leiknum,“ segir Úlfar.

„Við gerum alltaf mikið úr þessu. Maturinn er borinn fram á íslensku birki og grjóti og við skreytum með náttúrusteinum og trjám og ýmsu öðru úr náttúrunni. Hlaðborðið án matar vegur fleiri hundruð kíló. Skreytingin á sjálfu hlaðborðinu er þriggja til fjögurra metra há og þar er öllu tjaldað til. Við erum með alls konar uppstoppuð dýr héðan og þaðan. Þetta verður eins og veiðiskáli. Svo er lifandi tónlist og veislustjórar svo það verður mikið fjör.“

Jólahlaðborðið verður á sínum stað fyrir jólin og Úlfar segir að þar verði boðið upp á allt þetta klassíska ásamt einhverjum tegundum af villibráð. „Við verðum með fullt af léttum réttum líka innan um hefðbundna þunga jólarétti. Við erum til dæmis að leika okkur að gera svolítið öðruvísi rétti úr hangikjöti.“

## Bílastæði og börger

Grand Brasserie á Grand Hótel Reykjavík var nýlega endurgert. Þar er boðið upp á léttan og fljótlegan mat úr úrvals hráefnum. „Við höfum talað um að við bjóðum upp á bílastæði og börger,“ segir Úlfar. „Hér er alltaf nóg af stæðum og þú getur lagt hér fyrir utan í hádeginu og verið kominn með hamborgara, létta steik eða aðra létta máltíð eftir 10-15 mínútur.“

Bakaríið í húsinu bakar nánast allt á staðnum og allt er unnið frá grunni. „Ég held það sé óhætt að segja að 98% af því sem bakaríið ber fram sé búið til á staðnum. Við kaupum ekkert tilbúið og setjum þar af leiðandi ekki nein aukaefni í eitt eða neitt,“ segir Úlfar.

Mikill metnaður er lagður í allt sem bakað er í bakaríinu allt frá rúnstykkjum upp í súrdeigs- og steinbökuð brauð.



Bláa Lónið er kynngimagnaður staður þar sem hægt er að halda fundi og viðburði í glæsilegum sölum, borða dýrindis mat og láta líða úr sér í hita lónsins eftir annasaman fundardag.

# Ógleymanleg upplifun á töfrandi stað



Hvarvetna blasir við fegurð og fagmennska í salarkynnum Bláa Lónsins.

## Einstakt umhverfi Bláa Lónsins veitir innblástur til góðra verka. Það er því afar hentugt fyrir hvers kyns fundi og ráðstefnur.



Matur í Bláa Lóninu er gómsætur.

Kraftmikið umhverfi Bláa Lónsins hefur jákvæð áhrif á fundargesti.

„Bláa Lónið býður upp á fjölbreytta þjónustu og því er hægt að sérsníða fundi og ráðstefnur. Gestir geta sameinað fundardaginn við einstaka spa- og matarupplifun,“ segir Hulda Stefánsdóttir, sölustjóri hjá Bláa Lóninu.

„Heimsókn á veitingastaði Bláa Lónsins, Lava og Moss, vínsmökkun í einstökum vínkjallara og slökun í heitu lóninu eða á Retreat Spa gerir daginn eftirminnilegan,“ segir Hulda.

### Fagurt útsýni yfir lónið

Funda- og ráðstefnusalir Bláa Lónsins eru nútímalegir, vel búnir og skemmtilegir.

„Við erum með fallegan fundarsal sem tekur allt að 80 gesti. Hann er útbúinn tæknibúnaði sem mætir nútímakröfum og með einstaklega skemmtilegt og fagurt útsýni yfir lónið og töfrandi umhverfi þess,“ útskýrir Hulda.

Eldey er nýr fundarsalur á annarri hæð.

„Hann rúmar allt að átján manns við stórt og gott borð í rúmgóðu og fallega innréttuðu herbergi,“ segir Hulda í glæsilegum höfuðstöðvum Bláa Lónsins.



Það gerir fundarhaldið eftirminnilegt að njóta matar og útsýnis á nýja veitingastaðnum Moss.



„Hér er allt sem þarf fyrir árangursríkan fund og góða samveru og starfsfólk Bláa Lónsins er alltaf innan handar, ef með þarf.“

## Sælkeraupplifun í einstöku umhverfi

Meðan á fundarhöldum stendur í Bláa Lóninu eru í boði fjölbreyttar veitingar sem eru framreiddar af matreiðslumeisturum hússins.

„Á veitingastaðnum Lava er tilvalið fyrir fundarhópa að snæða saman hádegisverð eða kvöldverð. Lava rúmar jafnt stóra sem litla hópa og býður upp á stórfenglegt útsýni yfir Bláa Lónið. Í boði er meðal annars spennandi hópmatseðill sem auðveldar skipuleggjendum funda að velja matseðil við hæfi handa sínum fundargestum,“ segir Hulda.

Moss er nýjasti veitingastaður Bláa Lónsins en hann var opnaður í apríl 2018 samhliða Retreat, nýrri heilsulind og hóteli, en Moss er á lista Michelin yfir þá staði sem þeir mæla með.

„Á Moss er tilvalið fyrir litla hópa að setjast niður í kvöldverð eftir góðan fundardag og njóta útsýnis yfir hraunbreiðuna sem umlykur Bláa Lónið. Það er bæði spennandi og velkomið að fara ofan í vínkjallarann og dreypa þar á vínglasi áður en sest er til kvöldverðar. Sömuleiðis er skemmtileg upplifun að borða á Chef Table.“

Á öllum veitingastöðum Bláa Lónsins reiða meistarakokkar fram ljúffenga rétti úr fyrsta flokks hráefni.

„Fyrir þá sem ætla að funda í lengri tíma eða vilja njóta staðarins í framhaldi af fundum er hægt að láta fara vel um sig og gista á Silica hóteli eða Retreat,“ upplýsir Hulda.

Sölufólk Bláa Lónsins aðstoðar með mikilli ánægju og gerir tilboð í viðburði. Best er að hafa samband í gegnum contact@bluelagoon.is eða hringja í síma 420 8800.

https://www.bluelagoon.com/is/topics/fundarsalir



Eldey er nýr og glæsilegur fundarsalur í Bláa Lóninu. Hann rúmar allt að 18 manns við stórt og gott borð og er búinn fullkomnum tækjakosti.



Stóri salurinn í Bláa Lóninu tekur allt að 80 manns. Frá honum er fagurt útsýni og er salurinn útbúinn tæknibúnaði sem mætir öllum nútíma kröfum.



Á veitingastöðum Bláa Lónsins, Lava og Moss, starfa framúrskarandi meistarakokkar sem gleðja bæði munn og maga fundargesta.



Það er notalegt að velja sér vínglas í vínkjallaranum á Moss eftir fundi.



Iðjagrænn mosi, kolsvart hraun og blátt lónið gleður augu gesta á Moss.



Séð yfir Lava Restaurant þar sem útsýni út á lónið er óviðjafnanlegt.

# Gómsætir veislubakkar og girnilegar kökur

Veisluþjónusta Jóa Fel býður upp á mikið úrval af veislubökkum sem henta fyrir ýmis tækifæri, allt frá litlu og huggulegu saumaklúbbskvöldi yfir í fjölmennar stórveislur eða bara til að brjóta upp hversdaginn með óvæntri og skemmtilegri veislu fyrir sig og sína.



Girnilegur vegan Bakki frá Jóa Fel.

Við erum með nokkrar gerðir af tilbúnum bökkum. Vinsælastir eru snittubakkarnir, samlokubakkarnir og spjótbakkarnir en sætu bakkarnir og grænmetisbakkarnir hafa ekki síður slegið í gegn. Við getum einnig komið með hugmyndir að annars konar bökkum ef óskað er eftir því. Það er bara um að gera að leita til okkar og við getum aðstoðað með ýmsum hætti," segir Jói Fel.

Jói Fel býður upp á meira en veislubakka en veisluterturnar hans eru oftar en ekki miðpunkturinn á glæsilegu veisluborði. „Veisluterturnar hjá okkur er hægt að fá í nokkrum útfærslum sem hægt er að skoða inni á vefnum hjá okkur. Vinsælasta tertan okkar er Englatertan. Hún er ekta súkkulaðiterta sem er sígilt hnossgæti. Einnig er vinsælt að velja girnilegar kökur á staðnum úr kökuborðinu okkar. Síðan má ekki gleyma steinbökuðu veislubrauðunum okkar, þau eru frábær með alls konar ostum, pylsum og skinkum."

Margir vilja bjóða upp á góða súpu eða salat sem þeir útbúa sjálfir. Jói segir að þá séu steinbökuðu ítölsku brauðin hans punkturinn yfir i-ið. „Þau eru matarmikil með stökkri skorpu og gleðja unga sem aldna."



Jói Fel býður upp á fjölbreytta veislubakka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Einfaldar lífið

Af nýjungum sem veisluþjónusta Jóa Fel býður upp á má nefna vegan snittur. „Það er alltaf að verða meiri og meiri eftirspurn eftir bökkum sem höfða til grænkeranna og í því samhengi má heldur ekki gleyma grænmetisbakkanum okkar, hann er einstaklega litríkur, ferskur og hollur," segir Jói.

„Síðan erum við nýkomin með tvær stærðir af makkarónubökkum, en makkarónur eru mjög fallegar og skrautlegar á veisluborðinu."

Jói segir að hægt sé að einfalda líf sitt mikið með því að bjóða upp á tilbúna veislubakka. „Það er minna stress, minni tími í innkaup og snúninga og þá verður einnig meiri tími til að njóta og slaka á," segir hann.

Það þarf ekki að panta veislubakka með miklum fyrirvara. „Fyrir minni veislur eða fyrir fundarkaffið þá er gott að panta með dagsfyrirvara, en fyrir stærri veislur þá er best að hafa samband sem fyrst við okkur svo við getum aðstoðað við undirbúninginn. Það er ágætt að miða við 3 daga áður en veislan er haldin," segir Jói.

Veisluþjónusta Jóa Fel leggur fyrst og fremst áherslu á að veita góða þjónustu og bjóða upp á góðar veitingar sem höfða til breiðs hóps viðskiptavina. „Veisluþjónustan hefur verið stór og mikilvægur hluti af rekstri fyrirtækisins frá upphafi. Það eru alltaf nýir straumar og stefnur í gangi sem gerir vinnuna í kringum veisluþjónustuna svo skemmtilega og áhugaverða. Síðan má segja að viðskipavinirnir eru alltaf að verða meira meðvitaðir um gæði á matvælum og því skiptir miklu máli að vera með fjölbreytileika í vöruframboði. Við leggjum mikla áherslu á faglega þjónustu og mikil gæði sem skilar sér vonandi í ógleymanlegri veislu," segir Jói.

**„Veisluþjónustan hefur verið stór og mikilvægur hluti af rekstri fyrirtækisins frá upphafi. Það eru alltaf nýir straumar og stefnur í gangi sem gerir vinnuna skemmtilega.**



Glæsilegur snittubakki sem hentar ýmsum tilefnum.



Jói Fel er með nokkrar tegundir af pinnamat.



Hótel Örk er eitt stærsta hótel landsbyggðarinnar eftir að opnuð var ný álma með 78 glæsilegum herbergjum í fyrravor.

# Eitt stærsta hótel landsbyggðarinnar

Hótel Örk er fallegt hótel staðsett í Hveragerði. Þar er boðið upp á margs konar veislu- og fundarsali og hvers kyns veisluþjónustu sem stenst ströngustu kröfur.

Saga Hótels Arkar hófst þegar fyrsta skóflustungan var tekin í september 1985 og níu mánuðum síðar var hótelið opnað með pompi og prakt. Árið 2016 urðu ákveðin kaflaskil í sögu Hótels Arkar þegar ráðist var í að endurgera móttöku og veitingastaðurinn HVER var opnaður sama ár.

**Fallegt útsýni**

„Í maí 2018 var opnuð ný álma með 78 glæsilegum herbergjum þar sem áhersla er lögð á nútímalega hönnun ásamt öllum helstu þægindum sem hótelgestir þurfa,“ segir Jakob Arnarson, hótelstjóri Hótels Arkar. Nýju herbergin eru allt frá tveggja manna herbergjum og upp í fallegar svítur. Superior herbergin eru rúmgóð og björt. Í þeim eru gluggar sem ná niður að gólfi svo gestir fá að njóta enn betur fallega útsýnisins og sem mestrar birtu. Með nýbyggingunni eru nú samtals 157 herbergi á Hótel Örk, sem er eftir stækkunina eitt stærsta hótel landsbyggðarinnar.

Hótelið hentar sérstaklega vel fjölskyldufólki. Auk alls þess sem Hveragerði og nágrenni hefur upp á að bjóða, geta hótelgestir notið þeirrar aðstöðu sem er á hótelinu. Fyrir utan almenna gistingu tekur hótelið á móti alls kyns hópum og býður viðeigandi þjónustu á sviði veitinga. „Gestir hafa aðgang að útisundlaug, heitum pottum, gufubaði, golfvelli og afþreyingarherbergi. Á hótelinu eru sjö fundarsalir af öllum stærðum og gerðum sem taka allt frá 10 til 300 manns í sæti. Hótel Örk er í aðeins 44 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík og er því tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja komast úr ys og þys borgarinnar og slappa af, án þess að þurfa að ferðast langar leiðir.“







» Gestir Hótels Arkar hafa aðgang að útisundlaug, heitum potti, gufubaði, golfvelli og afþreyingarherbergi.

**Fyrsta flokks tækjabúnaður**

Á hótelinu eru sjö ráðstefnu- og fundarsalir sem er auðveldlega hægt að aðlaga að hverjum viðburði fyrir sig, eru allt frá 25 fermetrum að stærð og upp í 315 fermetra. Hótelið leggur mikið upp úr því að tækjabúnaður í hverjum sal sé fyrsta flokks og að öll þörf þjónusta sé tiltæk. Á veitingastaðnum HVER er lögð áhersla á úrvals mat og þjónustu fyrir fjölskyldur sem og alla gesti á sanngjörnu verði. Þar er hvers kyns veisluþjónustu sinnt og þjónustu vegna funda og ráðstefna. Hótelið býður upp á aðstöðu fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina í salarkynnum sínum.

Nýlega voru gerðar endurbætur á stærsta salnum sem ber nafnið Aðalgerði. Þar er hægt að bjóða allt að 300 manns í veislur, á fundi eða ráðstefnur til dæmis. Þar er bar, rúmgott svið, fullkomið hljóðkerfi og hljóðnemi, ræðupúlt og þráðlaus nettenging.





Á Hótel Örk eru sjö ráðstefnu- og fundarsalir og er mikið lagt upp úr fyrsta flokks tækjabúnaði og framúrskarandi þjónustu. Hægt er að njóta matar og gistingar í glæsilegum vistarverum.



Sveitabrúðkaup. Stefanía skreytti hlöðu í Ísafjarðardjúpi fyrir vini sína.



Fallegur salur sem Stefanía skreytti fyrir brúðkaup náins ættingja.





Stefanía notar gjarnan jurtir úr náttúrunni til að skreyta veislusali en brúðkaupsvendirnir eru gerðir úr lifandi blómum.

# Glæsileikinn allsráðandi í veislunni

Stefanía Helga Kjartansdóttir hefur mikla ástríðu fyrir því að skreyta veislusali. Hún hefur skreytt alls kyns sali fyrir brúðkaup, afmæli og árshátíðir. Stefanía sækir innblástur í íslenska náttúru.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Stefanía hefur haft mikinn áhuga á blómum og skreytingum frá því hún var lítil stúlka. Þá rak móðir hennar blómabúð í Mosfellsbæ og Stefanía var daglegur gestur þar og hjálpaði til. „Ætli áhuginn hafi ekki vaknað á þessum tíma,“ segir hún. „Móðir mín var talsvert í skreytingum og faðir minn hefur mikinn áhuga á blómum. Hann hefur reyndar hjálpað mér mikið með skreytingar, bæði hrært steypu, smíðað og lagfært. Ætli þetta sé ekki í genunum,“ segir hún. „Á tímabili velti ég því fyrir mér að fara í Garðyrkjuskólann og læra blómaskreytingar en svo ákvað ég að hafa þetta frekar sem áhugamál en starf. Ég hef gaman af því að gúgla allt mögulegt sem tengist skreytingum og fæ oft góðar hugmyndir með því. Það hafa margir spurt mig af hverju ég sé ekki að vinna í blómabúð og við skreytingar,“ segir hún. „Mér finnst þetta rosalega skemmtileg vinna og vil alls ekki fá leiða á henni. Betra að hafa þetta á kantinum,“ bætir hún við.

„Ég hef bara fyrst og fremst verið að skreyta fyrir vini og ættingja og haft mjög gaman af þessu. Fyrir nokkrum árum starfaði ég hjá Skeljungi og þá var ég fengin til að skreyta sal fyrir árshátíð starfsmanna sem var haldin í Broadway. Ég skreytti aftur ári síðar fyrir Skeljung. Upp frá því fékk ég nokkrar beiðnir frá félögum sem höfðu séð skreytingar eftir mig. Meðal annars breytti ég einu sinni bílageymslu í partísal. Ég fékk sömuleiðis mjög skemmtilegt verkefni, að skreyta hlöðu í Ísafjarðardjúpi fyrir sveitabrúðkaup.“

> Á tímabili velti ég því fyrir mér að fara í Garðyrkjuskólann og læra blómaskreytingar en svo ákvað ég að hafa þetta frekar sem áhugamál en starf.

Stefanía segir að hún noti mikið ljósaseríur til að skreyta með. Oft setur hún þær þétt í loftið á salnum ef sá möguleiki er fyrir hendi. „Þetta getur verið talsvert föndur og vinna svo maður þarf að hafa tímann fyrir sér og gott að byrjað tímanlega fyrir veisluna. Ég tíni jurtir, mála steina og breyti jafnvel gömlum hlutum í kertastjaka. Maður þarf að nota hugmyndaflugið og það er gott ef hægt er að endurnýta hluti og halda kostnaði í lágmarki. Það er líka vel hægt að leika sér í borðskreytingum,“ segir hún.



Ástríða Stefaníu er að skreyta sali enda hefur hún gaman af föndri og skreytingavinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Mér finnst gaman að vinna út frá þema. Ég spyr fólk yfirleitt um uppáhaldslit en það er ekki alltaf sem hann er til staðar. Þá reyni ég að finna hann út eða hef þetta svolítið rústik eða gróft og rómantískt. Ég nota mikið jurt sem nefnist fjalldrapi og er af birkiætt. Einnig nota ég lyng og aðrar fallegar jurtir. Með þessu nota ég striga og blúndu sem gefur rómantískt yfirbragð. Ég hef búið til servíettuhringi úr fjalldrapa enda eru greinarnar mjúkar og auðvelt að sveigja þær. Ég hef sömuleiðis sagað niður tré sem átti hvort eð var að farga og útbúið ljós úr þeim. Það er hægt að nota svo ótrúlega margt í skreytingar, alltaf hægt að mála, spreyja og lita,“ segir Stefanía Helga.



g-events getur séð um skipulagningu viðburða frá A-Ö.



Viðskiptavinir g-events eru allt frá litlum fyrirtækjum upp í þau stærstu og allt þar á milli.



Gunnar segir að engir tveir viðburðir séu eins, því þeir séu klæðskerasaumaðir að þörfum hvers og eins.

# Frumleg og fjölhæf viðburðaþjónusta

## g-events stýrir öllum tegundum viðburða fyrir stór og smá fyrirtæki og hefur gert það síðustu átta ár.

g-events hefur einnig þjónað sem nokkurs konar ferðaskrifstofa fyrir erlend fyrirtæki sem koma í heimsókn og komið að sjónvarps- og kvikmyndaverkefnum hér heima fyrir erlenda aðila. Fyrirtækið stefnir að því að hafa frumleikann að leiðarljósi alla daga. Engir tveir viðburðir hafa verið nákvæmlega eins.

Gunnar Traustason, eigandi og framkvæmdastjóri g-events, segir að fyrirtækið leggi sig fram við að veita góða þjónustu. „Við erum með mjög hátt þjónustustig og tökum þarfir kúnnans fram yfir okkar eigin,“ segir hann. „Það þýðir að ef við þurfum að vinna langt fram á kvöld eða eitthvað þess háttar til að sinna öllum þörfum kúnnans þá gerum við það með bros á vör. Við segjum alltaf við okkar kúnna að við getum reddað öllu fyrir hann, alveg sama hvað, svo lengi sem það er löglegt.

Vinnudagarnir hjá okkur verða oft langir, en ég tel mig lánsaman að fá að vinna við þetta,“ segir Gunnar. „Þetta er skemmtilegasta vinna í heimi, maður er alltaf að skapa eitthvað nýtt og spennandi.

Að fá að skapa minningar sem lifa í huga kúnnans í mörg ár eru forréttindi,“ segir Gunnar.

### Hugsa út fyrir boxið

„Við höfum fengið að heyra að við séum frjó í hugmyndum þegar kemur að því að skipuleggja viðburði,“ segir Gunnar. „Starfsfólkið fær frumlegar hugmyndir sem eru svolítið út fyrir boxið og getur þannig oft komið viðskiptavinum á óvart. Við höfum lagt gríðarlega vinnu í að finna frumlega og skemmtilega sali og staðsetningar fyrir viðburði.



Starfsfólk g-events fær frumlegar hugmyndir sem eru svolítið út fyrir boxið og getur þannig oft komið viðskiptavinum á óvart.

Við tökum að okkur allar gerðir viðburða og getum séð um allt sem tengist viðburðahaldinu. Við höfum séð um alls kyns fundi, ráðstefnur, hvataferðir, árshátíðir, stórar opnanir hjá tískukeðjum sem hafa verið sýndar í beinni í fréttum og allar aðrar mögulegar tegundir fyrirtækjaviðburða líka,“ segir Gunnar. „Við erum mjög fjölhæf þegar kemur að því að skipuleggja flotta viðburði.“

### Alltaf að breyta og bæta

„Við getum séð um skipulagningu frá A-Ö. Það fer gríðarlegur tími í að skipuleggja flottan viðburð, en með aðstoð frá fagfyrirtæki fæst nýr vinkill á hlutina,“ segir Gunnar. „Auk þess hefur starfsfólk sem er í fullri vinnu ekki endilega tíma fyrir alla undirbúningsvinnuna fyrir viðburði.“

> **Að fá að skapa minningar sem lifa í huga kúnnans í mörg ár eru forréttindi.**



Árshátíðir, fundir og ráðstefnur eru meðal algengustu verkefna g-events.



Gunnar Traustason, eigandi og framkvæmdastjóri g-events. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Viðskiptavinir g-events eru allt frá litlum fyrirtækjum upp í þau stærstu á landinu og allt þar á milli. „Sem dæmi um verkefni sem við erum að vinna að núna má nefna 5.000 gesta hátíð sem verður haldin um helgina og svo erum við líka búin að vera að vinna í hátíð sem hefst í febrúar á næsta ári þar sem við eigum von á 20-30 þúsund manns, en hún stendur yfir í 4-6 vikur,“ segir Gunnar. „Svo erum við að undirbúa mikið af árshátíðum og hvataferðum fyrir seinnipart ársins og næsta ár ásamt alls konar öðrum flottum viðburðum.

Engir tveir viðburðir hafa verið nákvæmlega eins, við setjum alltaf smá „twist“ á þetta fyrir hvern kúnna og klæðskerasaumum viðburðina að þörfum hvers og eins. Við erum í rauninni alltaf að gera eitthvað nýtt,“ segir Gunnar. „Þó að ég væri að þessu í 100 ár væri samt hægt að gera eitthvað nýtt á hverjum degi, bæði vegna þess að það eru mismunandi þarfir hjá viðskiptavinunum og við erum alltaf að vinna í nýjum hugmyndum og útfærslum á hverjum degi.“



**Það er hægt að undirbúa sig fyrir ráðstefnur á ýmsan hátt.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Góð ráð fyrir ráðstefnur

Hér eru nokkur góð ráð fyrir þá sem eru að fara á vinnuráðstefnu.

- Ákveddu hvað þú vilt fá út úr ráðstefnunni, hvort sem það er að hitta fólk, skapa tengsl eða læra. Það hjálpar þér að forgangsraða.
- Reyndu að komast að því hverjir verða á ráðstefnunni með því að skoða dagskrána og ræða við aðra gesti. Ef þú veist hverja þú getur hitt getur það hjálpað þér við undirbúning, sem getur bæði hjálpað þér að vekja athygli og auðveldað samræður.
- Tengstu öðrum ráðstefnugestum í gegnum samfélagsmiðla, til dæmis með því að nota myllumerki ráðstefnunnar. Það getur auðveldað þér að komast inn í umræður, sjá hverjir koma og leitt til þess að þú kynnist einhverjum.
- Sofðu nóg. Það er sérstaklega mikilvægt á ráðstefnum, því svefninn fer oft forgörðum, einkum ef þú ert að ferðast. Ekki vanmeta góðan nætursvefn. Þú fylgist betur með, lærir betur og það verður auðveldara að hitta nýtt fólk.
- Passaðu mataræðið. Það er auðvelt að klúðra mataræðinu á ráðstefnu, ekki síst ef maður þarf að ferðast, en svefn, hreyfing og mataræði hefur mikil áhrif á orkustig og skap, svo það þarf að passa vel upp á þessa þætti og jafnvel hafa með sér nesti.



**Það er mikilvægt að kaffibollarnir séu úr umhverfisvænu efni.**

## Þrjú ráð fyrir umhverfisvænni ráðstefnur

Eitt af því sem einkennir ráðstefnur, og raunar öll mannamót, er kaffineysla. Því er alltaf þörf á kaffibollum en einnota kaffibollar geta verið allt að þrjátíu ár að brotna niður í náttúrunni. Það er því mikilvægt að kaffibollarnir séu úr umhverfisvænu efni eða, sem er enn betra, úr endurnýtanlegum umbúðum. Sama á við um vatn.

Leiddu hugann að kolefnisfótsporinu sem fylgir ráðstefnunni. Þá er til dæmis hægt að hafa í huga atriði eins og hvort gestirnir eða starfsfólk þurfi að ferðast langar vegalengdir til að komast á staðinn.

Ein áhrifaríkasta leiðin til þess að leggja sitt af mörkum til umhverfisins er að draga úr neyslu dýraafurða. Það er því gott að hafa í huga þegar veitingar eru skipulagðar að dýraafurðir þurfa ekki alltaf að vera þungamiðjan, enda mikið af öðrum spennandi valmöguleikum í boði.

## Gjafir sem gleðja

Sælla er að gefa en þiggja. Það ber vott um virðingu og hlýhug að koma færandi hendi með óvæntan glaðning á fundinn eða í veisluna. Það gerir þeim sem þiggur gjöfina ljóst að hann skiptir máli og hvetur hann jafnvel til dáða. Gjafir uppskera falslaust bros og bros eru uppspretta orku og vináttu.

Gjöf er líka merki um vináttu og ósk um áframhaldandi samfylgd. Hún gæti til dæmis innihaldið konfekt, vínflösku, leikhúsmiða, geit eða brunn í Afríku í þínu nafni, lottómiða eða hvaðeina skemmtilegt.

Handskrifaður þakkarvottur er líka mikils virði eða jafnvel óvæntur bónus á góðri stundu og gefur þiggjandanum til kynna að hann sé mikils virði. Í þakkarvotti er hægt að skrifa hvers virði þiggjandinn er þeim sem gefur og hvað gerir hann sérstakan. Þá er ekki annað eftir en að rétta honum bréfið og þakka fyrir komuna og samveruna.



**Það kætast allir yfir óvæntum glaðningi.**

HÓTEL KEA
BY KEAHOTELS

VEISLA Í VÆNDUM?

TILVALIÐ FYRIR VEISLUNA, ÁRSHÁTÍÐINA, RÁÐSTEFNUR OG FLEIRA

GLÆSILEGIR SALIR, FRÁBÆR AÐSTAÐA OG FJÖLBREYTTIR MATSEÐLAR









www.keahotels.is

Hótel Kea | Hafnarstræti 87 - 89 | Sími 460 2000 | kea@keahotels.is



Nýjar vörur vikulega á curvy.is
Stærðir 14-28 eða 42-56
komdu við í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu
við Grensásveg eða pantaðu í
netverslun www.curvy.is
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Skyrta
5.990 kr
Stærðir 16-26
AMY Buxur
6.990 kr
Stærðir 14-26
Regnkápa
14.990 kr
Stærðir 14-28
AMY Buxur
6.990 kr
Stærðir 14-26
Kjóll
8.990 kr
Stærðir 16-26
Golla
5.990 kr
Stærðir 14-28
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is





Gervipelsar eru fullkomnir og hlýir fyrir haustið, ekki skemmir fyrir ef þeir eru í einhverjum skemmtilegum lit. Mjög flottir við hversdagsfötin til að krydda aðeins upp á útlitið.







Hlýjar og notalegar dúnúlpur eru alltaf flottar. Nú er sérstaklega í tísku að hafa þær í stærri kantinum.

# Yfirhafnirnar sem þú þarft fyrir haustið

Nú gengur september senn í garð og það þýðir að tími er kominn til að draga fram haustyfirhafnirnar lengst innan úr skápnum eftir sólríkt sumar. Það er þó óþarfi að festa sig í þessum svokölluðu haustlitum og um að gera að leyfa litagleðinni sem ríkti í sumartískunni að lifa örlítið lengur, þrátt fyrir rigningu og rok.

Nú í sumar ríkti einstaklega mikil litagleði í tískunni þar sem tískudrósirnar hikuðu ekki við að blanda saman skærum og skemmtilegum litum. Það fer senn að hausta og er það oftast lenskan að færa sig í yfir í dekkri og meiri jarðliti þegar myrkva tekur, sem getur líka verið einstaklega fallegt. Margar eru eflaust farnar að hlakka til að klæðast notalegum úlpum og þykkum og hlýjum kápum. Hér eru nokkur dæmi um fallegar og öðruvísi yfirhafnir sem vonandi geta orðið lesendum innblástur fyrir komandi mánuði.

steingerdur@frettabladid.is



Klassísk „trench coat“ virkar alla daga ársins og við nánast allt, haust sem vor, vetur eða sumar. Algjör skyldueign, sérstaklega núna í haust.





Hermannajakkinn er alltaf klassískur yfir hversdagsfötin en það er einnig mjög flott að blanda honum við spariföt. NORDICPHOTOS/GETTY





Regnkápur eru fullkomnar í haust þegar það er ekki nógu kalt fyrir úlpuna.

# Góð eins og fyrir kraftaverk



Vacu Sport-tækið hefur margvíslega virkni og vinnur sérstaklega vel á mjóbaksverkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þeim fjölgar enn sem upplifa mikinn bata í þýsku Weyergans-heilsutækjunum á Heilsu- og fegrunarstofu Huldu. Hér segja þrjár konur frá árangri sínum.

Helga Kristjánsdóttir leitaði til Huldu eftir að hún var skorin upp við heilaæxli. Eftir aðgerðina blæddi inn á heila Helgu og hún lamaðist vinstra megin í líkamanum.

„Þegar kom að því að ég fór í endurhæfingu á Grensás datt mér í hug hvort það gæti flýtt fyrir bata mínum að fara líka í tækin til Huldu en ég þekkti þau af góðri raun. Ég var þá komin með mikinn bjúg í veika fótinn eftir aðgerðina og sogæðastígvélin hjálpuðu mér strax mikið. Það var reyndar þannig að fyrst kom ég til Huldu í hjólastól, í næsta tíma á eftir gekk ég með göngugrind og í þriðja skiptið með göngustaf. Allt gekk svo rosalega hratt samhliða góðri þjálfun á Grensás,“ segir Helga.

Þegar Helga byrjaði að ganga á ný var hún slæm í skrokknum. „Ég fór þá í Vacu Sport-rörið hjá Huldu sem er ótrúlega gott við mjóbaksverkjum. Annað undratæki reyndist vera infrarauði klefinn sem kom blóðrásinni af stað og gerði mér mikið gott. Ég tel þessi tæki eiga stóran þátt í mínu bataferli og á örskömmum tíma losnaði ég við bjúg og bólgur og var alltaf verkjalaus þegar ég kom úr tækjunum,“ segir Helga.

Bára Þórðardóttir hafði í mörg ár haft verki í baki og spjaldhrygg sem leiddi niður í fætur.



Innrauði klefinn kemur blóðrásinni af stað og vinnur vel á bjúg og bólgum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Verkjatöfluát var nánast daglegt brauð en eftir að hafa farið í sogæðastígvélin og Vacu Sporthólkinn hjá Huldu er ég laus við þessa verki. Æðaslit vegna sogæðabólgu, rauðbláir blettir á fæti, frá ökkla og fram á rist, hurfu nánast á 10 skiptum. Ég er þægilega þreytt þá daga sem ég fer í hólkinn en endurnærð daginn eftir. Eitt kom mér líka þægilega á óvart; það var hvað ég slakaði betur á og svefninn varð lengri og samfelldari á eftir,“ segir Bára.

Anna Kristín Tryggvadóttir hafði ekki ætlað sér sjálf að nota tækin hjá Huldu en ákvað að prófa þegar hún beið eftir móður sinni sem leitaði sér heilsubótar þar.

„Ég hafði verið slæm í mjóbakinu og og ákvað að prófa Vacu Sport-tækið hjá Huldu. Eftir aðeins einn tíma var ég orðin góð eins og fyrir kraftaverk. Ég hef líka farið í sogæðanuddtækið og hélt þá að ekkert amaði að mér líkamlega en annað kom í ljós og ég fann að ég var uppfull af stíflum. Sogæðastígvélin eru líka æðisleg og húðin verður mjúk og stinn á eftir. Mér finnst líka mikils virði hversu dásamlegt er að koma til Huldu. Þar er tekið vel á móti manni, öllum er gefinn góður tími og andrúmsloftið er vingjarnlegt, slakandi og þægilegt. Við dóttir mín höfum líka prófað infrarauða klefann hjá Huldu sem fær mann til að svitna út bakteríum og óhreinindum en á eftir verður maður fullur vellíðunar,“ segir Anna Kristín.

Heilsu- og fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3. Tímapantanir í síma 772 4575.



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

## Þjónusta

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Hellulagnir, lóðastandsetning, skjólveggir og pallasmíði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufræðingur s: 697-8588.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Önnur þjónusta

KONI



Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:
- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi í 105 Rvk, til leigu með aðgangi að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Upplýsingar í síma 686 8501.

Til leigu/for rent. Góð 2 herbergja íbúð í Hamraborg, Kópavogi til leigu. Uppl. í síma 780 6100.

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU.**
Kistumelur 14, 289 fm á kr. 1500 pr fm.
Stórar innkeyrsludyr, 9,5 m lofthæð.
**Nánar uppl. s. 840 3992**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Tilkynningar

### Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.


ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á job.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is




**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 12/2018, ekinn 7 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 6.190.000
Afborgun kr. 78.418 á mánuði*



**Honda Accord Tourer**
Nýskráður 4/2004, ekinn 170 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr.490.000
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Jazz Comfort**
Nýskráður 8/2018, ekinn 5 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.690.000
Afborgun kr. 34.168 á mánuði*



**HYUNDAI i20**
Nýskráður 7/2017, ekinn 26 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð kr. 1.690.000
Afborgun kr. 21.525 á mánuði*



**Peugeot 3008 Active**
Nýskráður 6/2012, ekinn 81 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.290.000
Afborgun kr. 25.732 á mánuði*

*Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is


Auður Kristinsdóttir
GSM 824 7772
audur@fasteignaslan.is


Eggert Ólafsson
GSM 893 1819
eggert@fasteignaslan.is


Guðbergur Guðbergsson
Sími 893 6001
beggi@fasteignaslan.is


Guðlaug Á. Halldórsdóttir
GSM 848 6680
gulla@fasteignaslan.is


Guðrún H. Ólafsdóttir
GSM 845 7445
gudrun@fasteignaslan.is


Hafsteinn Þorvaldsson
GSM 891 8891
hafsteinn@fasteignaslan.is


Haraldur Guðjónsson
GSM 783 1494
halli@fasteignaslan.is


Inga Dóra Ingvadóttir
GSM 692 4106
inga@fasteignaslan.is


Íris Hall
GSM 695 4500
irishall@fasteignaslan.is


Loftur Erlingsson
GSM 896 9565
loftur@fasteignaslan.is


Ólafía Ólafsdóttir
GSM 898 8242
ola@fasteignaslan.is


Ólafur Tryggvason
GSM 666 8777
olafur@fasteignaslan.is


Ómar Guðmundsson
GSM 696 3559
omar@fasteignaslan.is


Páll Guðjónsson
GSM 699 4994
pall@fasteignaslan.is


Sigrún B. Ólafsdóttir
Sími 512 3400
sigrun@fasteignaslan.is


Snorri Sigurfinnsson
GSM 864 8090
snorri@fasteignaslan.is


Vilborg G Hansen
GSM 895 0303
vilborg@fasteignaslan.is



## Álalækur 13 -15, Selfossi

*** NÝJAR 3JA, 4RA OG 5 HERB ÍBÚÐIR Á GÓÐUM VERÐUM, LAUSAR VIÐ KAUPSAMNING! ***

Glæsilegar 87,7 – 121,9 fm íbúðir í viðhaldsléttu lyftuhúsi. Tilbúnar m/gólfefnum, innbyggðum ísskáp og uppþvottavél. Rafhleðslustöðvar á bílaplani. Bókið skoðun.
Verð frá 34,9 til 39,5 millj
Uppl veitir Vilborg G Hansen löggiltur fasteignasali
s. 895-0303,
vilborg@fasteignasalan.is



## Álalækur 17, Selfossi

*** 4RA HERB. LAUS Í OKTÓBER! ***

Glæsileg 4ra herb. 96,3 fm Íbúð í viðhaldsléttu lyftuhúsi. Innfelldur ísskápur og uppþvottavél fylgja. Rafhleðslustöðvar á bílaplani. Bókið skoðun.
Verð 36.9 millj.
Uppl veitir Vilborg G Hansen löggiltur fasteignasali
s. 895-0303,
vilborg@fasteignasalan.is



## Rekagrandi 2, 107 Reykjavík

*** MIKIÐ ENDURNÝJUÐ ÍBÚÐ MEÐ STÆÐI Í BÍLSKÝLI ***

Glæsileg 3ja herb, 87 fm íbúð á tveimur hæðum með stæði í lokuðu bílskýli. Mikið endurnýjuð með útsýni á vinsælum stað í Vesturbænum. Bókið skoðun.
Verð 46.9 millj
Uppl veitir Vilborg G Hansen löggiltur fasteignasali
s. 895-0303,
vilborg@fasteignasalan.is



## Eyravegur 46 Selfossi

*** 71,9 FM, 2HERB. Á JARÐHÆÐ ***

Sér inngangur, stórt svefnherbergi með miklu skápaplássi, stofa og eldhús í opnu rými, þvottahús innaf baðherbergi og 6fm sérgeymsla (innif.í fm) í sameign. Gengt úr stofu út á afgirta stétt/garð. Flísar og pl.parket á gólfum.
Flott fyrstu kaup!
Ásett verð: 24,9millj.
Uppl. Loftur Erlingsson löggiltur fasteignasali
s. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is



## Gullsmári 11, Kópavogur

*** STÚDÍÓÍBÚÐ, 60 ÁRA OG ELDRI ***

Falleg stúdíóíbúð á 6. hæð í lyftuhúsi. Mikið útsýni.
Forstofa með góðum skápum. Stofa/svefnrými.
Fataherbergi/geymsla Baðherbergi með tengi f.þvóttavél.
Sérgeymsla á jarðhæð.
Afhending við undirritun kaupsamnings. Bókið skoðun.
Verð 28,7 mill
Uppl veitir Íris Hall lögg.fasteignasali
s. 695-4500
irishall@fasteignasalan.is



## Heilsárs/Sumarhús á Rangavöllum

*** HEILSÁRSHÚS/SUMARHÚS Á RANGÁRVÖLLUM YTRI ***

Snyrtilegt 109,9 fm heilsárshús/sumarhús á eignalóð í landi Svínhaga á Rangárvöllum Ytri. Húsið er byggt árið 2005 úr kanadískum bjálka en búið er að klæða það að utan með bárujárni. Virkilega fallegt útsýni og fallegur staður þar sem stutt er upp á hálendið og margar þekktar íslenskar náttúruperlur eru í næsta nágrenni. Húsið er fallega innréttað og hefur á undanförnum árum talsvert verið endurnýjað.
Afhending við kaupsamning.
Verð 28,9m
Uppl veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur/löggiltur fasteigna,- og skipasali
s. 891-8891
hafsteinn@fasteignasalan.is



## Bólstaðarhlíð 64 105 Reykjavík

*** 4-5 HERBERGJA ***

116,5 fm, íbúð á þriðju hæð á eftirsóttum stað. Verið er að klára að mála húsið að utan. Forstofa, eldhús, borðstofa stofa, skrifstofa, þrjú herbergi og baðherbergi.
Tvennar svalir. Sérgeymsla. Upprunaleg að innan.
Verð 45,3 mill
Uppl veitir Snorri Sigurfinnsson. lfs.
s. 864-8090
snorri@fasteignasalan.is



## Snyrtilegt 180 fm tveggja hæða einbýlishús

*** LÖGBÝLIÐ KVISTHOLT ***

Lögbýlið Kvistholt í Bláskógabyggð / Laugarási. Snyrtilegt 180 fm tveggja hæða einbýlishús byggt árið 1983 og á lóðinni stendur einnig 400 fm gróðurhús. Lóðin er rúmur 1 ha að stærð gróin og virkilega falleg. Áhugaverð eign sem býður upp á marga spennandi möguleika bæði í ferðaþjónustu sem og búsetu. Möguleiki á aukaíbúð á neðri hæð hússins. Spennandi og góð eign í góðri sveit staðsett í rúmlega klst aksturfjarlægð frá Reykjavík, allt á bundnu slitlagi.
Verð 59,9m

Uppl veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur/löggiltur fasteigna,- og skipasali
s. 891-8891
hafsteinn@fasteignasalan.is



## Óðinshús

*** Í HJARTA EYRARBAKKA ***

Stórt og tignarlegt hús í hjarta Eyrarbakka sem stendur við aðalgötu bæjarins á sjávarlóð. Húsið á sér merkilega sögu, eitt af elstu steynsteyptum húsum landsins, byggt árin 1913 - 1920. Að utan er húsið ný málað, endurnýjað járn á þaki og malarbílaplan er við húsið og grasflöt sjávarmegin. Fyrir utan endurbætur er húsið mjög upprunalegt og hefur því ríkt varðveislugildi. Jarðhæðin eða lítið niðurgrafinn kjallari, skráð geymsla er 107,3 fm og þar fyrir ofan er 107,3 fm opið rými skráð vinnustofa og viðbygging 63,2 fm skráð íbúð en er opið rými/bílskúr, samtals 277,8 fm. Hús sem býður uppá ótal spennandi tækifæri í búsetu, ferðaþjónustu eða atvinnustarfsemi.
Verð 37,3m

Uppl veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur/löggiltur fasteigna,- og skipasali
s. 891-8891
hafsteinn@fasteignasalan.is



## Álftahólar 5 111 Reykjavík

*** 4 HERBERGJA ÚTSÝNISÍBÚÐ ***

Snyrtileg endaíbúð á efstu hæð. 107 fm. Forstofa, stofa/borðstofa. Svalir til suðurs. Eldhús með nýjum tækjum. Þrjú herbergi, baðherbergi. Sérgeymsla. Endurnýjuð gólfefni. Eldhúsinnrétting og innihurðar filmaðar af fagmönnum.
Verð 41,9 mill
Uppl veitir Snorri Sigurfinnsson. lfs.
s. 864-8090
snorri@fasteignasalan.is



## Helgafell Mosfellsbæ

*** GLÆSILEG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ ***

Til sölu glæsileg 4ra herbergja íbúð 129,6 fm á annari hæð ásamt stæði í bílageymslu, efst í Helgafellslandinu Mosfellsbæ. Eignin er laus við kaupsamning.
200 m í skóla og leikskóla.
Tengd hefur verið tafla í bílgeymslu fyrir hleðslu rafmagnsbíla.

Uppl. Guðbergur Guðbergsson löggiltur fasteignasali
s.893 6001
beggi@fasteignasalan.is



## Hamraborg 14 Kópavogur

*** STÓR ÚTSYNISÍBÚÐ ***

122 fm útsýnisíbúð á efstu hæð. tvennar svalir. Mikið útsýni.
Stæði í bílakjallara Forstofa, rúmgóð stofa, eldhús, gangur, tvö herberg og fataherb. Baðherbergi, geymsla innan íbúðar.
Auðvelt að bæta við þriðja herb.
Töluvert upprunaleg að innan.
Áhugaverð eign.
Verð 49,9 mill
Uppl. veitir Snorri lögg.fast.sali,
snorri@fasteignasalan.is, s 8648090



## Gauksás 10 Hafnarfirði

***191.1FM PARHÚS***

Glæsilegt og vandað 191.1fm parhús við Gauksás 10 í Áslandi í Hafnarfirði, með 4 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum, þvottahús, bílskúr, stór pallur og næg bílastæði.
Frábær staðsettning og fallegt útsýni.
Verð 79,8 milljónir

Uppl. Guðbergur Guðbergsson löggiltur fasteignasali
s.893 6001
beggi@fasteignasalan.is

FRUM - frum.is

**Fasteignasalan Bær • Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogur • Austurvegur 26 • 800 Selfoss**

HEILSUGÆSLAN LÁGMÚLA
LÁGMÚLA 4 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 595 1300

## Tilkynning frá Heilsugæslunni Lágmúla 4

Frá 2. september verður breyting á kvöldvakt.
Kvöldvakt verður frá kl 16-17 í stað 16-18 og verða 2 læknar á vakt þann tíma.
Ekki er kvöldvakt föstudaga en opið til kl 17.

## Announcement from Lágmúli Health Care Center

From 2. sept our evening reception will be open from16-17 instead of 16-18,
Monday-Thursday. 2 doctors will be working. Fridays open to 17.



**Ingibjörg Bernhöft** hjúkrunarfræðingur og dáleiðslukennari • bernhoft@gmail.com • sími 864 2627
**Ingibjörg Bernhöft** sjúkraliði, dáleiðslukennari og BA nemi í sálfræði á lokaári • ibernhoft@gmail.com • sími 863 8902

## Langar þig að læra Dáleiðslu?

**Breytt Hugsun**
er að byrja með grunnnámskeið
6. september, samtals 55 klst.

Viðurkenndir dáleiðslukennarar
með bakgrunn úr heilbrigðisvísindum.

Breytt Hugsun
www.bernhoft.is
BREYTT HUGSUN

## Kynningarfundur í kvöld

fimmtudaginn 29. ágúst kl 20.00
í Hamraborg 11 sal Rauða Krossins í Kópavogi.



Vantar þig starfsfólk?
HAGVANGUR
hagvangur.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_
capacent.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
PREKTÆKI

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# LAGERSALA

## ALLT AÐ 76% AFSLÁTTUR

AF FATNAÐI, SKÓM OG FLEIRU
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

FIMMTUDAGINN 29. ÁGÚST TIL
ÞRIÐJUDAGSINS 3. SEPTEMBER

ÚTILÍF
SMÁRALIND

ÁRNASYNIR

# Vegferðin til Englands hefst í kvöld

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu byrjar undankeppni EM 2021 í kvöld er liðið mætir Ungverjalandi á Laugardalsvellinum. Ætli íslenska liðið sér að fara á fjórðu lokakeppni Evrópumótsins í röð verður það helst að fara með sigur af hólmi í þessum leik.**




Sara Björk Gunnarsdóttir verður í eldlínunni með Íslandi sem leikur sinn fyrsta mótsleik undir stjórn Jóns Þórs Haukssonar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FÓTBOLTI** Ísland hefur leik í undankeppni EM 2021 í knattspyrnu kvenna í kvöld en liðið fær þá Ungverja í heimsókn. Íslenska liðið hefur farið í lokakeppni EM síðustu þrjú skiptin en liðið er enn að sleikja sárin eftir vonbrigðin sem fylgdu því að komast ekki á lokakeppni HM í fyrsta skipti í sögunni í haust. Jón Þór Hauksson tók við liðinu af Frey Alexanderssyni eftir undankeppnina fyrir HM 2019 og mun hann þar af leiðandi stýra liðinu í sínum fyrsta mótsleik í kvöld.

Jón Þór hefur ákveðið að fara í ákveðin kynslóðaskipti með liðið en í leikmannahópnum er hinn 16 ára gamli markvörður Cecilía Rán Rúnarsdóttir, Blikarnir Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir, Alexandra Jóhannsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmsdóttir og Guðný Árnadóttir og Hlín Eiríksdóttir úr Val. Jón Þór hefur lagt áherslu á það í viðtölum í kringum þá leiki sem hann hefur stýrt að hann vilji bæta liðið í að halda boltanum innan liðsins, við að stýra leikjum og í pressuvörn.

Guðbjörg Gunnarsdóttir sem verið hefur fyrsti kostur í marki landsliðsins síðustu ár er ólétt og af þeim sökum mun keflið annaðhvort fara til Söndru Sigurðardóttur eða Sonnýjar Láru Þráinsdóttur í þessari undankeppni. Sandra hefur hafið fleiri leiki undir stjórn Jóns Þórs og því þykir líklegt að hún muni byrja í markinu. Jón Þór sagði á blaðamannafundi í gær að hann væri búinn að ákveða hver myndi standa í markinu en vildi ekki gefa upp hver það yrði.

**Ungir leikmenn að gera sig gildandi í hópnum**

Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins, sagði á sama fundi að hún væri ánægð með hvernig fyrrgreindir leikmenn hefðu komið inn í hópinn. „Þessir ungu leikmenn sem hafa verið að koma inn í hópinn hafa aðlagast því hratt og vel hvernig við vinnum. Þær eru með mikið sjálfstraust og hafa komið af krafti inn í æfingarnar í þessari viku. Það er augljóst að þær hafa mikinn áhuga á að vera áfram hluti af þessu liði,“ segir Sara Björk um þá ungu og efnilegu leikmenn sem Jón Þór valdi í fyrstu leiki undankeppninnar.

> **Þessir ungu leikmenn sem hafa verið að koma inn í hópinn hafa aðlagast því hratt og vel hvernig við vinnum. Þær eru með mikið sjálfstraust.**
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir

Búist er við því að Jón Þór muni halda sig við reynsluboltana í varnarlínunni, það er þær Hallberu Guðnýju Gísladóttur, Sif Atladóttur, Glódísi Perlu Viggósdóttur og Ingibjörgu Sigurðardóttur. Hins vegar kemur bakvarðarpar Breiðabliks einnig til greina í þessum leik en Ásta Eir Árnadóttir hefur spilað talsvert undir stjórn Jóns Þórs og Áslaug Munda hefur hraða og eiginleika til þess að sækja bakvið varnir andstæðinganna úr bakvarðarstöðunni. Sá eiginleiki Áslaugar Mundu gæti nýst vel gegn liðum eins og Ungverjalandi sem líkleg eru til þess að spila þéttan varnarleik.

**Mikilvægt að fá Dagnýju aftur til leiks í góðu líkamlegu formi**

Dagný Brynjarsdóttir er að koma inn í liðið eftir fjarveru frá mótsleikjum síðan árið 2016 en hún kom inn í liðið á Algarve-mótinu í upphafi þessa árs og spilaði svo í báðum leikjunum gegn Finnlandi í vor. Dagný sagði í samtali við Fréttablaðið að hún væri að nálgast sitt besta form. Hún hefði fengið mikilvægar mínútur í Algarve og komist almennilega inn í leikstíl Jóns Þórs í leikjunum við Finna.

Miðjuþríhyrningurinn Sara Björk, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Dagný sem spilað hafa í áraraðir með íslenska liðinu mun að öllum líkindum vera á miðsvæðinu í kvöld. Verði íslenska liðið í vandræðum með að brjóta á bak aftur vörn ungverska liðsins er gott að vita af reynsluboltanum og markahróknum Margréti Láru Viðarsdóttur sem hefur leikið frábærlega með toppliði Vals í sumar.

Fanndís Friðriksdóttir og Agla María Albertsdóttir hafa verið fyrstu tveir kostir í kantstöðuna í gegnum tíðina en frammistaða Hlínar með Val í sumar gæti skilað henni á annan vænginn. Annaðhvort Elín Metta Jensen eða Berglind Björg Þorvaldsdóttir eru líklegustu kandídatarnir til þess að leiða framlínuna og Elín Metta er líklegri. Þá getur Svava Rós Guðmundsdóttir sem hefur mikinn hraða og kraft leikið í öllum þremur framherjastöðunum.

Auk Íslands og Ungverjalands eru Slóvakía, sem verður mótherji íslenska liðsins á mánudaginn kemur, Svíþjóð og Lettland í riðlinum. Níu riðlar eru í undankeppninni en efsta liðið í hverjum riðli kemst í lokakeppnina. Þau þrjú lið sem verða með bestan árangur í öðru sæti komast einnig beint áfram og hin sex liðin sem enda í öðru sæti í riðlunum fara í umspil í október á næsta ári.

Ef að líkum lætur mun Ísland berjast við Svía sem unnu bronsverðlaun á HM í sumar um efsta sætið og Ungverjar og Slóvakar freista þess að gera íslenska liðinu skráveifu. Lettland er svo lakasta liðið á pappírnum í riðlinum.

hjorvaro@frettabladid.is

# Bury kannski bara byrjunin

**FÓTBOLTI** Sögu Bury sem fótboltafélags lauk á miðvikudag þegar félagið var úrskurðað gjaldþrota. Það var 134 ára og vann enska bikarinn tvisvar. Aðeins fjórir mánuðir eru síðan félagið fór upp um deild, skuldum vafið og veðsett upp í topp. Nú óttast spekingar í Bretlandi að fleiri lið séu að stefna í sömu átt. Bolton, sem er granni Bury á Manchester-svæðinu, hefur fengið 14 aukadaga til að finna nýja eigendur annars fer það sömu leið.

Leikmenn og starfsfólk Bury hafa ekki fengið greidd laun svo mánuðum skiptir og hefur einn leikmaður, Stephen Dawson, viðurkennt að hann þurfi að selja húsið sitt – til að ná endum saman. Fyrirliðinn Neil Danns sagði að eigandinn Steve Dale hefði eyðilagt líf fjölmargra. Nigel Adams, íþróttamálaráðherra

> **2,7**
>
> **milljónir punda þurfti eigandi Bury að koma með að borði ensku deildarinnar til að bjarga félaginu. Það tókst ekki. Skuldirnar eru sagðar enn meiri.**

Bretlands, sagði að dagurinn sem Bury féll hefði verið svartur dagur í sögu enska boltans.

Það er í reglum ensku deildarinnar að félög mega ekki eyða um of í laun. Í tölum frá gagnafyrirtækinu Vysyble fyrir 2017-2018 tímabilið má sjá að liðin sem eru í



Stuðningsmenn Bury sameinuðust í sorginni í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

League One eyða að meðaltali 94 prósentum af allri innkomu sinni í laun. Í deildinni fyrir neðan er talan 78 prósent. Stóru sex í úrvalsdeildinni voru með 52 prósent en afgangurinn eyddi 67 prósentum af innkomunni í laun.

Ekki eru allir eigendur jafn ríkir og eigendur Chelsea, Manchester City og fleiri liða.

Nú er kallað eftir hertum reglum um eigendur félaga á Englandi, sem kaupa félög í von um að komast upp í Úrvalsdeildina – þar sem allur peningurinn er. Þeir eru margir sem eru sagðir vera að veðja um of til að komast þangað, taka lán og veðsetja jafnvel velli og aðrar eigur félaganna. Og stundum gengur veðmálið ekki upp. Eins og sést með eiganda Bury. Hann átti ekki fyrir reikningnum. – bb


ORMSSON
Sparidagar
fyrir heimilin í landinu
AEG
15-40%
afsláttur
15-40% AF AEG HEIMILISTÆKJUM
UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, OFNAR, RYKSUGUR, ÞURRKARAR, SMÁTÆKI OG HELLUBORÐ
LOKADAGAR LOKADAGAR
BRAUN
SMÁDÓT
20-30%
afsláttur
ZWILLING
Tefal
POTTAR OG PÖNNUR
LOKADAGAR LOKADAGAR LOKADAGAR LOK
UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, FRYSTI- OG KÆLISKÁPAR
bodum
KAFFIKÖNNUR
KAFFIGLÖS
25%
afsláttur
POTTAR OG PÖNNUR
brabantia
20%
GAR LOKADAGAR LOKADAGAR
QLED
2019
QLED Q70 PQI 3300
VERÐ ÁÐUR: SPARIDAGAVERÐ
49" 239.900 => 215.910
65" 359.900 =>
75" 539.9
55"
4K
Verð áður kr. 269.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 242.910,-
SAMSUNG
50"
Gerð: Smart Ultra HD / Sería: 6 / Stærð: 50"
/ Upplausn: 3840 x 2160 / Curved: Nei / PQI: 1300 / HDR: Já
Verð áður kr. 109.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-
ADAGAR LOKADAGAR LOKADAGAR
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
*SENDUM UM LAND ALLT
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

## Merkisatburðir

**1910** Matthías Einarsson læknir framkvæmir fyrsta keisaraskurð á Íslandi, þar sem bæði móðir og barn lifa.

**1943** Sundhöll Hafnarfjarðar er opnuð.

**1944** Í Ísafjarðardjúpi veiðist 300 kílógramma túnfiskur.

**1948** Baldur Möller verður skákmeistari Norðurlanda, fyrstur Íslendinga.

**1971** Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd brennur til grunna vegna gastækja og á sama tíma kviknar í bíl sóknarprestsins.

**1992** Kvikmyndin Svo á jörðu sem á himni eftir Kristínu Jóhannesdóttur er frumsýnd. Hún fjallar um strand franska rannsóknarskipsins Pourquoi pas?

# Á engin gleraugu ennþá

**Aldurinn fer vel með Húnvetninginn Hauk Pálsson, bónda á Röðli, sem heldur upp á níræðisafmælið í dag.**



Haukur á einum af gæðingunum, þessi heitir Dökkvi.

Það er svo ungleg rödd sem svarar í símann á Röðli að ég efast í fyrstu um að um réttan Hauk sé að ræða en þetta reynist vera bóndinn Haukur Pálsson sem er níræður í dag. „Ég á nokkra afkomendur sem heita Haukur líka en ég er orginalinn,“ segir hann hlæjandi. Hann kveðst yfirleitt hafa verið hraustur um dagana og því vel settur.

Haukur er ekkjumaður og býr einn en kveðst heimsækja dæturnar í bænum. „Þær eru tvær, ég á ekki fleiri börn, hvorki framtalin né óframtalin,“ tekur hann fram. Spurður hvort hann sjái um sig sjálfur svarar hann: „Já, svona gróft séð. Ég er kannski ekki nógu nákvæmur með gluggatjöldin en þá hlaupa afkomendur undir bagga!“

Spurður út í búskapinn kemur í ljós að Haukur á nokkrar kindur og rúmlega hundrað hross. „Ég er í blóðtökunni, tek blóð úr fylfullum hryssum sem fyrirtækið Ísteka framleiðir frjósemislyf úr fyrir svína- og nautgriparækt. Svolítil folaldasala er til útlanda líka, mest til Þýskalands.“

Bærinn Röðull er skammt frá Blönduósi og Haukur kveðst eiga tvær aðrar jarðir í nágrenninu, svo hann hafi hrossin í heimahögum. „Ég nota ekkert afréttinn en ég rak þangað meðan ég var með mörg hross. Þegar mest var voru þau um þrjú hundruð.“ Hann kveðst dunda við að temja trippi. „Ég á nú enga reiðhöll en það er gott pláss í fjárhúsunum til að bandvenja.“ Þegar hann var yngri kveðst hann hafa verið girðingaverktaki og líka ökukennari. Nú er hann nýkominn heim úr kaupstaðarferð til Sauðárkróks á bílnum sínum, Ford 350, með langan vagn aftan í.

Inntur eftir þátttöku í félagslífinu upplýsir Haukur að hann sé í tveimur veiðifélögum, Laxár á Ásum og Blöndu. „Svo fer ég í hestaferðir með dóttursyni mínum, Hauki Garðarssyni í Hvammi í Vatnsdal, hann rekur ferðaskrifstofuna Íslandshesta. Ég fór í sumar með honum suður Kjöl og til Þingvalla með trúss á rútubíl.“ Sjónin er fín, að sögn Hauks. „Ég á engin gleraugu ennþá, fæ mér þau þegar ég verð gamall. Les símaskrána gleraugnalaus en hún fer nú að fara úr gildi og það kemur engin ný!“

Haukur syngur ef hann fær tækifæri til þess að eigin sögn og það tækifæri ætti að skapast í dag, því eflaust verður fjör í afmælinu. „Það eru allir velkomnir hingað að Röðli frá hádegi og fram á næsta morgun. Dætur mínar og aðrir afkomendur sjá um þetta,“ segir Haukur. „Ég geri ekki neitt, þó ég sé drjúgur með mig.“ **gun@frettabladid.is**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Gestsdóttir**
ljósmóðir,
Aflagranda 40,
Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 25. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Neskirkju 2. september kl. 15.00.

**Marín Magnúsdóttir** — **Knud Degn Karstensen**
**Þorbjörg Magnúsdóttir** — **Kristján Jónatansson**
**Elín Magnúsdóttir** — **Pálmi Guðmundsson**
**Trausti Magnússon** — **Guðný Anna Vilhelmsdóttir**
**og allir yngri afkomendur, stórir og smáir.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Lilja Guðmundsdóttir**
Furugrund 38,

lést í faðmi fjölskyldunnar 23. ágúst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju þann 3. september klukkan 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknar- og vinafélagið Bergmál.

**Eggert Guðmundsson**
**Kolbrún Dögg Eggertsdóttir** — **Carmine Impagliazzo**
**Sólrún Tinna Eggertsdóttir** — **Mathias Warnecke**
**Guðmundur Eggertsson** — **Elín Mjöll Lárusdóttir**
**Þuríður Elva Eggertsdóttir** — **Michael Popovic**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn og vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ómar Kristvinsson,**
kjötiðnaðarmaður,
Frostafold 141, Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands föstudaginn 23. ágúst.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 2. september klukkan 13.

**Emma Þórunn Blomsterberg**
**Þórdís María Blomsterberg** — **Þorgeir Eyberg**
**Heiðar Örn Ómarsson** — **Sólveig S. Ólafsdóttir**
**Anna Ósk Ómarsdóttir** — **Gunnar Þór Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gylfi Þór Ólafsson**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 22. ágúst.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 3. september kl. 13.

**Kristín Gestsdóttir**
**Dóra Magda Gylfadóttir** — **Steindór Einarsson**
**Ólafur Þór Gylfason** — **Guðmunda Sigurðardóttir**
**Gestur Arnar Gylfason** — **Siv Mari Sunde**
**Svandís Gylfadóttir** — **Friðrik P. Ragnarsson**
**Guðjón Helgi Gylfason** — **Anna Hulda Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Stjúpmóðir okkar og frænka,

**Maj-Lis Tómasson**
**María Karlsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Víðimel 42, Reykjavík,

lést föstudaginn 16. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 6. september klukkan 15.

**Ragnhildur Benediktsdóttir**
**Þorgerður Benediktsdóttir**
**Leena Täubler**



Ástkær stjúpsonur okkar, bróðir og stjúpbróðir,

**Eymundur Snatak Matthíasson Kjeld**

er látinn.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni kl. 15 þriðjudaginn 3. september.

**Þórir Matthíasson Kjeld**
**Halldór Blöndal** — **Marcella Iñiguez**
**Pétur Blöndal** — **Matthías Kjeld**
**Ragnhildur Blöndal** — **Alfred Jens Kjeld**
**Stella Blöndal** — **Alexandra Kjeld**



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásgeir Guðnason**
rafeindavirkjameistari, Sléttuvegi 23,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 21. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Sveinfríður Ragnarsdóttir**
**Líba Ásgeirsdóttir**
**Guðmundur Ásgeirsson**
**Embla Dís Ásgeirsdóttir**
**Kristín Guðjónsdóttir**
**Hildur Guðjónsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar og tengdamóðir,

**Erna Finnsdóttir**

lést í hjúkrunarheimilinu Sóltúni 23. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju, fimmtudaginn 29. ágúst kl. 15.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningar- og styrktarsjóð Sóltúns.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hallgrímur Geirsson** — **Aðalbjörg Jakobsdóttir**
**Kristín Geirsdóttir** — **Freyr Þórarinsson**
**Finnur Geirsson** — **Steinunn Kristín Þorvaldsdóttir**
**Áslaug Geirsdóttir**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Sigurgeirs Jónssonar**
framhaldsskólakennara.

**Guðrún S. Óskarsdóttir**
**Óskar Sigurgeirsson** — **Ragnheiður Þorkelsdóttir**
**Arnar Jón Sigurgeirsson** — **Helena Árnadóttir**
**Harpa, Emma og Orri**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Guðmundsdóttir**
frá Skálum á Langanesi,

lést fimmtudaginn 15. ágúst sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts á Þórshöfn, fyrir einstaka umhyggju og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Elísabet M. Jóhannsdóttir** — **Páll Brynjarsson**
**Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir**
**Guðmundur Jóhannsson** — **Sigurrós Jónasdóttir**
**Gunnar Hólm Jóhannsson** — **Sigurborg Hulda Sigurðardóttir Söring**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

**Helgu lambasteik**
í Esjumarineringu
**1.399** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG
-50%






-14%
**Alpenhain Camembert**
300 gr
**599** KR/PK
**ÁÐUR:** 699 KR/PK



-30%
**Grísahnakkaspjót**
með beikoni og pipar eða teriyaki/engifer
**1.959** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG



-42%
**Capri Sonne**
300 ml - 4 tegundir
**98** KR/STK
**ÁÐUR:** 169 KR/STK



-50%
**Bayonneskinka**
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG



-40%
**Ódýrt lambagrillkjöt**
Orginal marinering
**1.079** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG



-20%
**Lambalærissneiðar**
Orange marinering
**2.398** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG

## VÍTAMÍNDAGAR Í NETTÓ

-25%




**Úrval af vítamínum og bætiefnum á 25% afslætti**



-50%
**Berlínarbolla**
**49** KR/STK
**ÁÐUR:** 98 KR/STK

**Melóna**
Cantaloup
-50%
**199** KR/KG
**ÁÐUR:** 398 KR/KG





## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 29. ágúst - 1. september**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

**Skv. könnun Fréttablaðsins*

nettó
**Lægra verð - léttari innkaup**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 6 |
| Ísafjörður | 3 | 8 |
| Akureyri | 6 | 3 |
| Egilsstaðir | 10 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 3 |
| Hveravellir | 4 | 5 |

Norðaustan 8-13 um vestanvert landið í dag, annars hægari. Skúrir og hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnanlands.

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 4 |
| Ísafjörður | 3 | 8 |
| Akureyri | 7 | 3 |
| Egilsstaðir | 8 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 2 |
| Hveravellir | 5 | 7 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 4 |
| Ísafjörður | 5 | 3 |
| Akureyri | 3 | 2 |
| Egilsstaðir | 5 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 2 |
| Hveravellir | 3 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**1** áríðandi
**5** geil
**6** snæðingur
**8** klaufska
**10** prófgráða
**11** deig
**12** mest
**13** hærri
**15** hótlæti
**17** safna saman

**LÓÐRÉTT**
**1** aldin
**2** heigull
**3** erta
**4** nirfill
**7** dyntur
**9** merkja
**12** stöngulendi
**14** viðmót
**16** gangflötur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 brýnn, 5 rof, 6 át, 8 ólagni, 10 ma, 11 rök, 12 best, 13 efri, 15 raunir, 17 smala.
**LÓÐRÉTT:** 1 brómber, 2 rola, 3 ýfa, 4 nánös, 7 tiktúra, 9 greina, 12 brum, 14 fas, 16 il.

## Skák Gunnar Björnsson

Gruenberg átti leik gegn Gutman í Moskvu árið 1989.

**1. Bd5! Bxd5 2. e8D+! Hxe8 3. Hxe5! Hc8 4. Hxd5 1-0.**
Stefán Arnalds sigraði á Haustmóti Vinaskákfélagsins sem fram fór á mánudaginn. Vignir Vatnar hafði sigur á þriðjudagsatskákmóti TR. Sinquefield-mótinu lauk í gær í St. Louis. Bikarsyrpa TR hefst á morgun.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

**Hvítur á leik**




Ertu söngfugl?



Kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Fyrsta verkefni kórsins í haust er þátttaka í jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Spennandi dagskrá eftir áramót.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

Raddprufur verða laugardaginn 31. ágúst.
Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




TMB VIÐBURÐIR KYNNA, MEÐ LEYFI THE REALLY USEFUL GROUP LTD.
JÓHANNA GUÐRÚN
SIMON BAILEY
ÞÓR BREIÐFJÖRÐ
HELGI BJÖRNS
SALKA SÓL
15. NÓVEMBER Í ELDBORG HÖRPU
EVITA
EFTIR ANDREW LLOYD WEBBER OG TIM RICE
UPPHAFLEGA LEIKSTÝRT AF HAROLD PRINCE SVIÐSETNING LEE PROUD TÓNLISTARSTJÓRN ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON
18 MANNA HLJÓMSVEIT SINFONIANORD & SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12 Á HARPA.IS OG TIX.IS

# BÍLAR

## 214 gerðir rafmagns- og tengiltvinnbíla verða í boði árið 2021

Svo hröð er þróun rafmagns- og tengiltvinnbíla sem að hluta eru drifnir áfram af rafmagni að búist er við því að bílkaupendur geti valið á milli 214 gerða slíkra bíla árið 2021. Það er 60% meira úrval en við lok síðasta árs. Þessar tölur koma frá European Federation for Transport and Environment og eru byggðar á rannsóknum frá IHS Markit. Ef þessi könnun er nærri lagi getur fólk í bílahugleiðingum valið á milli 92 hreinræktaðra rafmagnsbíla og 118 tengiltvinnbíla árið 2021.


Evrópa er næststærsti markaður heims fyrir rafmagnsbíla, á eftir Kína.

**SPÁÐ ER AÐ 22% NÝRRA BÍLGERÐA VERÐI MEÐ RAFMAGNSTENGI ÁRIÐ 2025, ÞAÐ ER, RAFMAGNSBÍLAR EÐA TENGILTVINNBÍLAR.**

Enn fremur sýnir þessi könnun að árið 2025 verða 22% nýrra bílgerða með rafmagnstengi. Mesta framleiðsla þessara bíla í Evrópu verður í Þýskalandi, Frakklandi, á Spáni og Ítalíu, en það kemur ef til vill ekki á óvart þar sem þau eru stærstu lönd álfunnar, reyndar ásamt Bretlandi. Árið 2023 er líka búist við að 16 stórar rafhlöðuverksmiðjur verði starfræktar í Evrópu. Lúxusbílamerkin taka ekki síður þátt í þessari rafbílavæðingu og sífellt fjölgar þeim bílamerkjum sem bætast í hóp þeirra.


Nýi Defenderinn var ekki í neinum felukæðum á tökustað nýjustu Bond-myndarinnar fyrir skömmu.

## Hinn nýi Defender á tökustað James Bond

Nú standa yfir tökur á nýrri James Bond mynd, No Time to Die, en svo virðist sem hinn nýi Land Rover Defender hafi hlutverki að gegna í myndinni. Til bílsins sást á settinu fyrir skömmu og það algerlega án felulkæða. Því má hér sjá endanlegt útlit þessa goðsagnakennda bíls sem hefur ekki verið í framleiðslu nú í nokkurn tíma, en stutt er í að hann komi aftur á markað. Eins og á myndinni sést er bíllinn áfram ansi kassalaga, en þó með örlítið nýtískulegri og mýkri línum en forverinn og ekki fer hjá því að sjá megi ættarsvip með bílnum og nýjasta Range Rover. Þar er ekki leiðum að líkjast.

Á myndinni að dæma má einnig sjá að bíllinn stendur hátt frá vegi og mikið bil er á milli dekkja hans og brettanna og má leiða að því líkur að bíllinn atarna sé með hækkanlega loftpúðafjöðrun.



Ekki verður langt að bíða þess að Land Rover sýni almenningi alla dýrðina, en bíllinn mun að öllum líkindum standa á pöllunum á bílasýningunni í Frankfurt sem hefst 10. september. Hann fer þó ekki í almenna sölu fyrr en á næsta ári.



# Tesla íhugar að opna verksmiðju í Þýskalandi

Forstjóri Tesla segist í keppni við tímann þar sem aðrir rótgrónir bílaframleiðendur séu langt komnir í þróun rafmagnsbíla sem seljast nú vel.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Bandaríski rafbílaframleiðandinn Tesla veltir nú fyrir sér hvar fyrirtækið eigi að bera niður með nýrri samsetningarverksmiðju fyrir bíla sína í Evrópu. Helst horfir Tesla til Þýskalands og koma helst til greina svæðin Nordrhein-Westfalen og Neðra-Saxland. Tesla hefur hug á því að reisa á öðrum hvorum staðnum „Gigafactory“-verksmiðju, en fyrir eru slíkar í Bandaríkjunum og einnig er verið að reisa eina í Kína. Forstjóri Tesla, Elon Musk, hefur látið hafa eftir sér að æskileg staðsetning væri Þýskalandsmegin við Frakkland og Benelux-löndin og í því ljósi er héraðið Nordrhein-Westfalen líklegasti kosturinn, en það liggur einmitt að þessum löndum.

**EVRÓPA ER NÆSTSTÆRSTA MARKAÐSSVÆÐI HEIMS FYRIR RAFMAGNSBÍLA Á EFTIR KÍNA OG ÞVÍ ER EÐLILEGT AÐ TESLA ÍHUGI UPPSETNINGU SAMSETNINGARVERKSMIÐJU Í ÁLFUNNI.**

Evrópa er næststærsta markaðssvæði heims fyrir rafmagnsbíla á eftir Kína og því er eðlilegt að Tesla íhugi uppsetningu samsetningarverksmiðju í álfunni. Elon Musk segir að Tesla sé í raun í keppni við tímann þar sem margir aðrir bílaframleiðendur séu langt komnir með þróun rafmagnsbíla og hann óttast að Tesla geti misst verulega hlutdeild sína til fyrirtækja eins og Mercedes-Benz, Audi, BMW og Jaguar sem eru nú þegar komin með á markað athyglisverða rafmagnsbíla sem seljast vel.

## Ferdinand Piech fyrrverandi formaður Volkswagen Group látinn

Fyrrverandi formaður stjórnar Volkswagen Group og einn af meðlimum Porsche-fjölskyldunnar, Ferdinand Piech, er fallinn frá 82 ára að aldri. Ferdinand Piech var afabarn Ferdinands Porsche, hann var menntaður verkfræðingur og vann hjá Porsche frá árinu 1963 og var aðalmaðurinn í mótorsporthluta Porsche-fyrirtækisins til langs tíma. Piech hóf síðan störf hjá Audi árið 1972 og þar átti hann meðal annars mestan heiður af Audi Quattro bílnum sem vann allt sem hægt var að vinna í rallinu á sínum tíma. Síðan varð Piech forstjóri Volkswagen Group árið 1993 og átti stærstan þátt í að byggja upp þetta stærsta bílafyrirtæki heims í dag. Hann var talinn ein áhrifamesta persóna heims í bílaheiminum.


Ferdinand Piech var talinn áhrifamesti einstaklingur bílaheimsins.

**Lamborghini, Bugatti og Bentley**

Á meðan Piech var forstjóri keypti Volkswagen Group Lamborghini, Bugatti og Bentley merkin og innlimaði þau í Volkswagen Group. Sýnir það ef til vill best áhuga Piech á sport- og lúxusbílum. Ferdinand Piech tók síðan við formennsku stjórnar Volkswagen Group árið 2012 en lét af því starfi árið 2015 í kjölfar dísilvélasvindls Volkswagen. Hann seldi 14,7% hlut sinn í Porsche SE árið 2017 fyrir 148 milljarða króna svo ljóst má vera að hann lætur eftir sig mikla fjármuni. Ferdinand Piech var ávallt mjög tengdur mótorsporti og ók ennþá Ducati-mótorhjóli sínu á áttræðisaldri.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**NÝ UPPSKERA**
Beint frá Ameríku



**149 kr./kg**
**Vatnsmelónur**
Spánn, í lausu



**879 kr./kg**
**Vínber Græn og rauð**
Ný uppskera frá Ameríku

## Ný uppskera!



**259 kr./kg**
**Íslenskar kartöflur**
Gullauga eða rauðar, í lausu

íslenskt grænmeti




**359 kr./500 g**
**Garðyrkjustöðin að Leyni**
**Gulrætur,** 500 g



**598 kr./kg**
**Spergilkál**
Íslenskt




**359 kr./stk.**
**Myllan Lífskornabrauð**
3 teg., 450 g

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ



**498 kr./stk.**
**Myllu Möndlukaka**
420 g

# BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **1. september** eða meðan birgðir endast.

VALITOR

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



„Þegar ég var að setja þetta verk upp þá reyndi ég að gera það án hugsunar en lenti í verulegum erfiðleikum," segir Margrét. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vinnur með forgengileikann

## Forkostulegt og fagurt nefnist myndlistarsýning Margrétar Jónsdóttur listmálara í Grafíksalnum við Tryggvagötu 17.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það má segja að starf listamannsins sé eins og mantra því hann þarf alltaf að koma tilfinningum og skynjunum í eitthvert efni," segir Margrét þar sem hún er stödd í Grafíksalnum. Á sýningunni Forkostulegt og fagurt er hún með blöndu af nýjum og eldri verkum. „Ég byrjaði að vinna út frá frönsku veggfóðri í upphafi þessarar aldar þegar ég var á árs starfslaunum og dvaldi aðallega á vinnustofum Cité des Arts í París. Það þema fór að ásækja mig þegar mér var sagt frá formóður minni í hreinan kvenlegg og undirstrikar hvað DNA er sterkt í kvenleggnum þrátt fyrir marga ættliði. Svo var líka annað. Ég sá lítið af málverkum á þessum tíma en fannst hugsun og tækni orðin áberandi í listinni á kostnað frumaflsins. Listiðnaðarmaðurinn var alltaf að fá hugmyndir frá listamanninum svo ég ákvað að snúa því við og taka hugmyndir mínar frá listiðnaðinum."

**VIÐ FÆÐUMST OG HVERFUM, ALLT FJARAR ÚT, EYÐIST OG VERÐUR AÐ ENGU, ALVEG EINS OG MUNSTRIÐ. EN HVER HLEKKUR ER MIKILVÆGUR.**

Margir kringlóttir fletir mynda eitt verkið á sýningunni í Grafíksalnum. Það er úr endurunnum pappír. „Tilveran virðist gerð í einhvers konar kerfi. Þegar ég var að setja þetta verk upp þá reyndi ég að gera það án hugsunar en var í verulegum erfiðleikum því það myndaðist alltaf munstur," lýsir Margrét. Hún kveðst farin að nota vatnsliti á pappír í meira mæli en áður. „Slík verk eru auðveldari viðfangs en olía á striga. Ég þarf ekki vinnustofu til að gera þau, heldur get ég verið með þau á borði eða gólfi og stundum á vegg."

Það listaverk sem myndar þungamiðju sýningarinnar er frá árunum 2008 og 9, málað með eggtemperu sem Margrét bjó til. „Þá dvaldi ég í Kjarvalsstofu í París, ég var þar þegar hrunið varð, það var hræðilegur tími, krónan einskis metin og ekkert hægt að nota Visa eða millifæra," lýsir hún. Á öðrum vegg er mynd, unnin með sömu aðferð, að verða hrörnuninni að bráð, málningin er tekin að flagna og agnir að sáldrast niður á gólf. „Þetta á að hrynja," segir Margrét og útskýrir nánar. „Það er forgengileikinn sem ég vinn með. Við fæðumst og hverfum, allt fjarar út, eyðist og verður að engu, alveg eins og munstrið. En hver hlekkur er mikilvægur, líka saga og líf hvers einstaklings og slíkt á ekki að lítilsvirða í krafti valds og peninga."

Forkostulegt og fagurt er önnur einkasýning Margrétar á þessu ári og hún stendur bara út þessa viku. Auk þess tekur hún þátt í hinni stóru samsýningu Umhverfing á Snæfellsnesi.

Á fimmta tug einkasýninga á Margrét að baki, enda hefur hún starfað sem myndlistarmaður í tæp 50 ár og stundað kennslu í 27 ár, bæði við framhaldsskóla, grunnskóla og myndlistarskóla. Einnig unnið við grafíska hönnun, rekið auglýsingastofu og gallerí. Verk eftir hana eru í eigu helstu listasafna landsins.



**Vatnslitir á pappír. Eitthvað sem létt er að vinna með, að sögn listakonunnar.**



**Hér notar Margrét eggtemperu að fornum sið sem hún gerði sjálf.**

## Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 29. ÁGÚST 2019

### Tónlist

**Hvað?** Þekktar aríur og íslensk ljóð
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Fríkirkjan við Tjörnina
Flytjendur eru Marta Kristín Friðriksdóttir sópran og Antonía Hevesi píanóleikari. Aðgangseyrir er 1.500 og ekki tekið við kortum.

**Hvað?** Sumarjazz
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Hot Eskimos flytur útsetningar á íslenskri popp-, rokk- og paunktónlist, auk erlendra laga og frumsamins efnis. Karl Olgeirsson píanóleikari, Jón Rafnsson kontrabassaleikari og Kristinn Snær Agnarsson trommuleikari skipa sveitina. Aðgangur er ókeypis og opið á barnum.

**Hvað?** Systkinatónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Guðfinnur og Kristín Sveinsbörn syngja saman sönglög Árna Thorsteinssonar, þýsk söngljóð eftir Loewe og Schubert og brot úr óperum eftir Mozart og Bizet. Með þeim leikur Elena Postumi á píanó. Gestasöngvari er Marta Kristín Friðriksdóttir, sópran.

### Útgáfa

**Hvað?** Útgáfuhóf, upplestur og spjall
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Tjarnarbarinn, Tjarnarbíói
Leikritið Bardagarassar eftir spænsku leikskáldin Patrícia Pardo og Guadalupe Sáez kemur út á íslensku í dag, þýtt af Elíasi Knerri og Guðrúnu H. Tulinius.

### Fræðsla og göngur

**Hvað?** Dýfum okkur til Denver
**Hvenær?** 18.00-20.00
**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands, Garðatorgi, Garðabæ
Tristan Elizabeth Gribbin býður gestum í dýfu til Denver. Einnig fá þeir að prófa hugleiðslu í sýndarveruleika frumkvöðlafyrirtækisins Flow og fá leiðsögn um sýninguna Borgarlandslag með Paolo Gianfrancesco.

**Hvað?** Listaverkin kringum Tjörnina
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grófin, milli Tryggvagötu 15 og 17
Markús Þór Andrésson listfræðingur leiðir göngu um listaverkin við Tjörnina og í Hljómskálagarðinum. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**Hvað?** Söguganga um miðbæ Hafnarfjarðar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Pakkhús Byggðasafns Hafnarfjarðar, Vesturgötu 8
Björn Pétursson bæjarminjavörður leiðir sögugöngu frá Pakkhúsinu um gamla bæinn. Hún tekur um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

bauhaus.is

# BAUHAUS®




**65.995.-**

KÄRCHER
makes a difference

### Háþrýstidæla
K5 Premium Full Control Black Edition. Þrýstingur: 20 - 145 bar / 2 - 14,5 MPa.




**82.995.-**

KÄRCHER
makes a difference

### Háþrýstidæla
K7 Premium Full Control Black Edition. 3000 W. Dæluþrýstingur 20-180 bör. Vatnsflæði 600 l/t. Hámarkshiti 60 °C.

## Kärcher vörurnar eru í BAUHAUS!




**27.995.-**

KÄRCHER
makes a difference

### Ryk- og vatnssuga
WD 5. 1.100 W. Sogkraftur sem samsvarar 1.800 W. 25 lítra tankur og 2,2 m slanga. Flöt sía fylgir.




**41.685.-**

KÄRCHER
makes a difference

### Ryk- og vatnssuga
WD 6. 1.300 W. Sogkraftur: 260 W. Spenna: 220 - 240 V. Geymslustærð: 30 lítra tankur. Hentar vel fyrir hreinsun á grófu umhverfi, t.d. byggingarsvæði.

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is






## BÍÓ


Rey hefur haft góð not fyrir geislasverð Anakins en kannski er kominn tími á að hún búi sér til sitt eigið?

# Villuljós geislasverða

### Vinnuvikan hófst með undrunarstunum og jafnvel angistarópum þegar ný stikla úr The Rise of Skywalker opinberaðist.

Biðin eftir síðasta hluta þriðja þríleiksins í meginsögu Star Wars hefur verið áköfum aðdáendum erfið en verður þeim sem þorðu að horfa á nýju stikluna nánast óbærileg þar sem það sem fyrir augu ber vekur ekki aðeins eftirvæntingu heldur einnig ugg og jafnvel ofsakvíða.

Þar sem ekki er á það hættandi að æra þá óstöðugu sem engjast í stöðugum spilliefnaótta er best að hafa sem fæst orð um þær í raun mjög svo takmörkuðu og örugglega misvísandi upplýsingar sem út úr myndskeiðinu er að hafa.

Eftir undurfagra og hraðsoðna upprifjun á nokkrum fallegustu atriðum fyrri mynda dró aðeins til tíðinda þegar lykilpersóna sveiflaði nýju og ferlega töff tvöföldu geislasverði sem lætur framlengdan geislabrand Darth Maul líta út eins og sjúskað moppuskaft. Þótt geislasverðin eigi að draga dám af eigendum sínum og því með hvaða hugarfari þeir raða kristöllunum í þau er allur gangur á því hversu traust heimild þau eru um örlög þeirra og innri mann.


Darth Maul er kúl og undirstrikar það með tvöföldu sverði.

Þannig hafa meðal annarra Luke og Rey barist með hinu bláa sverði Anakins Skywalker en fyrir afköst fyrsta eiganda er það banvænasta sverðið sem sögur fara af í vetrarbrautinni í fjarskanum.


Kylo Ren er alltaf á skjön. Sverðið hans líka en flott er það.

Sverðið hefur gert nokkurn usla í síðustu tveimur myndum en þar sem það er í raun ósköp hversdagslegt í bláma sínum eru þau nokkur sem komast nær því glæsilega vopni sem blindar nú nörda allra landa með rauðum áhyggjubjarma. toti@frettabladid.is


Samuel L. Jackson er án hliðstæðu og heimtaði fjólublátt sverð handa Mace Windu.

## Einhvers staðar handan regnbogans ...

Edda Karítas Baldursdóttir
eddakaritas@frettabladid.is

Fyrir átta áratugum feykti hvirfilbylur sveitastelpunni Dórótheu og litla hundinum Tótó frá Kansas yfir í litskrúðuga töfraveröld þar sem dularfullur galdrakarl ríkti og nornir, góðar og slæmar, fóru mikinn innan um alls konar furðuverur.

Kvikmyndin um Galdrakarlinn í Oz var frumsýnd í Bandaríkjunum í ágúst 1939 og fagnar því stórafmæli um þessar mundir. Hún hlaut á sínum tíma mikið lof og fjöldann allan af verðlaunum og er löngu orðin sígild.

Judy Garland fór með hlutverk Dórótheu í rauðu rúbínskónum sem þráði ekkert heitar en að komast aftur til síns heima.

Afmælið gefur okkur kjörið tækifæri til að svipta hulunni af Galdrakarlinum í Oz með nokkrum áhugaverðum staðreyndum.



**Fáeinir fróðleiksmolar um Galdrakarlinn í OZ**

- Myndin var gerð eftir bókinni The Wonderful Wizard of Oz, eftir L. Frank Baum, sem kom út árið 1900.
- Myndinfékk sex tilnefningar til Óskarsverðlaunanna, meðal annars sem besta myndin og fyrir bestu kvikmyndatökuna.
- Skórnir hennar Dórótheu voru silfurlitir í bókinni en framleiðendur myndarinnar ákváðu að hafa þá rauða þar sem sá litur vakti meiri athygli og kom betur út í Technicolor-litum sem þá voru að ryðja sér til rúms í kvikmyndum.
- Judy Garland var ekki efst á óskalistanum í hlutverk Dórótheu þar sem upphaflega stóð til að barnastjarnan Shirley Temple myndi smeygja sér í rúbínskóna. Hún þótti hins vegar ekki hafa nógu sterka söngrödd.
- Shirley Temple hafði það hins vegar fram yfir Judy Garland að hún var ellefu ára og þannig jafnaldra Dórótheu. Garland var sextán ára þegar hún hreppti hlutverkið og hermt er að til þess að láta hana virðast yngri hafi hún verið reyrð í lífsstykki undir kjólnum fræga með hvítu og bláu svuntunni.
- Aldur hinna kvennanna í myndinni var einnig nokkuð á reiki og þannig lék hin 34 ára gamla Margaret Hamilton gömlu, grænu og grimmu nornina að vestan. Billie Burke sem var aftur á móti 54 ára þegar hún brá sér í gervi ungu og ljómandi fögru góðu nornarinnar.
- Búningur huglausa ljónsins var níðþungur enda gerður úr raunverulegum ljónsfeldi en gríman var úr brúnum bréfpoka.
- Olían sem Dórothea smurði tinkarlinn með var ekki olía heldur súkkulaðisósa sem þótti líta betur út á filmu en hefðbundin smurning.


Svefnbyltingin er hafin!
Nýi IKEA vörulistinn er kominn út.
Í tilefni þess bregðum við á leik í versluninni. Komdu og taktu þátt, þú gætir unnið fjölda glæsilegra vinninga.
IKEA
4.990,-
IKEA
Aðalvinningurinn er KONGSFJORD rúm!
© Inter IKEA Systems B.V. 2019
Skannaðu með myndavélinni
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is
IKEA




**ÍSAGA var stofnað 30. ágúst 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins.**

AGA var fremst í þróun í ljóstækni fyrir vita. Af þeim sökum var AGA valið sem samstarfsaðili og hluthafi við stofnun ÍSAGA. Fyrsti vitinn var reistur hér árið 1878 og fyrstu AGA vitarnir hér á landi voru reistir árið 1909.

EFTIRTALDIR SAMSTARFSAÐILAR ÍSAGA ÓSKA FYRIRTÆKINU TIL HAMINGJU MEÐ 100 ÁRA AFMÆLIÐ

marel · GASTEC • ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA • · matorka Land-based Aquaculture · LIVIO Reykjavík · LYSI · ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON · LÆKNASTÖÐIN · VHE HUGVIT Í VERKI

Á MORGUN, FÖSTUDAGINN 30. ÁGÚST FRÁ KL. 15-17, VERÐUR OPIÐ HÚS HJÁ ÍSAGA AÐ BREIÐHÖFÐA 11 - ALLIR VELKOMNIR!




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2016-2017 Vestmannaeyjar - Hafnarfjörður**
**14.10 Kínversk áramót - Mestu hátíðahöld heims**
**15.10 Popppunktur 2012 Tölvunördar - skátar**
**16.10 Landinn 2010-2011**
**16.35 Í garðinum með Gurrý** Gurrý ræðir um skipulag garða við landslagsarkitektinn Samson Bjarnar Harðarson, skiptir begóníublómi og heimsækir skemmtilegan garð Kristínar Ólafsdóttur og Kristjáns E. Jónssonar í Hveragerði.
**17.05 Hljómskálinn**
**17.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Netgullið Trio: Cybergullet**
**18.25 Strandverðirnir**
**18.45 Stundarglasið** Hér keppa þau Gunnar Davíðsson og Elísabet Ása Einarsdóttir í þremur súmóþrautum. Súmó-Limbó, Tour de Súmó hjólreiðakeppni og Súmódansi með breikdansívafi.
**18.50 Sætt og gott**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Óvæntur arfur**
**21.10 Vammlaus** Önnur syrpa þessara bresku þátta um lögreglumenn sem starfa í versta hluta Manchester-borgar þar sem virðist vera ógjörningur að halda uppi lögum og reglu. Meðal leikenda eru: Joanna Scanlan, Elaine Cassidy og Will Mellor. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Spilaborg**
**23.15 Poldark** Fjórða syrpa þessara vinsælu bresku þátta. Nú þurfa Ross Poldark og eiginkona hans, Demelza, bæði að horfast í augu við gjörðir sínar og takast á við afleiðingar þeirra fyrir hjónabandið. Ross ákveður að hætta öllu sem honum er kært til þess að hefja feril sem stjórnmálamaður. Aðalhlutverk: Aidan Turner, Eleanor Tomlinson og íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heida Reed. e.
**00.10 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**09.00 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**09.55 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**10.50 Canadian Pacific Women's Open** Útsending frá Canadian Pacific Women's LPGA mótaröðinni.
**13.50 Canadian Pacific Women's Open**
**16.50 Cambia Portland Classic** Útsending frá lokadegi Cambia Portland Classic á LPGA mótaröðinni.
**18.50 Golfing World**
**19.40 Champions Tour Highlights**
**20.35 PGA Highlights 2**
**21.30 Cambia Portland Classic** Bein útsending frá Cambia Portland Classic á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Younger**
**14.15 Will and Grace**
**14.40 Our Cartoon President**
**15.10 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Fam**
**20.10 The Orville**
**21.00 The Passage**
**21.50 In the Dark**
**22.35 The Code**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 The First**
**02.25 Jamestown**
**03.10 Kidding**
**03.40 SMILF**
**04.10 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Ljóðabókin syngur II**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Svipir dagsins og nótt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Tengivagninn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15 Almost Friends**
**12.55 Wonder**
**14.45 Sleepless in Seattle**
**16.30 Almost Friends**
**18.15 Wonder**
**20.10 Sleepless in Seattle**
**22.00 Every Secret Thing**
**23.35 Atomic Blonde**
**01.30 Nocturnal Animals**
**03.30 Every Secret Thing**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Great News**
**10.05 The Secret Life of 4 Year Olds**
**10.55 Dýraspítalinn**
**11.35 Heimsókn**
**12.00 Ísskápastríð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Brad's Status**
**14.40 The Muppets Take Manhattan**
**16.10 Seinfeld**
**16.35 Seinfeld**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Næturvaktin**
**19.50 Fresh Off The Boat**
**20.15 Masterchef USA**
**21.00 L.A.'s Finest**
**21.45 Animal Kingdom**
**22.30 Warrior**
**23.20 Real Time With Bill Maher**
**00.20 Who Killed Garrett Phillips?**
**01.40 The Victim**
**02.40 Absentia**
**03.25 Man in an Orange Shirt**
**04.20 Man in an Orange Shirt**
**05.15 Brad's Status**

## STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.20 iZombie**
**22.05 Grimm**
**22.50 Barry**
**23.20 Famous in love**
**00.05 American Dad**
**00.30 Mom**
**00.50 Seinfeld**
**01.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.50 Pepsi Max mörk kvenna**
**07.50 FH - Breiðablik**
**09.30 Valur - Stjarnan**
**11.10 Pepsi Max mörk karla**
**12.40 Lincoln - Everton**
**14.20 Umspil** Útsending frá leik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**17.05 NFL Hard Knocks. Oakland Raiders**
**18.00 Upphitun. Ísland - Ungverjaland** Hitað upp fyrir fyrsta leik íslenska kvennalandsliðsins í Undankeppni EM 2021.
**18.35 Ísland - Ungverjaland** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM kvenna 2021.
**21.15 Manstu**
**22.00 Strength in Numbers - GS Warriors Champoions Movie 2014-15**
**23.20 AIK - Celtic**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**16.50 AIK - Celtic** Bein útsending frá seinni leik AIK og Celtic í Undankeppni Evrópudeildarinnar.

## ÚTVARP

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




**497kr**

**GRAM SLOT LÍFRÆNT FÍNT**
**EÐA GRÓFT HAFRAMJÖL**
1kg




**707kr**

**MÖNDLUR**
**FRÁ EARTH CONTROL**
400g

## HOLLT OG GOTT Í SUPER1




**449kr**

**EART CONTROL**
VEGAN PRÓTÍN BLÖNDUR




**449kr**

**NORDTHY RÚGBRAUÐSSNAKK**
DÖKKT OG LJÓST
150g

Birt með fyrirvara um villur.



SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**



SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**



**OPIÐ**
**10:00 TIL 22:00**
**ALLA DAGA**




Hönnuðurinn segir að engar tvær flíkur í línunni séu alveg eins þó að þær séu í sama stíl. MYNDIR/ÓLI MAGG



Hönnuðurinn ungi segist einstaklega þakklátur fyrir tækifærið til að fá að vinna með merkinu vinsæla.

# Ný samstarfslína Bergs og 66°Norður



Samstarfslína Bergs og 66°Norður verður fáanleg í takmörkuðu upplagi.

Í dag fer í sölu ný samstarfslína hins unga og efnilega hönnuðar **Bergs Guðnasonar** og 66°Norður. Hann stefndi alltaf á atvinnumennsku í fótbolta, en örlögin ákváðu annað.

Bergur Guðnason kemur úr mikilli íþróttafjölskyldu, faðir hans er fótboltakempan Guðni Bergsson og var það alltaf draumur Bergs að fara í atvinnumennsku. Slæm meiðsli breyttu því og í kjölfar þess að læknar tjáðu honum að hann gæti ekki spilað lengur, stóð hann frammi fyrir því að finna sér nýjan draum.

**Tók U-beygju um tvítugt**

„Ég var á fullu í fótboltanum til tvítugs þegar ég lendi í þessum meiðslum. Mitt plan var alltaf að verða afreksmaður í íþróttum. Þegar þau plön breyttust eftir meiðslin varð ég að finna eitthvað annað. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku og líka því hvernig föt klæða fólk. Mjög ungur var ég farinn að velta fyrir mér formunum og hvernig litir fara saman,“ segir Bergur.

Hann segir að sér hafi alltaf þótt gaman að ögra sjálfum sér með því að vera í skemmtilega öðruvísi fötum þegar hann var unglingur.

Stuttu eftir menntaskóla fékk Bergur tækifæri til að fá smá reynslu hjá fatahönnuðinum Guðmundi Jörundssyni, sem hann segir hafa verið dýrmæta. Hann ákvað í kjölfarið að slá til og sótti um í fatahönnun í Listaháskóla Íslands.

„Ég gerði möppu og komst inn í skólann. Þar var ég í þrjú ár og útskrifaðist með eina af hæstu einkunnunum. Ég viðurkenni samt að ég var ekki færastur í tæknilegum áföngum og féll nokkrum sinnum í þeim. Ég var ekkert flinkastur þarna, alls ekki.“

**Starfaði náið með heimsþekktum hönnuði**

Eftir útskrift langaði Berg út og hann lagði mikið á sig til að láta þann draum rætast. Hann komst á samning í tískuhúsi í París sem heitir Haider Ackermann, en merkið er í miklu uppáhaldi hjá stjörnum á borð við Kanye West og Tildu Swinton.

„Ég var hjá þeim í átta mánuði og vann að tveimur línum, þar sem ég aðstoðaði Haider sjálfan. Þetta var mjög mikill lærdómur, ég lærði svo ótrúlega margt af því að fá að vinna náið með honum og hans teymi. Eftir að samningnum mínum lauk þar fór ég að vinna hjá Acne Studios, í svipað langan tíma.“

Hjá Acne fékk Bergur ríkari reynslu í gerð kvenfatnaðar, en í skólanum og hjá Haider var hann fyrst og fremst í herrafatnaði. Eftir að samningurinn hjá Acne rann út var Bergur með alla anga úti til að komast að hjá öðru tískuhúsi í París.

„Það er alveg gríðarleg samkeppni í þessum bransa, mörg þúsund ungir hönnuðir sem vilja allir komast á samning hjá sömu fimmtán tískuhúsunum sem ráða kannski bara einn nýjan hönnuð inn. Við kærastan mín, Margrét Rajani, komumst að því að við ættum von á barni. Í kjölfarið ákváðum við að kannski væri gott að flytja aðeins heim, enda álagið gífurlega mikið úti,“ segir Bergur. Hann segir þetta allt þó hafa verið mjög gaman, mikill lærdómur og reynslan honum einstaklega dýrmæt.

> **ÞAÐ ER ALVEG GRÍÐARLEG SAMKEPPNI Í ÞESSUM BRANSA, MÖRG ÞÚSUND UNGIR HÖNNUÐIR SEM VILJA ALLIR KOMAST Á SAMNING HJÁ SÖMU FIMMTÁN TÍSKUHÚSUNUM SEM RÁÐA KANNSKI BARA EINN NÝJAN HÖNNUÐ INN.**

**Lán í óláni að fá ekki vinnu hjá Louis Vuitton**

„Ég hafði í gegnum þetta alltaf verið í samskiptum við Völu Melstað, yfirhönnuð hjá 66°Norður, ég kynntist henni eftir útskrift. Ég sagði henni að við værum að hugsa um að koma heim. Í millitíðinni er ég fenginn í viðtal til tískuhússins Louis Vuitton, en það var mjög svekkjandi að komast ekki þar inn. Einmitt þá er Vala stödd í París og við ákveðum að hittast og ræða saman.“

Eftir að Bergur og Margrét fluttu heim hafði 66°Norður samband með samstarf í huga, sem Bergur var mjög til í. Hann segir línuna örlítið óhefðbundnari en hinn klassíska 66°Norður fatnað.

„Þetta er meira út í svokallað „streetwear“. Fyrirtækið er auðvitað með frábæran útivistarfatnað sem flestir Íslendingar náttúrulega þekkja. Þetta höfðar eflaust meira til yngri kynslóðarinnar og er í mjög takmörkuðu upplagi.“

Engar tvær flíkur eru alveg eins þótt þær fylgi ákveðnu þema, útliti eða stíl en grafíkin er aldrei alveg sú sama.

„Það var svo líka einstakur heiður að fá að vinna með þeim og ég er þeim mjög þakklátur fyrir að hafa gefið mér það tækifæri.“

Samstarfslína Bergs og 66°Norður fer í sölu í dag klukkan 17.00 í verslun merkisins á Laugavegi.

steingerdur@frettabladid.is



Bergur var á fullu að undirbúa daginn í dag í höfuðstöðvum fatamerkisins í gær.



Línan er fyrst og fremst unisex og henta því flíkurnar báðum kynjum.



Hægt er að kaupa flíkurnar í verslun merkisins á Laugaveginum.




Lancôme fæst ekki í Hagkaup Njarðvík.

**20%** afsláttur af öllum LANCÔME
vörum dagana 29. ágúst - 4. september
*Glæsilegir kaupaukar þegar keypt er fyrir 8.900 kr eða meira.*

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*












# Stórtónleikar til styrktar UN Women fara fram í kvöld

Margar af helstu tónlistarkonum landsins koma fram í kjallaranum á Hard Rock í kvöld. Tónleikarnir eru haldnir af ungmennaráði UN Women, en formaður þess segir að þær hafi allar verið meira en reiðubúnar að taka þátt.



Sigríður Þóra er formaður ungmennaráðs UN Women, en hún segist ánægð með hve margar tónlistarkonur voru reiðubúnar að leggja þeim lið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Matthildur gefur út EP-plötu á næstunni og syngur á Airwaves í ár.




Ungmennaráð UN Women blæs til stórtónleika í kjallara Hard Rock í kvöld. Margar af helstu söngkonum landsins koma fram en þeirra á meðal er hin efnilega Matthildur.

„Ég byrjaði að syngja og semja tónlist fyrir einmitt ári, í ágúst í fyrra. Ég söng lag á plötunni hjá Auði og hef verið í þessu síðan. Sem sjálf, framleiði sjálf og gef út sjálf,“ segir Matthildur.

Á næstunni hjá Matthildi er að gefa út EP-plötu og svo mun hún koma fram á Airwaves-tónlistarhátíðinni í haust. Hún hlakkar mikið til að koma fram í kvöld.

„Ég held að það verði mjög gaman í kvöld og alveg æðislegt að fá að taka þátt. Það er líka gaman að koma fram með svona flottum kvenkyns listamönnum. Allir svo hæfileikaríkir, gaman að vera saman í þessu og safna fyrir svona fallegan málstað,“ segir Matthildur.

Hún segist eiginlega vera spenntust fyrir að sjá hreinlega öll tónlistaratriðin með tölu í kvöld.

„Án gríns, að fá bara að hlusta á alla hina flytja sína tónlist. Ég hlakka mest til þess.“

**Allar til í að taka þátt**

Sigríður Þóra Þórðardóttir er formaður ungmennaráðs UN Women á Íslandi.

„Hlutverk okkar í ungmennaráðinu er að halda uppi fræðslu um málefni UN Women. Við förum til dæmis í grunnskóla og menntaskóla og fræðum krakka á öllum aldri um hvað við erum að gera og hvað er að gerast úti í heimi,“ segir Sigríður.

Hún segir að þeirra starf sé að hjálpa íslensku landsnefndinni í málefnum sem tengjast valdeflingu kvenna. Þau haldi þó líka sína eigin viðburði, en tónleikarnir í kvöld eru stærsta verkefnið til þessa.

„Skipulagning tónleikanna hefur staðið yfir í nokkra mánuði. Ég er spennt að sjá útkomuna í kvöld og held að það sé sjaldséð að sjá svona ótrúlega margar flottar tónlistarkonur koma svona saman í þágu góðs málefnis.“

**HLUTVERK OKKAR Í UNGMENNARÁÐINU ER AÐ HALDA UPPI FRÆÐSLU UM MÁLEFNI UN WOMEN. VIÐ FÖRUM TIL DÆMIS Í GRUNNSKÓLA OG MENNTASKÓLA.**

Hún segir að allar tónlistarkonurnar hafi verið meira en reiðubúnar að taka þátt.

„Þetta eru verðugur málstaður sem samtökin beita sér fyrir. Svo skemmir ekki fyrir að fá að vera með í þessari orku og að svona marga flottar tónlistarkonur séu að sameina krafta sína með þessu móti.“

Tónleikarnir hefjast í kvöld klukkan 20.30 í kjallaranum á Hard Rock Café. Hægt er að kaupa miða á tix.is og við dyr.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

**BYKO**



## VIÐ ÆTLUM AÐ GERA BETUR Í UMHVERFISMÁLUM

Kynntu þér umhverfisstefnu BYKO á **byko.is/umhverfismal**



# VISTVÆN SAMAN

Við erum mjög stolt af því að hafa tekið þátt í því verkefni að byggja fyrsta **umhverfisvottaða** íbúðarhúsið á Íslandi.

visthus.is

## MARKAÐSDAGAR

*Komdu og gramsaðu!*

**Gerðu frábær kaup!**

THE BLUE ANGEL · ENVIRONMENTAL LABEL JURY

EU Ecolabel
www.ecolabel.eu

## UMHVERFIS-VOTTAÐAR VÖRUR

eru sérstaklega merktar í verslunum okkar til að auðvelda þér að finna þær.



VIÐ GERUM OKKAR BESTA TIL

## AÐ JAFNA ÚT KOLEFNISSPOR FÉLAGSINS

## TÆKJAFLOTINN

VERÐUR HÆGT & BÍTANDI

KNÚINN AF

## 100%

HREINNI ORKU



VIÐ SKIPTUM YFIR Í

## BRÉFPOKA




## MINNI SÓUN



BÆTT FLOKKUN OG UMGENGNI

## SJÁLFBÆRIR SKÓGAR

Við kaupum timbur úr vottuðum sjálfbærum skógum því við gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á okkur þegar kemur að loftslagsmálum.

VIÐ SETJUM UPP

## HLEÐSLUSTÖÐVAR

VIÐ VERSLANIR OKKAR

Í apríl opnuðum við tvær hleðslustöðvar fyrir utan verslun **BYKO Breidd** og í maí voru opnaðar tvær stöðvar við verslun **BYKO Selfoss**, þar af ein ***hraðhleðslustöð.*** Við stefnum svo á að opna hleðslustöð við **BYKO Akureyri** á næstunni.



GREIDDU MEÐ on LYKLINUM

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**



Þorbjargar Gunnlaugsdóttur

# Í siðuðum samfélögum

Ég trúi á reglu, venju og vana. Sumt er bara eins og það er. Hver og ein sósa á til dæmis ýmist heima undir eða yfir pylsunni samkvæmt fastmótaðri hefð. Um daginn varð ég samt fyrir því að fá pylsu þar sem sinnepið var undir. Verandi vönduð (og íslensk) tók ég ekki samtalið en hugsaði mitt. Sinnepið undir er auðvitað hreint og klárt siðrof. Síðan hefur hugurinn eðlilega verið við spurninguna: „Hvað næst?“ Mitt framlag í þágu reglu, venju og hins siðaða samfélags er þess vegna eftirfarandi:

1. Flugvellir. Öryggisleit á flugvöllum er alltaf eins. Alltaf. Fólk sem fattar fremst í röðinni að það er með tölvu á botni töskunnar og öll önnur hugsanleg raftæki og tösku stútfulla af drykkjum, sem það þarf að drekka úr við öryggishliðið, á að vera í farbanni.
2. Sundlaugar. Ef það eru margir skápar lausir í klefanum ekki velja skáp við hliðina á næstu manneskju.
3. Ísbúð. Siðað fólk veit hvernig ís/bragðaref það vill. Ekki byrja fyrst að hugsa málið þegar komið er að þér eða spyrja um alla valkosti með hálftíma röð fyrir aftan þig.
4. Fundir. Það er óskiljanlegt að bjóða upp á kaffi og sykur en ekki mjólk. Enginn notar sykur.
5. Ráðstefnur. Ef þú varst ekki beðinn um að halda erindi eða sitja í pallborði ekki þá halda fyrirlestur úr sal (hæ, hálflögmannastéttin).
6. Almenn virðing á heimilum. Eiga súkkulaði handa konum með tíðir.
7. Þvaglát. Ef þú pissar eins og garðúðari ekki nota almenningssalerni.
8. Að lokum er hjartans mál sem ég gef mér að ný stjórnarskrá hljóti að taka á: Ekki segja öðrum hvað þig dreymdi í nótt.




## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.







*Sóma Veislubakkar*

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**



24 bitar fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**



30 bitar fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**VEGANBAKKI**



22 bitar fyrir 5 manns

Kornbrauð, vegan ostur, gúrkur, rauð paprika, salatblanda.
Gróf tortilla, hummus, mangósósa, gúrka, spínat, granatepli.

**ÁVAXTABAKKI**



40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns

Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**



50 bitar fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

